

**SKOÐUN** Oddný Harðardóttir skrifar um endurskoðun laga um lögheimili. 13



**LÍFIÐ** Svavar Örn er ánægður með nýju tískuklippinguna hjá dömum sem kallast síður bobbi. 26



**SPORT** Kári Árnason var hetja Rotherham í enska boltanum um helgina. 22


Til hvers að flækja hlutina?
SJÁLFKRAFA
Í BESTA ÞREP!
365
365.is
Sími 1817



# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Þriðjudagur**
3. mars 2015
52. tölublað 15. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl-júní 2014


**FRÉTTIR**



## Síðbúnar póstsendingar

Enn eru að berast jólakort í sum hverfi á höfuðborgarsvæðinu, en Íslandspóstur hefur beðist afsökunar á því að póstsendingar hafi tafist mánuðum saman vegna mistaka bréfbera. 2

**Taka mið af forstjóralaunum** Formaður Eflingar segir launahækkun forstjóra OR sérkennilega. Hún muni hafa áhrif á kröfur félagsmanna Eflingar. 4

**Þarf nýtt samkomulag** Samninganefnd framhaldsskólakennara fundar á morgun og í framhaldinu með ríkinu. Semja þarf upp á nýtt um vinnumat. 6

**Segir misskilning á ferð** Forstjóri Íslandspósts segir gagnrýni á fyrirtækið byggjast á misskilningi og vera herbragð samkeppnisaðila. 10





12

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | -2° | NV | 7 |
| Akureyri | -3° | NV | 8 |
| Egilsstaðir | -3° | V | 7 |
| Kirkjubæjarkl. | -2° | NV | 7 |
| Reykjavík | -1° | NV | 7 |

**OFANKOMA N-TIL** Í dag verða vestan eða norðvestan 5-13 m/s með snjókomu eða éljum N-til, en bjart veður SV-lands. Frost víðast 0-8 stig. 4

**2 SÉRBLÖÐ**

Bílar | Fólk







**ENGIN EFTIRMÁL** Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu nýtur fulls trausts Ólafar Nordal innanríkisráðherra og engin eftirmál verða af miðlun persónuupplýsinga af hálfu ráðuneytisins. Ólöf svaraði spurningum þingmanna undir liðnum óundirbúnar fyrirspurnir á Alþingi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Fær ekki áminningu

**Ólöf Nordal innanríkisráðherra ber fullt traust til Sigríðar Bjarkar Guðjónsdóttur lögreglustjóra þrátt fyrir að hún hafi ekki haft heimild til miðlunar persónuupplýsinga. Sigríður verður ekki áminnt af ráðuneytinu og engin eftirmál verða.**

**DÓMSMÁL** Engin eftirmál verða af hálfu innanríkisráðuneytisins vegna úrskurðar Persónuverndar um miðlun viðkvæmra persónuupplýsinga frá lögreglunni á Suðurnesjum til fyrrverandi aðstoðarmanns innanríkisráðherra. Þetta segir Ólöf Nordal innanríkisráðherra í samtali við Fréttablaðið.



**SIGRÍÐUR BJÖRK GUÐJÓNSDÓTTIR**

Ólöf segir jafnframt að Sigríður Björk Guðjónsdóttir lögreglustjóri verði ekki áminnt af ráðuneytinu, en áminning er stjórnsýslulegt úrræði sem notast er við hafi embættismaður brotið starfsskyldur sínar með einhverjum hætti.

„Ég met það sem svo að hún hafi afhent þessi gögn í góðri trú með þá vissu að það væri verið að kalla eftir þeim af einhverri ástæðu. Ég ber fullt traust til Sigríðar Bjarkar í því starfi sem hún gegnir og tel að hún hafi unnið þetta af heilindum.“

Ólöf segir niðurstöðu Persónuverndar tilefni fyrir stjórnsýsluna í heild sinni til að endurskoða miðlun trúnaðarupplýsinga.

„Almennt hefur æðra sett stjórnvald ríkar heimildir til að kalla eftir gögnum en þarna er verið að segja að það verði að vera einhver umgjörð um það. Ekki að það megi ekki afhenda slík gögn heldur að umgjörðin verði að vera í lagi,“ segir Ólöf og bætir við að skerpa verði skilin á milli embættismanna sem séu að vinna að tilteknum málum og hins pólitíska hluta ráðuneyta og aðstoðarmanna. Forsætisráðuneytið sé með það á sinni könnu.

„Þegar um viðkvæmar persónuupplýsingar er að ræða koma þær okkur ekkert við nema þær varði tiltekið mál. Þær þarf síðan að skrá rétt í málaskrá. Þetta þurfum við að fara yfir.“

> **Ég ber fullt traust til Sigríðar Bjarkar í því starfi sem hún gegnir og tel að hún hafi unnið þetta af heilindum.**
>
> *Ólöf Nordal, innanríkisráðherra.*

Í úrskurðinum segir að við miðlun gagnanna hafi ekki verið stuðst við viðhlítandi heimild, skortur hafi verið á skráningu um miðlun gagnanna, bæði hjá lögreglunni og ráðuneytinu, og þetta hafi farið í bága við kröfur um upplýsingaöryggi. Þá hafi ekki verið gætt viðunandi öryggis við miðlun gagnanna.

Upplýsingarnar sem um ræðir snerta meðal annars Tony Omos, en hann hefur nú áfrýjað máli sínu gegn Útlendingastofnun og íslenska ríkinu til Hæstaréttar. - fbj

Nýstárlegar kennsluaðferðir:

## Snapchat í kennslustund

**FÓLK** Rakel Tanja Bjarnadóttir, kennari við Álftamýrarskóla, notar samfélagsmiðilinn Snapchat til að kenna nemendum sínum í 5. bekk um netöryggi. Hún fékk nemendurna til að taka mynd á Snapchat-ið sitt sem hún síðan sendi á 15 vini sína í þeim tilgangi að sýna nemendunum hversu langt ein mynd getur farið á netinu. Myndina sendi Rakel um klukkan eitt þann 2. mars. Klukkan 14.50 sama dag var myndin komin á Facebook og búið að deila henni 390 sinnum. „Þetta var eiginlega dálítið klikkað,“ segir Rakel. -asi/sjá síðu 26

Vestfirðingar ósáttir:

## Ekki boðið upp á sónarskoðun

**HEILBRIGÐISMÁL** Engar ómskoðanir verða framkvæmdar á Vestfjörðum það sem eftir er ársins. Eina ljósmóðirin sem sinnti þeirri þjónustu á Heilbrigðisstofnun Vestfjarða sagði upp störfum um áramótin.

Arna Lára Jónsdóttir, formaður bæjarráðs Ísafjarðarbæjar, segir stöðuna hamla því að ungt fólk flytji á svæðið. „Það er algjörlega óásættanlegt að ekki sé boðið upp á sónarskoðun,“ segir hún. - sa / sjá síðu 2

Mikil ólga í Rússlandi:

## Unnusta Nemtsovs í varðhaldi

**RÚSSLAND** Anna Duritskaja, unnusta rússneska stjórnarandstæðingsins Boris Nemtsov sem var með honum þegar hann var myrtur á föstudag er í haldi lögreglu.



Lögregla segir að það sé gert til þess að tryggja öryggi hennar.

Anna sagðist í samtali við rússneska sjónvarpsstöð vera í miklu áfalli og muna lítið eftir atburðinum. „Ég sá ekki neinn, ég veit ekki hvaðan hann kom, hann kom aftan að mér.“ - ngy




## SPURNING DAGSINS



Einar, er allur vindur úr góða veðrinu?

**„Þar til fer að blása á ný.“**

Byrjun ársins og fram yfir miðjan febrúar var sú vindasamasta hér á landi í tuttugu ár samkvæmt athugunum Einars Sveinbjörnssonar á gögnum frá Garðaskagavita.

Skila á endurmati á yfirfærslu á þjónustu við fatlað fólk frá ríki til sveitarfélaga fyrir lok apríl:

# Ríkið taki við á ný náist ekki niðurstaða

**SAMFÉLAG** Verkefnisstjórn um endurmat á yfirfærslu á þjónustu við fatlað fólk frá ríkinu til sveitarfélaganna, sem gerð var 2011 stefnir að því að skila niðurstöðum fyrir lok apríl. Á fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga í síðustu viku segir í bókun að náist ekki niðurstaða fyrir mitt þetta ár um fullnægjandi fjármögnun þjónustunnar til framtíðar, að mati stjórnar sambandsins, verði þegar hafist handa við að undirbúa það að ríkið taki málaflokkinn aftur til sín frá næstu áramótum.

Í minnisblaði sambandsins til fjárlaganefndar síðastliðið haust kom fram að ríkið þyrfti að leggja til um 3 milljarða króna á þessu ári til málaflokksins umfram það sem verið hefur.

„Það var upphaflega ákveðið að flytja 1,2 prósentustig af tekjuskatti ríkisins yfir í útsvar. Við teljum að það þurfi að fara upp í 1,33 prósentustig. Það er mat okkar að það vanti 1,5 milljarða til að hægt sé að standa undir þjónustunni. Það vantar einnig um 150 milljónir króna á þessu ári til tilraunaverkefnisins um notendastýrða persónulega þjónustu og 160 milljónir vegna lengdrar viðveru eftir skóla. Til að standa undir framkvæmdaáætlun vegna breytinga á húsnæðismálum vantar 1,3 milljarða,“ segir Karl Björnsson, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Hann segir stöðu sveitarfélaga misjafna. „Á Vestfjörðum hafa menn hins vegar farið mjög hratt úr plús í mínus.“

- ibs



**FRAMKVÆMDASTJÓRINN** Karl Björnsson, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga, segir að flytja þurfi 1,33 prósentustig af tekjuskatti ríkisins yfir í útsvar.



**BARNAHERMAÐUR** UNICEF krefst þess að börnunum verði sleppt. NORDICPHOTOS/GETTY

Hátt í tólf þúsund börn berjast í borgarastyrjöld í Súdan:

# Ungum drengjum rænt í hernað

**SÚDAN, REUTERS Hundruðum ungra drengja var rænt í Suður-Súdan fyrir tveimur vikum. Talið er að þeir verði notaðir í hernað en nú berjast hátt í tólf þúsund börn í borgarastyrjöldinni sem þar ríkir. Frá þessu greinir UNICEF, Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna, sem krefst þess að börnunum verði sleppt.**

**Í fyrstu var talið að drengirnir væru 89 en nú liggur fyrir að þeir eru mun fleiri. Vígasveit hliðholl stjórnvöldum er sögð hafa rænt börnunum en stjórnvöld segjast ekki hafa tekið þátt í ráninu og hafna öllum ásökunum hvað það varðar. Vitni að ráninu segja mennina hafa farið hús úr húsi og tekið alla drengi, tólf ára og eldri, með valdi.**

- ngy

Öflugri þjónusta væntanleg:

# Belgingur sér um veðurfréttir

**VEÐUR** „Við hlökkum til samstarfsins, en fyrst og fremst er þetta betri þjónusta við okkar lesendur, hlustendur og áhorfendur,“ segir Kristín Þorsteinsdóttir, aðalritstjóri 365, um nýjan samning 365 við veðurfyrirtækið Belging.

Belgingur mun sjá um veðurfréttir á Stöð 2, í Fréttablaðinu og á heimasíðu Vísis. Nýja fyrirkomulagið, sem felur í sér ýmsar nýjungar, verður tekið upp á næstu vikum. Um er að ræða öflugri veðurþjónustu og betri framsetningu en verið hefur. Á sama tíma hefur veðurfréttamönnum á fréttastofu 365 verið sagt upp störfum.

- ngy

Lögreglan leitar ökumanns:

# Ók á dreng og flúði vettvang

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu leitar enn að ökumanni sem ók á gangandi tólf ára dreng og stakk svo af af vettvangi. Atburðurinn átti sér stað á gatnamótum Stigahlíðar og Bogahlíðar í Reykjavík síðastliðið sunnudagskvöld.

Drengurinn kvaðst hafa komið að gatnamótunum og þá hefði fólksbíl verið ekið á hann með þeim afleiðingum að hann kastaðist í götuna.

Drengurinn slasaðist ekki alvarlega, en er tognaður á fæti og marinn á mjöðm. Lögreglan segir hann ekki geta gefið greinargóða lýsingu á bílnum né ökumanninum. Engar vísbendingar hafa borist lögreglu.

- ngy

# Ekki boðið upp á sónar á Vestfjörðum

Sónarskoðun verðandi mæðra á Vestfjörðum er í uppnámi. Þekkingin er ekki til staðar á Heilbrigðisstofnun Vestfjarða. Upp á síðkastið hefur ljósmóðir frá Akranesi komið vestur. Hún hefur nú sagt upp og þarf að þjálfa upp ljósmóður í verkið.

**HEILBRIGÐISMÁL** Ómskoðun verðandi mæðra er í uppnámi á Vestfjörðum eftir að eina ljósmóðirin sem sinnti þeirri þjónustu á Heilbrigðisstofnun Vestfjarða sagði upp um áramótin. Langan tíma tekur að þjálfa upp starfsmann til að sinna þessari þjónustu og eru líkur á því að engar ómskoðanir verði framkvæmdar á svæðinu það sem eftir er þessa árs.

Þröstur Óskarsson, forstjóri Heilbrigðisstofnunarinnar, segir vilja til að þjálfa upp starfsmann til að sinna þessari mikilvægu þjónustu fyrir verðandi foreldra á svæðinu. „Hjá stofnuninni starfa tvær ljósmæður og við viljum að þessi þjónusta sé til staðar á svæðinu,“ segir Þröstur. „Ljósmóðir hefur komið til okkar frá Akranesi upp á síðkastið en hún hefur hætt störfum hjá okkur. Nú þurfum við að þjálfa upp starfsmann en það tekur tíma.“

Eina ómskoðun ársins á Vestfjörðum fór fram síðastliðinn föstudag, 28. febrúar. Þá höfðu 108 dagar liðið frá síðustu ómskoðun. Verðandi foreldrar hafa því allan þennan tíma þurft að sækja þjónustuna til höfuðborgarsvæðisins með ærnum kostnaði.

Líklegt þykir að biðin gæti orðið rúmlega ár eftir að nýr starfsmaður með þjálfun í ómskoðun hefji störf á Vestfjörðum ef þjálfa á ljósmóður á svæðinu. Samkvæmt Landspítalanum er ómskoðun mjög sérhæfð og tæknileg vinna og gert ráð fyrir að þjálfun taki um tólf til átján mánuði.

Edda María Hagalín, verðandi móðir á Ísafirði, segir ástandið ótækt. „Ég hef í tvígang þurft að fara suður til Reykjavíkur í sónarskoðun með tilheyrandi kostnaði og vinnutapi. Einnig hef ég farið án maka í þessi skipti þannig að þennan hluta meðgöngunnar höfum við ekki getað gert þetta saman. Þetta ástand er óviðunandi og það verður að koma á sónarskoðun á Vestfjörðum fyrir barnshafandi mæður á svæðinu. Við getum ekki farið suður þegar okkur hentar því veðrið hefur nú verið ansi erfitt síðustu vikur.“

Arna Lára Jónsdóttir, formaður bæjarráðs Ísafjarðarbæjar, telur stöðuna sem upp er komin í þjónustu við verðandi foreldra á Vestfjörðum óásættanlega og hamla því að ungt fólk flytjist búferlum inn á svæðið. „Það er algjörlega óásættanlegt að ekki sé boðið upp á sónarskoðun og hefur alvarleg áhrif á búsetuskilyrði hér vestra,“ segir Arna Lára. „Við viljum gera bæinn aðlaðandi fyrir ungt fólk til búsetu og hvernig eigum við að gera það þegar ríkisvaldið skerðir grunnþjónustu sem þessa? Verðandi foreldrar munu ekki sætta sig við að ekki sé boðið upp á sónarskoðun og eiga ekki að gera það.“

sveinn@frettabladid.is



**HEILBRIGÐISSTOFNUN VESTFJARÐA** 108 dagar liðu á milli sónarskoðana í vetur. Sónarskoðað var 10. nóvember og svo aftur 28. febrúar. Nú hefur ljósmóðirin sagt upp störfum og verður þjónustan því ekki veitt um sinn.



**Það er algjörlega óásættanlegt að ekki sé boðið upp á sónarskoðun og hefur alvarleg áhrif á búsetuskilyrði hér vestra.**

*Arna Lára Jónsdóttir, formaður bæjarráðs Ísafjarðarbæjar*




Íslandspóstur biðst innilega afsökunar vegna mistaka bréfbera:

# Meira fannst af gömlum pósti

**NEYTENDUR** Íslandspóstur hefur þurft að hafa samband við fjölda fólks vegna þess að starfsmaður fyrirtækisins brást starfsskyldum sínum og bar ekki út póst til fólks. Þó nokkrir hafa fengið afsökunarbeiðni frá Íslandspósti ásamt langþráðum pósti. Jólakort, tímarit og bréf eru meðal þess sem hefur komið í leitirnar og komist til skila. Íslandspóstur gerði viðvart um atvikin um miðjan febrúar og taldi eftir það allan póst hafa komist til skila. Annað hefur komið á daginn og enn er fólki að berast póstur vegna mistaka bréfberans.

Atvikin áttu sér stað í hluta Hlíðahverfis og í þremur póstburðarhverfum í Mosfellsbæ og Grafarvogi.

Hildur Helga Gísladóttir er ein þeirra sem fengu afsökunarbeiðni frá Íslandspósti ásamt pósti sem henni barst ekki á tilteknum tíma. „Ég hef reyndar móttekið nokkur svona bréf og veit um marga aðra sem hafa gert það í gegnum árin. Í báðum tilfellum tímarit, annað kom tveimur mánuðum eftir útgáfudag.“

Í afsökunarbeiðninni er tekið fram að af óviðráðanlegum orsökum hafi ekki verið hægt að koma póstinum til skila. Þá er tekið fram að umræddur starfsmaður starfi ekki lengur hjá fyrirtækinu og að viðeigandi ráðstafanir hafi verið gerðar svo hægt verði að koma í veg fyrir að atvik sem þessi endurtaki sig í framtíðinni.

- kbg



**SÍÐBÚNAR PÓSTSENDINGAR** Þess eru dæmi að fólki berist jólakort nú í mars. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Enginn venjulegur borgari
og ekkert venjulegt tilboð.

St. Louis beikonborgari, franskar,
0,5 l kók og lakkrísdraumur á 998 kr.




PIPAR\TBWA • SÍA • 151064



olís

Norðlingaholti ▪ Álfheimum ▪ Gullinbrú ▪ Mosfellsbæ ▪ Borgarnesi ▪ Selfossi
Akranesi ▪ Stykkishólmi ▪ Skagaströnd ▪ Dalvík ▪ Siglufirði ▪ Neskaupstað ▪ Reyðarfirði

GRILL 66

## SVONA ERUM VIÐ



**460.270** **ungar til slátrunar**

**urðu til í hænsnabúum í janúar.**

Árið 2013 voru ungarnir 422.480 í sama mánuði og er fjölgunin tæplega 38 þúsund fuglar.

Skipulagsnefnd Akureyrarkaupstaðar telur nefndina hafa átt að koma að breytingu á Hafnarstræti 106:

# Ósammála um breytingar á umdeildu húsi

**AKUREYRI** Skipulagsnefndarfulltrúa á Akureyri og skipulagsstjóra bæjarins greinir á um hvort þær breytingar sem skipulagsstjóri samþykkti, án aðkomu nefndarinnar, á umdeildu húsi við göngugötuna á Akureyri, séu smávægilegar eða ekki.

Í nýju miðbæjarskipulagi er lagt til að húsið víki og það talið þungamiðja miðbæjarskipulagsins. Nefndarmenn bókuðu á síðasta skipulagsnefndarfundi að Pétur Bolli Jóhannesson skipulagsstjóri hefði átt að láta skipulagsnefnd vita af umræddum breytingum á húsinu. Skrifuðu nefndarmenn undir greinargerð með bókun sinni.

„Undirritaðir nefndarmenn Skipulagsnefndar og áheyrnarfulltrúi telja breytingarnar þó alls ekki minni háttar heldur þvert á móti verulegar. Þær fela í sér mikla breytingu á notkun og útliti hússins. Þessar verulegu breytingar urðu nefndinni fyrst ljósar eftir að nefndarmenn sáu teikningar af framkvæmdinni í byrjun árs 2015.“

Skipulagsstjóri sagðist hafa fullnaðarheimild til að afgreiða öll byggingarmál.

„Til þess að koma í veg fyrir ágreining af svipuðum toga og um ræðir þurfa verklagsreglur fyrir skipulagsdeild að vera skýrar,“ segir í greinargerð skipulagsstjóra. „Að þessu sögðu mun undirritaður frá næstu mánaðamótum ekki samþykkja nýjar umsóknir um byggingarleyfi er varða breytingar á útliti eða formi mannvirkis nema að undangengnu samþykki skipulagsnefndar.“ **- sa**



**HAFNARSTRÆTI 106** Deilt er um breytingar á umdeildu húsi.



**HÉRAÐSDÓMUR** Maðurinn var dæmdur fyrir að nýta sér ölvun konunnar.

Dæmdur í fangelsi í tvö ár:

## Notfærði sér svefndrunga

**DÓMSMÁL** Marcel Wojcik, tæplega þrítugur karlmaður, var á dögunum dæmdur í héraðsdómi í tveggja ára fangelsi fyrir nauðgun með því að hafa sleikt kynfæri konu þar sem hún lá sofandi í rúmi og notfært sér ölvun og svefndrunga hennar.

Þau höfðu verið saman í partíi hjá sameiginlegum vini á síðasta ári en verið tvö eftir í íbúðinni á meðan aðrir héldu út á lífið. Í dómi héraðsdóms segir að framburður konunnar sé trúverðugur og fái stuðning í framburði vitna og niðurstöðu DNA-rannsóknar. Marcel bar fyrir sig minnisleysi og var framburður hans ekki talinn afdráttarlaus. **- ngy**

## LEIÐRÉTT

Ekki er rétt að mengun hafi fundist í Kópavogslæk í lok janúar eins og sagði í Fréttablaðinu í gær heldur bárust mengunarefni í skolpkerfi bæjarins. „Vart varð við mengun í skolpdælustöð á Kársnesi í Kópavogi og var tilkynnt um hana til réttmætra aðila, það er heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar og Kópavogs, sem hefur eftirlit með starfsemi fráveitukerfisins,“ segir í tilkynningu frá Kópavogsbæ.

Í Fréttablaðinu föstudaginn 27. febrúar var vitnað til Öldu Hrannar Jóhannsdóttur aðstoðarlögreglustjóra í umfjöllun blaðsins um fíkniefnasölu á samfélagsmiðlum. Ekki er rétt að rætt hafi verið við Öldu Hrönn heldur Aldísi Hilmarsdóttur aðstoðaryfirlögregluþjón. Beðist er velvirðingar á þessu.

# Öll laun hækki jafnt og hjá forstjóranum

Formaður Eflingar segir launahækkanir forstjóra Orkuveitunnar sérkennilegar en að þær hljóti að hafa áhrif á kröfur sinna félagsmanna í komandi samningsgerð.

**KJARAMÁL** „Þetta er sérkennilegt á allan máta,“ segir Sigurður Bessason, formaður stéttarfélagsins Eflingar, um launahækkanir Bjarna Bjarnasonar, forstjóra Orkuveitu Reykjavíkur.

Fram kom í Fréttablaðinu á laugardag að laun Bjarna hafa hækkað úr 1.340 þúsund krónum frá því hann settist í forstjórastól OR fyrir fjórum árum í 2,4 milljónir í dag.

„Við sömdum fyrir ári og almenn hækkun var 2,8 prósent og hækkun á launatöflum var frá 4,2 prósentum upp í 5,1 prósent. Í krónutölu var það 9.750 krónur á lægstu launum,“ segir Sigurður.

Frá því Bjarni tók við forstjórastarfinu hefur hann sest í stjórn tveggja dótturfélaga Orkuveitunnar og fær fyrir það 400 þúsund krónur aukalega.

„Það er íhugunarefni að hér áður fyrr féll þetta undir hlutverk forstjóra Orkuveitu Reykjavíkur að sjá um öll þessi fyrirtæki þannig að ég veit ekki hver eðlismunur hafi orðið á starfi hans sem gerir það að verkum að það var nauðsynlegt að greiða sérstaklega fyrir að það væri búið að setja upp þessi þrjú félög,“ segir Sigurður.

Laun Bjarna forstjóra voru sögð hækkuð í samræmi við niðurstöður starfskjaranefndar OR. „Ég veit ekki hvert þessi starfskjaranefnd hefur sótt sínar viðmiðanir, það er að minnsta kosti ekki í almenner launabreytingar á vinnumarkaði,“ segir Sigurður.

Samningar Eflingar við OR eru að renna út. Sigurður býst við að kröfur gagnvart fyrirtækinu verði settar fram í næsta mánuði. „Auðvitað hafa svona ákvarðanir áhrif á það sem gerist í framhaldinu. Forstjórar eru ekkert í öðru samfélagi en við hin. Og ef fyrirtækin eru svona vel stödd til þess að greiða svona launatölur þá er eðlilegt að starfsmennirnir krefjist sambærilegra launabreytinga.“



**BJARNI BJARNASON** Forstjóri Orkuveitunnar fékk launahækkun með nýjum samningi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Fréttablaðið hafði eftir Haraldi Flosa Tryggvasyni, formanni stjórnar OR, að Bjarni væri ákaflega hæfur og það skýrði nauðsyn þess að hækka laun hans. Sigurður segir alla í fyrirtækjum mikilvæga til þess að þau séu vel rekin. Líka starfsmenn á gólfinu:

„Það er einfaldlega enginn misskilningur á því. Ef forstjórinn er ekki með góða starfsmenn þá er lítill árangur í rekstri fyrirtækisins. Þessi rök ná því ekkert mjög langt en menn hafa nýtt sér þau í alltof langan tíma til að draga fram óraunhæfar hækkanir til forstjóra. Menn eiga að sýna af sér hógværð og huga að því að fyrirtækið er ein eining þar sem allir starfsmenn hafa ákveðnu hlutverki að gegna – að sjálfsögðu forstjórinn eins og aðrir en hann á ekki að skapa óeiningu með svona óhóflegum launabreytingum.“



> **Hann á ekki að skapa óeiningu með svona óhóflegum launabreytingum.**
>
> *Sigurður Bessason, formaður Eflingar*

gar@frettabladid.is



**MILLJARÐAMÆRINGUR** Björgólfur Thor er eini Íslendingurinn á lista Forbes.

Björgólfur Thor í 1.415. sæti:

## Einn af ríkustu mönnum heims

**VIÐSKIPTI** Björgólfur Thor Björgólfsson fjárfestir er aftur kominn á lista yfir ríkasta fólk heims samkvæmt nýrri úttekt bandaríska tímaritsins Forbes.

Hann er í 1.415. sæti og er eini Íslendingurinn á listanum. Forbes metur eignir hans á um 173 milljarða íslenskra króna. Björgólfur var á listanum síðast árið 2009 og var þá í 701. sæti.

Bill Gates er enn eina ferðina í toppsætinu en hann hefur verið ríkasti maður heims sextán af 21 síðasta ári. Auðæfi hans jukust um 3,2 milljarða dollara á liðnu ári og nema nú 79,2 milljörðum dollara. **- ngy**

Skiptar skoðanir á Héraði:

## Ekki niðurstaða um klukkuna

**STJÓRNMÁL** „Eftir nokkrar umræður um málið lá engin niðurstaða fyrir og ákveðið að skila ekki umsögn,“ segir í bókun eftir fund bæjarráðs Fljótsdalshéraðs sem í gær tók fyrir beiðni frá Alþingi um að veita umsögn um tillögu þingmanna Bjartrar framtíðar um seinkun klukkunnar og bjartari morgna.

Ef Alþingi samþykkir tillöguna verða morgnarnir bjartari en síðdegin dimmari. **- gar**






## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 24° | Friedrichshafen | 8° | New York | 1° |
| Aþena | 20° | Gautaborg | 4° | Orlando | 27° |
| Basel | 13° | Kaupmannahöfn | 4° | Ósló | 3° |
| Berlín | 7° | Las Palmas | 20° | París | 10° |
| Billund | 4° | London | 7° | San Francisco | 15° |
| Frankfurt | 8° | Mallorca | 24° | Stokkhólmur | 3° |




**Á MORGUN** Hvöss SA-átt og sums staðar stormur S- og SV-til.




**FIMMTUDAGUR** 10-20 m/s.

**STORMUR Á MORGUN** Veðrið verður ágætt á landinu í dag en versnar heldur norðaustan til síðdegis með hvassari vindi og snjókomu. Gengur í suðaustan storm með á morgun með mikilli úrkomu sunnan og suðvestan til.



**Elísabet Margeirsdóttir** veðurfréttamaður

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson svanur@365.is **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Hjalti Egilsson hjalti@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Gunnhildur Geira Dan Þorláksdóttir geira@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Jónatan Atli Sveinsson jonatan@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is




ford.is

20 ára afmæli Ford hjá Brimborg

brimborg

Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.
Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16.

Ford Fiesta, bensín 65 hö/EcoBoost 100 hö, beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,3 l/100 km. $CO_2$ 99 g/km.
Ford Fiesta, EcoBoost bensín 100 hö, sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,9 l/100 km. $CO_2$ 114 g/km.
Tökum allar tegundir bíla uppí nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

**VEISTU SVARIÐ?**



**1.** Hvaða lið hlaut bikarinn í Coca-Cola-bikar kvenna?
**2.** Hvert var umfang póstverslunar við Kína 2013?
**3.** Í hvaða sveitarfélagi á að gera tilraun með styttingu vinnudags án launaskerðingar?

**SVÖR:**
1. Grótta. 2. 292 milljónir króna. 3. Reykjavík.

Í dag eiga fjármálafyrirtæki meira en tíu prósent í 41 félagi í tímabundinni starfsemi:

# Fækkun eignarhluta fjármálafyrirtækja

**VIÐSKIPTI** Viðskiptabankar, sparisjóðir og lánafyrirtæki hafa náð góðum árangri í að fækka eignarhlutum í fyrirtækjum með starfsemi sem fellur ekki undir almennar starfsheimildir þeirra og einungis er heimilt að stunda tímabundið. Þetta kemur fram í skýrslu frá fjármálaráðuneytinu um tímabundna starfsemi fjármálafyrirtækja.

Fjármálafyrirtækjum er heimilt samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki að stunda tímabundið starfsemi í óskyldum rekstri í þeim tilgangi að ljúka viðskiptum eða til að endurskipuleggja starfsemi viðskiptaaðila.

Miðað við stöðuna 1. mars, sjá súlurit, eiga fjármálafyrirtæki hluti í 41 félagi í tímabundinni starfsemi. Félög sem fjármálafyrirtæki eiga minna en tíu prósenta eignarhlut í eru ekki meðtalin í þessari samantekt.

Af umræddum fjölda félaga er 21 félag í yfir 40 prósenta eignarhaldi fjármálafyrirtækis, í 15 félögum er eignarhaldið á bilinu 20 til 40 prósent og í fimm félögum er eignarhaldið tíu til 20 prósent.

Þegar fjöldi eignarhluta fjármálafyrirtækja í félögum í tímabundinni starfsemi þann 1. mars síðastliðinn er borinn saman við fjölda þeirra í nóvember 2011 má sjá að þeim hefur fækkað um 91 félag. Ef þróun síðustu 18 mánaða er skoðuð má sjá að félögum í tímabundinni starfsemi hefur fækkað um 31. -ngy

**EIGNARHLUTIR FJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA**




Handtekinn fyrir ölvun:

## Eftirlýstur ökumaður á ferð

**LÖGREGLUMÁL** Lögregluembættið á Suðurnesjum greindi frá því að lögreglan þar hefði stöðvað og handtekið eftirlýstan ökumann á sunnudag. Ökumaðurinn var handtekinn vegna ölvunaraksturs en hann hafði aldrei öðlast ökuréttindi á Íslandi. Auk þess hafði hann verið sviptur ökuréttindum í heimalandi sínu vegna ölvunaraksturs.

Þá var hann eftirlýstur vegna vararefsingar. Tveir farþegar sem voru í bifreiðinni með honum gátu ekki tekið við akstri hennar því þeir voru einnig ölvaðir. - kbg

Lestraræfingar múslíma:

## Biblía á arabísku rokseldist

**MENNING** Á nítjándu öld hafði Biblían verið þýdd á arabísku í yfir eitt þúsund ár eða jafnvel lengur. Um 1860 var Biblían gefin út í nýrri þýðingu sem náði metsölu í heimi araba, að því er greint er frá á vefnum forskning.is.

Þar er haft eftir Rana Hisham Issa að það hafi ekki bara verið kristnir sem keyptu þessa þýðingu sem þótti auðveld til lestrar, heldur einnig múslímar. Þeim hafi þótt þessi nýja Biblíuþýðing hentug til þess að æfa sig í lestri. Biblían hafi auk þess verið ódýr. - ibs

# Sama samkomulag ekki lagt fram aftur

Formaður Félags framhaldsskólakennara segir að vandlega verði farið yfir þá stöðu sem upp er komin eftir að kennarar höfnuðu nýju vinnumati fyrir helgi. Samninganefnd framhaldsskólakennara fundar á miðvikudag og með ríkinu í framhaldinu.

**KJARAMÁL** Samninganefnd Félags framhaldsskólakennara kemur saman á miðvikudag til að ræða þá stöðu sem upp er komin eftir að vinnumat framhaldsskólakennara var fellt í atkvæðagreiðslu síðastliðinn föstudag. Guðríður Arnardóttir, formaður Félags framhaldsskólakennara, gerir ráð fyrir að í vikunni, eftir fund samninganefndarinnar, verði líka fundað með samninganefnd ríkisins.



**GUÐRÍÐUR ARNARDÓTTIR**

Nýtt vinnumat mætti einna mestri andstöðu hjá kennurum iðngreina, sem töldu það ógagnsætt og fela í sér aukna vinnu. Um leið og vinnumatið var fellt féllu niður launahækkanir sem það átti að hafa í för með sér fyrir kennara, 9,5 prósent strax og tvö prósent til viðbótar um næstu áramót, alls 11,69 prósenta launahækkun.

„Þetta þýðir bara að kjarasamningurinn er laus og að nú þurfum við að endurmeta stöðuna,“ segir Guðríður. Félagið þurfi að greina hvað það hafi verið sem félagsmönnum hugnaðist ekki við nýja vinnumatið. „Ýmsar ástæður geta verið að baki því að fólk sagði nei, og sjálfsagt mismunandi út frá einstaklingum hvað hverjum fannst.“

Hvort stefni í harða deilu við ríkið segist Guðríður ekki þora að spá um. „Fyrir lá samkomulag um vinnumat sem félagsmenn felldu. Þeim bara hugnast þetta ekki. Þá leggjum við eðlilega ekki fyrir sama samkomulagið heldur þurfa að eiga sér stað einhverjar breytingar.“ Þá þurfi að velta fyrir sér hvort stéttin sé yfirleitt tilbúin að fara í breytingar og að hversu miklu marki þurfi að fara í breytingar til að laga kjarasamninga félagsins að nýjum lögum um lengingu skólaársins í 180 daga. Kröfugerð félagsins liggi ekki fyrir.

„Við þurfum að setja okkur samningsmarkmið og til þess að gera það þurfum við náttúrlega að vera með góða yfirsýn yfir stöðuna eins og hún er núna og heyra í okkar félagsmönnum,“ segir Guðríður og bætir við að haldinn verði fulltrúafundur Félags framhaldsskólakennara 19. þessa mánaðar og þá verði tilefni til að fara yfir stöðuna.

„En það mun ekkert draga til tíðinda í þessum mánuði. Við þurfum bara að skoða stöðuna, vanda okkur og taka yfirvegaðar ákvarðanir um næstu skref.“ olikr@frettabladid.is



**Í VERKFALLI** Frá samstöðufundi framhaldsskólakennara í mars í fyrra. Kjarasamningur framhaldsskólakennara er nú laus á ný eftir að nýju vinnumati var hafnað. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### Grunnskólakennarar samþykktu matið

Vinnumat grunnskólakennara var samþykkt síðastliðinn föstudag með 57,8 prósentum greiddra atkvæða. 1.701 sagði já, en nei sögðu 1.160 eða 39,4 prósent. Auðir seðlar voru 81, eða 2,8 prósent. „Vegna þeirra breytinga á vinnuumhverfi kennara, sem kjarasamningurinn felur í sér, hækka laun kennara um 9,5 prósent þann 1. maí næstkomandi og um 2,0 prósent þann 1. janúar 2016,“ segir á vef Sambands íslenskra sveitarfélaga. Að þeim hækkunum loknum hafa laun grunnskólakennara því hækkað um 11,69 prósent.

HRAUNHAMAR
FASTEIGNASALA
Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is

**Jökulhæð 4 – Garðabær – Einbýli**

**Opið hús í dag milli kl. 17 – 17.30**




Glæsilegt einbýli á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr samtals skráð um 300 fermetrar. Húsið er á staðsett á frábærum útsýnisstað í hæðarhverfi í Garðabæ. Eignin skiptist í forstofu, gestasnyrtingu, hol, eldhús, borðstofu, stofu, arinstofu, gang, tvö herbergi, baðherbergi, þvottahús/ geymslu og bílskúr. Á efri hæð er gott sjónvarpshol, þrjú góð herbergi, baðherbergi, hjónaherbergi með fataherbergi inn af. Fallegar innréttingar og gólfefni. **Verð 95 millj.**
Allar nánari upplýsingar veitir Þorbjörn Helgi sölumaður s. 896 0058

**Lerkiás – Garðabær – Raðhús**



Glæsilegt endaraðhús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr samtals 179,7 fm. vel staðsett. Eignin er hönnuð af Hjördísi Sigurðardóttur innanhúsaarkitekt og er smekklega innréttuð með vönduðum innréttingum og gólfefnum. Eignin skiptist í forstofu, hol, stofu, borðstofu, sjónvarpshol, eldhús, snyrtingu, þvottahús og bílskúr. Á efri hæð er hol, hjónaherbergi með fataherbergi inn af, tvö góð barnaherbergi og baðherbergi. **Verð 65 millj.**

**Magnús Emilsson Löggiltur fasteignasali.**

Evrópusambandið eykur kröfur um samtengingar raforkukerfa sambandsins:

# Skýrir áhuga á sæstreng hingað

**ORKUMÁL** Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins (ESB) beinir þeim tilmælum til aðildarríkja sambandsins að þau efli samtengingar flutningskerfa raforku, svo sem með aukinni uppbyggingu sæstrengja.

„Árið 2020 er hverju aðildarríki ætlað að búa að flutningsgetu til annarra ríkja á sem svarar að minnsta kosti 10 prósentum allrar raforku sem framleidd er í landinu,“ segir í umfjöllun Samorku. Stefnunni sé ætlað að efla orkuöryggi og bæta nýtingu raforkukerfa. Með því sé dregið úr þörfinni á að auka vinnslugetu raforku með virkjunum eða öðrum raforkuverum.

Bretland og Írland eru meðal tólf ríkja ESB sem ekki uppfylla kröfurnar í dag. „Ætla má að þessar kröfur, auk kröfunnar um aukinn hlut endurnýjanlegra orkugjafa og aukið orkuöryggi, skýri þann áhuga sem bresk stjórnvöld hafa sýnt á tengingu um sæstreng við Ísland og fleiri ríki,“ segir á vef Samorku. - óká



**GRÍSKAR VINDMYLLUR** ESB leggur áherslu á bætta orkunýtingu og hefur þrýst á margvíslegar aðgerðir til að draga úr mengun. NORDICPHOTOS/AFP




Harðviðarval ehf | Krókhálsi 4 | 110 Reykjavík | Sími 567 1010 | www.parket.is

Bílaframleiðendur fyrir dóm:

# Kæra rangar tölur um eyðslu

**NEYTENDUR** Ítölsku neytendasamtökin Altroconsumo fara fyrir hópmálsókn á hendur bílaframleiðendum sem sagðir eru hafa gefið rangar upplýsingar um eldsneytiseyðslu bíla sinna. Á vef Neytendasamtakanna segir að málið hafi verið þingfest fyrir helgi.

Framleiðendurnir eru sagðir hafa haldið fram 20 til 50 prósentum minni eyðslu en raunin var. „Bílarnir sem voru prófaðir voru Fiat Panda 1.2 og Volkswagen Golf 1.6 TDI,“ segir á vef ns.is. - óká

Blaðamannaverðlaunin 2014 og verðlaunaafhending Blaðaljósmyndarafélagsins fyrir myndir ársins:

# Fordómalaust viðtal og sönn gleðimynd

**FÓLK** Tveir starfsmenn 365 voru meðal þeirra sem hlutu verðlaun fyrir verk sín við afhendingu Blaðamannaverðlauna fyrir árið 2014 og verðlaunaafhendingu Blaðaljósmyndarafélagsins fyrir myndir ársins um helgina.

Ólöf Skaftadóttir blaðamaður hlaut verðlaun fyrir viðtal ársins 2014 sem var við tvíburabræðurna Kára og Halldór Auðar- og Svanssyni. Í viðtalinu lýsa bræðurnir reynslu sinni af geðsjúkdómum af mikilli hreinskilni. Í umsögn dómnefndar sagði að fordómaleysi Ólafar og virðing gagnvart viðfangsefninu hefði skinið í gegnum textann og lýsti það sér ekki síst í léttleikanum sem einkenndi viðtalið.

Vilhelm Gunnarsson ljósmyndari hlaut verðlaun fyrir íþróttamynd ársins. Myndin, sem sýnir Valsmenn fagna þegar þeir urðu deildarbikarmeistarar í handbolta, er sögð sýna samfélagið í kringum íþróttina, samstöðu og sanna gleðistund. Það sem enn fremur gerir myndina heillandi er hve lengi er hægt að virða hana fyrir sér og ávallt sjá nýjan svip, nýtt atriði, nýjan vinkil, að því er segir í umsögn dómnefndar. - ibs



**ÍÞRÓTTAMYND ÁRSINS** Valsmenn fagna sigri. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**VERÐLAUNAHAFAR** Vilhelm Gunnarsson og Ólöf Skaftadóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Landsvirkjun 50 Samtal á afmælisári




Gamla bíó
Miðvikudagur 4. mars, kl. 14–17

Landsvirkjun býður til opins fundar um hvernig fyrirtæki geta unnið gegn losun gróðurhúsalofttegunda og loftslagsbreytingum.

Dagskrá:

Hlutverk Landsvirkjunar í loftslagsmálum
Ragnheiður Ólafsdóttir, Landsvirkjun

Loftslagsbreytingar og áhrif þeirra, hvað er til ráða?
Bjarni Diðrik Sigurðsson, Landbúnaðarháskóla Íslands

Uppgræðsla lands
Jóhann Þórsson, Landgræðsla ríkisins

Breytum lofti í við – kolefnisbinding með skógrækt
Arnór Snorrason, Rannsóknarstöð skógræktar, Mógilsá

Landgræðsluskógar og skógrækt við Búrfell
Einar Gunnarsson, Skógræktarfélag Íslands

Skógrækt undir merkjum Kolviðar
Reynir Kristinsson framkvæmdastjóri

Mýrviður – loftslagsáhrif skógræktar á framræstu mýrlendi
Brynhildur Bjarnadóttir, Háskólanum á Akureyri, Bjarki Þór Kjartansson, Rannsóknarstöð skógræktar, Mógilsá

Endurheimt votlendis
Hlynur Óskarsson, Landbúnaðarháskóli Íslands

Tækifæri og framtíðarsýn íslenskra fyrirtækja í loftslagsmálum
Bryndís Skúladóttir, Samtök iðnaðarins

Umræður
Fundarstjóri er Ragna Sara Jónsdóttir, forstöðumaður samfélagsábyrgðar hjá Landsvirkjun.

Allir velkomnir!

Í tilefni af 50 ára afmæli stendur Landsvirkjun fyrir samtali við þjóðina með opnum fundum.

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is




SAFT



**Á LEIÐ TIL TÍKRIT** Um þrjátíu þúsund manna herlið hyggst hrekja vígasveitir Íslamska ríkisins frá borginni. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Íbúar Tíkrit óttast átökin

Íraski herinn hefur tekið höndum saman við bardagasveitir sjía-múslima um að ná Tíkrit aftur úr höndum Íslamska ríkisins. Hafa stuðning frá Bandaríkjunum.

**ÍRAK** Um 30 þúsund manna lið íraskra hermanna og stuðningsmanna þeirra er byrjað að herja á liðsmenn Íslamska ríkisins í borginni Tíkrit í von um að ná henni aftur úr höndum þeirra.

Tíkrit er heimaborg Saddams Hussein. Vígamenn Íslamska ríkisins náðu henni á sitt vald í júní á síðasta ári. Þar hafa búið um 250 þúsund manns, en ekki er vitað hve mörgum hefur tekist að flýja undan ofríki vígasveitanna. Þetta er ein stærsta borgin sem vígasveitir Íslamska ríkisins hafa náð á sitt vald.

Herinn ætlar að senda 27 þúsund manns en að auki eru um 3.500 herskáir sjía-múslimar sagðir ætla að taka þátt í hernaðinum gegn Íslamska ríkinu. Bandaríkin og fleiri ríki hyggjast styrkja aðgerðirnar með loftárásum.

„Markmið okkar er að frelsa fólk undan þessum hryðjuverkahópum,“ sagði Haidar al Abadi, forsætisráðherra Íraks, á sunnudaginn og lagði á það sérstaka áherslu að vernda þyrfti almenna borgara og hús í Tíkrit.

Fregnir hafa borist af því að íbúar í Tíkrit og nágrenni óttist yfirvofandi átök um borgina og séu þegar byrjaðir að forða sér til norðurs og austurs.

Bandaríkin kynntu nýlega áform um að ná borginni Mosúl, sem er nokkru norðar, úr höndum Íslamska ríkisins með tilstyrk bæði íraska hersins og liðsmanna Kúrdasveita. Þetta myndi gerast í apríl eða í maí, væntanlega í framhaldi af þessum átökum um Tíkrit sem nú eru að hefjast.

Það virðist því ljóst að langvarandi stríðsátök séu að hefjast við vígasveitir Íslamska ríkisins í Írak.

Í gær hvatti Nickolaí Mladenov, fulltrúi Sameinuðu þjóðanna í Írak, alla þátttakendur í þessum átökum til þess að gæta sérstaklega að öryggi almennra borgara.

Þegar liðsmenn Íslamska ríkisins náðu á sitt vald stórum svæðum í vestanverðu Írak á síðasta ári flúðu íraskir hermenn unnvörpum miskunnarleysi innrásarliðsins og skildu víða eftir vopn sín og búnað.

Íbúarnir í þessum hluta Íraks eru flestir súnní-múslimar en stjórnin í Bagdad er að mestu í höndum sjía-múslima, sem njóta stuðnings frá Íran.

Íraski herinn hefur áður reynt nokkrum sinnum að ná Tíkrit úr höndum Íslamska ríkisins, en án árangurs.

gudsteinn@frettabladid.is

Lega eldstöðvarinnar gefur til kynna að gos sé að byrja:

# Miklar líkur á gosi undir jökli

**ELDGOS Ármann Höskuldsson eldfjallafræðingur segir miklar líkur á gosi undir jökli í Bárðabungu og í kjölfarið megi vænta öskufalls og flóða.**

**„Þá fáum við flóð í Jökulsá á Fjöllum og öskufall um leið og vatnið kemst í snertingu við kvikuna,“ segir Ármann. Bárðabunga er eitt stærsta eldfjall landsins og er að mestu leyti hulin jökli.**

**Ármann segir legu eldstöðvarinnar og sögu gosstöðvarinnar gefa það til kynna að eldgos sé á næsta leyti.**

**„Nú er stóra kerfið komið í gang og við þekkjum það í gegnum söguna að þegar kerfið fer í gang þá tekur það fimm til fimmtán ár að losa spennuna og kvikuna. Á þessum forsendum erum við ennþá með mikla skjálftavirkni í Bárðarbungu og á meðan það er enn ókyrrð á svæðinu þá er ekki hægt að afgreiða að þetta sé búið.“** - ngy


ASUS®
STRIX
30% MEIRI KÆLING
GTX 960 · GTX 970 · GTX 980
ASUS STRIX GTX LEIKJASKJÁKORTIN ERU HLAÐIN NÝRRI TÆKNI.
DIRECTCU II FYRIR ALLT AÐ 30% MEIRI KÆLINGU, AUKIN AFKÖST OG
HLJÓÐLÁTARI LEIKJASPILUN. ODB VIFTUTÆKNI FYRIR HLJÓÐLAUSA
LÉTTA LEIKJASPILUN OG BLU-RAY KVIKMYNDAÁHORF. DIGI+ VRM
STRAUMJÖFNUN OG HÁHRAÐA GDDR5.
MÓÐURBORÐ
3 ÁRA ÁBYRGÐ
ÁBYRGJUMST ÁREIÐANLEIKA
LENGRI ÁBYRGÐARTÍMI
3 ÁRA ÁBYRGÐ Á ASUS MÓÐURBORÐUM
ASUS ER STÆRSTI MÓÐURBORÐSFRAMLEIÐANDI HEIMS. TÖLVULISTINN BÝÐUR NÚ Í SAMSTARFI
VIÐ ASUS LENGRI ÁBYRGÐARTÍMA Á ÖLLUM ASUS MÓÐURBORÐUM SEM KEYPT ERU 2015.
VELDU TRAUST OG ÖRUGGT MÓÐURBORÐ OG VIÐ ÁBYRGJUMST ÁREIÐANLEIKANN.
tl.is
TÖLVU LISTINN
REYKJAVÍK SUÐURLANDSBRAUT 26 Sími 414 1700
AKUREYRI GLERÁRGÖTU 30 Sími 414 1730
HÚSAVÍK GARÐARSBRAUT 18A Sími 464 1600
EGILSSTAÐIR KAUPVANGI 6 Sími 414 1735
KEFLAVÍK HAFNARGÖTU 90 Sími 414 1740
SELFOSS AUSTURVEGI 34 Sími 414 1745
AKRANES ÞJÓÐBRAUT 1 SÍMI 431 3333
HAFNARFJÖRÐUR REYKJAVÍKURVEGI 66 Sími 414 1750

Heilbrigðisstofnanir:

## Myndavélaeftirlit víða ólöglegt

**SVÍÞJÓÐ** Notkun eftirlitsmyndavéla á heilbrigðisstofnunum í Svíþjóð er í mörgum tilfellum ólögleg. Eftirlitið var ólöglegt hjá 53 af 195. Sumstaðar hafði leyfi ekki fengist fyrir notkun myndavélanna.

Sérstakt leyfi yfirvalda þarf til að fá að hafa eftirlit með svæðum sem almenningur hefur aðgang að, eins og til dæmis anddyrum, göngum og biðstofum. Yfirvöld þurfa jafnframt að kanna hvort eftirlitið sé löglegt. - ibs

Dæmdur í þriggja og hálfs árs fangelsi fyrir að nauðga 14 ára gamalli stúlku:

## Stúlkan lýsti íbúðinni ítarlega

**DÓMSMÁL** Ingvar Dór Birgisson, þrítugur karlmaður, var dæmdur í þriggja og hálfs árs fangelsi í Héraðsdómi Reykjavíkur þann 19. janúar síðastliðinn, fyrir að nauðga fjórtán ára gamalli stúlku vorið 2010.

Maðurinn, sem var 25 ára þegar brotin voru framin, hitti stúlkuna í tvígang á heimili sínu í miðborg Reykjavíkur. Í fyrra skiptið áreitti hann hana kynferðislega en í hið síðara nauðgaði hann henni.

Maðurinn viðurkenndi að hafa verið í samskiptum við stúlkuna á samfélagsmiðlum en neitaði að hún hefði komið heim til hans. Aðspurður hvernig stúlkan hefði getað gefið greinargóðar lýsingar á húsnæði hans hélt hann því fram að hver sem er ætti auðveldan aðgang að húsnæðinu.

Í dómnum segir að framburður stúlkunnar sé trúverðugur og fái stuðning í gögnum málsins. Engar trúverðugar skýringar hafi komið fram hjá Ingvari Dór á hvernig stúlkan gat lýst húsnæðinu með jafn ítarlegum hætti og hún gerði. - ngy



**HÉRAÐSDÓMUR REYKJAVÍKUR** Maðurinn braut í tvígang gegn stúlkunni í íbúð sinni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Brugðist við ábendingum:

## Ófaglærðir gefi ekki stungulyf

**HEILBRIGÐISMÁL** Áréttað er í bréfi landlæknis til yfirmanna á hjúkrunarheimilum, heilbrigðisstofnunum og sjúkrahúsum að brýnt sé að koma í veg fyrir „lyfjaatvik“ í heilbrigðisþjónustu.

Á vef landlæknis segir að bréfið hafi verið sent 12. febrúar til að bregðast við fjölda fyrirspurna til landlæknis um lyfjagjafir á hjúkrunarheimilum. Af öryggisástæðum mæli embættið gegn því að ófaglært starfsfólk gefi stungulyf. - óká

# Gagnrýnin byggist á misskilningi

Ingimundur Sigurpálsson, forstjóri Íslandspósts, segir að gagnrýni á fyrirtækið byggist á misskilningi að mestu. Eins sé um herbragð samkeppnisaðila að ræða sem séu að koma sér fyrir á markaði. Samkeppniseftirlitið hafi viljað mál Íslandspósts í sáttaferli, ekki fyrirtækið.

Svavar Hávarðsson
svavar@frettabladid.is

Forstjóri Íslandspósts vísar gagnrýni á rekstur fyrirtækisins á bug og heldur því staðfastlega fram að engir árekstrar séu á milli einkaleyfis- og samkeppnishluta rekstursins. Að miklum hluta sé gagnrýni byggð á misskilningi. Um tugur mála er varða Íslandspóst er til skoðunar hjá Samkeppniseftirlitinu eins og Fréttablaðið greindi frá í gær.

**Allt í sama farvegi**

Ingimundur Sigurpálsson, forstjóri Íslandspósts, segir í viðtali við Fréttablaðið að gagnrýni Ólafs Stephensen, framkvæmdastjóra Félags atvinnurekenda, renni í sama farvegi og öll gagnrýni hingað til.

Þar sagði Ólafur í hnotskurn að Íslandspóstur notaði tekjur af einkaréttarhluta fyrirtækisins til að niðurgreiða margvíslega samkeppni við einkafyrirtæki á mörkuðum. Það sem hér er vísað til væri brot á tveimur aðskildum greinum samkeppnislaga – grein sem fjallar um bann við misnotkun fyrirtækja á markaðsráðandi stöðu og annarri um fjárhagslegan aðskilnað.

Ingimundur segir um mjög flókna hluti að ræða en spurningin sé ekki síst sú hvernig niðurgreiðslur séu skilgreindar. „Af því að þetta er flókið þá er það sett í hendur eftirlitsstofnana að hafa eftirlit með okkar rekstri. Á það bæði við um Póst- og fjarskiptastofnun og Samkeppniseftirlitið, og í báðum tilvikum hefur þetta verið lengi til skoðunar vegna þess misskilnings úti á markaðnum um hvernig þessi kostnaðargreining er,“ segir Ingimundur.

**Að taka sér stöðu**

Um sáttameðferðina hjá Samkeppniseftirlitinu, sem hófst árið 2013 vegna mála sem þar eru til skoðunar, segir Ingimundur að lengi hafi staðið yfir viðræður við eftirlitið um þau kærumál sem hafa komið upp. „Frumkvæðið að þessari málsmeðferð var Samkeppniseftirlitsins, en ekki okkar. Síðan hafa staðið yfir samskipti um hvernig hægt væri að gera rekstrarumhverfi Íslandspósts skýrara, þannig að svona kærumál og tortryggni grasseruðu ekki í umhverfinu, sem er mjög bagalegt fyrir okkur sem fyrirtæki og viðskiptavini okkar. En það er engin niðurstaða fengin og ekki augljós niðurstaða sem getur skýrt þetta allt saman svo allir geti við unað. Enda þegar um einkarétt er að ræða, eins og Pósturinn er með og stendur til að afleggja, þá er það hluti af aðferðafræðinni við að koma sér inn á markaðinn að búa til ágreiningsmál og taka sér stöðu. Þó við komust að niðurstöðu er engin trygging fyrir því að ekki verði áframhald á kærum og gagnrýni,“ segir Ingimundur en hafnar því að nefna hvaða fyrirtækis eða fyrirtækja hann vísar til. Alls telur hann að sex mál séu uppi á borðum. Um þessi mál hafi Íslandspóstur fjallað, hvort misbrestur hafi orðið, og ekkert komið upp sem bendir til þess, að sögn Ingimundar.



> Þó við komumst að niðurstöðu er engin trygging fyrir því að ekki verði áframhald á kærum og gagnrýni.
>
> *Ingimundur Sigurpálsson*

**Linnulítil gagnrýni**

Spurður nánar um gagnrýnina, sem hefur verið linnulítil árum saman, og hversu óvægin hún hefur verið segir Ingimundur: „Ég, og við hér, lesum sama tóninn í gegnum öll þessi skrif og teljum okkur sjá þræðina í því. Þetta hefur átt sér margra ára aðdraganda og búið að taka þau í gegnum Samtök verslunar og þjónustu, Samtök iðnaðarins, og núna Félag atvinnurekenda. Eins í gegnum innanríkisráðuneytið, fjármálaráðuneytið og ríkisendurskoðanda. Við höfum orðið varir við alla þessa slóð sem aðallega er tengd einum aðila,“ segir Ingimundur. „Ég hef hins vegar ekki fengið neinar meldingar frá eftirlitsaðilum okkar um að við séum að gera eitthvað rangt; hvorki frá Póst- og fjarskiptastofnun varðandi pósthlutann né Samkeppniseftirlitinu varðandi misnotkun á markaðsráðandi stöðu. Það ferli sem málið er í hjá samkeppnisyfirvöldum þýðir að verið er að leiða málið til lausnar án þess að í því felist einhver brot. Sáttin er tilraun til að skýra málin.“



**PÓSTURINN** Forstjórinn vill einkaleyfi fyrirtækisins burt. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

**Ástæða samkeppnisrekstrar**

„Mín sýn á þetta mál er einfaldlega þannig, og ástæðan fyrir því að við erum í samkeppnisrekstri og ég tala nú ekki um rekstri fyrirtækja sem eru utan þeirrar alþjónustuskyldu sem við höfum, er að hann skilar okkur hundruðum milljóna í tekjur og í beinan hagnað upp á á þriðja hundrað milljóna, eins og ársskýrsla okkar mun sýna. Það kemur beinlínis þeirri starfsemi til góða sem okkur er skylt að halda úti, en enginn vill sinna þar sem tekjurnar standa ekki undir því. Það er hægt að segja við fólk að við séum á kafi í samkeppni þar en það er bara enginn sem við erum að keppa við. Þvert á móti vilja samkeppnisaðilarnir skipta við okkur, af því að það þarf að borga með þessu,“ segir Ingimundur.

Hér er um að ræða eina aðalgagnrýnina á starfsemi Íslandspósts, nefnilega umsvif á samkeppnismarkaði, eða „allt frá póstsendingum og prentsmiðjurekstri til sendibílaþjónustu og sælgætissölu“, eins og Ólafur Stephensen orðar það í grein sinni í Fréttablaðinu.

Fullyrt er úr öllum áttum að ríkið eigi ekki að skipta sér af viðskiptum með þennan varning. „Það er stóra spurningin, af hverju ríkið á að skipta sér. Það er bara allt önnur spurning og hvort ríkið eigi að eiga fyrirtæki eins og Íslandspóst,“ segir Ingimundur.

**visir.is**

Lengri útgáfu viðtalsins má lesa á vísir.is




Netanjahú ávarpar Bandaríkjaþing í dag:

## Óttast samninga við Íransstjórn

**BANDARÍKIN** Benjamín Netanjahú, forsætisráðherra Ísraels, kom til Bandaríkjanna í gær og hyggst ávarpa Bandaríkjaþing í dag. Barack Obama Bandaríkjaforseti ætlar ekki að vera viðstaddur.

Heimsókn Netanjahús hefur verið umdeild, ekki síst vegna þess hve stutt er í þingkosningar í Ísrael. Þær verða haldnar á laugardaginn kemur.

Netanjahú hyggst nota tækifærið til þess að fá bandaríska þingmenn ofan af því að fallast á samninga við írönsk stjórnvöld, sem myndu leyfa Írönum að halda óáreittir áfram kjarnorkuvinnslu. Netanjahú hefur sagt Ísrael vera í stórhættu fari svo að Íranar komi sér upp kjarnorkuvopnum.

Reuters-fréttastofan hefur hins vegar eftir Mohammed Javad Zarif, utanríkisráðherra Írans, að samkomulag muni takast ef Bandaríkjamenn geta hugsað sér að hætta refsiaðgerðum gegn Íran.

„Ef þeir vilja samning, þá verður refsiaðgerðunum að linna,“ sagði Zarif í Genf í gær. „Við teljum að öllum refsiaðgerðum þurfi að aflétta.“ - gb



**BENJAMÍN NETANJAHÚ** Heimsækir Bandaríkjaþing í óþökk Bandaríkjaforseta. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

> Ef þeir vilja samning, þá verður refsiaðgerðunum að linna,“ sagði Zarif í Genf í gær.
>
> *Mohammed Javad Zarif, utanríkisráðherra Írans*



**STÓRT SKREF** Hallmar Sigurðsson, framkvæmdastjóri Arkitektafélags Íslands, og Sverrir Agnarsson, formaður Félags múslima á Íslandi, undirrita samning um samkeppni um teikningu mosku í Sogamýri. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Samkeppni um mosku í Reykjavík

Í maímánuði kemur í ljós hvernig moska í Reykjavík kemur til með að líta út en auglýst hefur verið eftir hugmyndum arkitekta um útlitið. Í moskunni er fyrirhugað að hafa bókasafn, kennslustofu og eldhús.

**REYKJAVÍK** Fjórtán ár eru liðin síðan Félag múslima á Íslandi sótti um byggingarlóð í Reykjavík undir mosku. Samtökin hafa haldið uppi trúarstarfi í mosku sinni í Ármúla 38 frá árinu 2002, en telja staðsetninguna henta illa og vilja byggja bænahús þar sem hægt er að leggja rækt við trúarstarf til langframa. Í gær undirrituðu samtökin og Arkitektafélag Íslands samning um samkeppni um teikningu mosku.

Sverrir Agnarsson, formaður Félags múslima á Íslandi, segir úrslitin verða kunngjörð í maí. „Það er tekið stórt skref með undirritun samningsins, þetta er ákveðinn áfangi. Besta tillagan verður svo valin í maí.“

Í samkeppnisgögnum, sem verða opinber fljótlega á vef Arkitektafélags Íslands, má sjá hvaða skilyrðum arkitektar sem taka þátt í samkeppninni sæta. Moskan má vera tveggja hæða bygging. Hæst má hún vera 19,5 metrar með turni. Veggir mega vera 9,5 metra háir og turninn 5-10 metrar viðbót. Stærð moskunnar má vera 670 fermetrar. Að öðru leyti eru keppendur beðnir um að hafa í huga að byggingin á að vera dæmi um góðan arkitektúr þar sem hugað er að því gróna umhverfi sem moskan mun rísa í.

Lóð Félags múslima á Íslandi er í Sogamýri, við endann á gömlu Suðurlandsbrautinni.

Í moskunni verður hægt að halda úti myndarlegra trúarstarfi en áður. Í moskunni er fyrirhugað að hafa, fyrir utan bænasal, aðstöðu til fyrirlestra og rannsókna, kennslustofu, bókasafn og eldhús auk aðstöðu til að taka á móti gestum.

> ➜ Það er tekið stórt skref með undirritun samningsins, þetta er ákveðinn áfangi. Besta tillagan verður svo valin í maí.

Sérstaklega er tekið fram í samkeppnisgögnum að gestir moskunnar geti komið til moskunnar hvenær sem er til iðkunar trúar sinnar, til bæna eða hugleiðslu og til að lesa í Kóraninum. Reykjavíkurborg úthlutaði lóð til byggingar moskunnar árið 2013, þegar einnig var gert ráð fyrir henni í nýju aðalskipulagi. Bygging hennar hefur verið umdeild og setti ákvörðun Reykjavíkurborgar svip sinn á kosningar til borgarráðs í Reykjavík. Þá sagðist Sveinbjörg Sveinbjörnsdóttir, sem var efst á framboðslista Framsóknarflokksins, vilja beita sér fyrir því að úthlutun lóðarinnar yrði afturkölluð. Nú er ljóst að stórt skref hefur verið tekið í áttina að byggingu mosku á þessum stað.

Fyrsti skilafrestur er þriðjudagurinn 24. mars og sá seinni 28. apríl. Verðlaunafé fyrir bestu þrjár tillögurnar er í heild fimm milljónir króna. Verðlaunafé fyrir bestu lausn verður ekki minna en tvær og hálf milljón íslenskra króna. Samkeppnin stendur yfir til loka apríl og Sverrir segir að bestu tillögurnar verði kynntar í maí.

kristjanabjorg@frettabladid.is


www.vinna.is

vinna.is
sími: 511 1144



# Hvaða tækifæri skapar lægra olíuverð?

Opinn morgunfundur í Hörpu um áhrif lækkandi olíuverðs á hagkerfið og fyrirtækjarekstur.
Norðurljósasalur, fimmtudagur 5. mars kl. 8.30–10.15.

**Dagskrá** #oliufundur



**Opnunarávarp**
Hrefna Ösp Sigfinnsdóttir, framkvæmdastjóri Markaða Landsbankans



**Lækkun olíuverðs – orsakir og afleiðingar**
Daníel Svavarsson, forstöðumaður Hagfræðideildar Landsbankans



**Hvaða áhrif hefur lágt olíuverð á okkur**
Sigríður Hrefna Hrafnkelsdóttir, framkvæmdastjóri smásölusviðs Olís



**Tveggja auðlinda tal**
Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar Icelandair Group



**Samspil sjávarafurða og olíu**
Haukur Þór Hauksson, aðstoðarforstjóri SFS



**Samantekt**
Steinþór Pálsson, bankastjóri Landsbankans



**Fundarstjóri:**
Edda Hermannsdóttir, blaðamaður á Viðskiptablaðinu

**Boðið verður upp á hressingu frá kl. 8.00.**
**Skráning fer fram á landsbankinn.is.**
**Allir velkomnir.**

Landsbankinn landsbankinn.is 410 4000

Hin raunverulega byggðastefna á Íslandi:

# Bankarnir ráða

Grímseyingar lifa í ótta. Með öllu er óvíst hvort byggð helst áfram í eynni. Vilji heimamanna er skýr. Þeir vilja viðhalda byggðinni. Vilji Íslandsbanka er skýr. Hann vill innheimta skuldir Grímseyinga. Bankinn mun ráða. Byggðin er í mikilli óvissu. Tilraun um að viðhalda henni og atvinnu er við að mistakast.

Fyrir fáum árum var drjúgur hluti fiskveiðikvóta Grímseyinga til sölu. Nokkrir heimamenn gerðu hvað þeir gátu, slógu lán og keyptu hluta kvótans. Þar með töldu þeir, og aðrir Grímseyingar, að byggðinni væri bjargað. Dæmið gekk ekki upp. Vonlaust er og var að láta enda ná saman, gera út með öllum kostnaði, borga laun og svo af kvótaláninu við bankann. Innst inni vissu eflaust flestir að svona myndi fara. Bankinn tók þátt, lánaði til kvótakaupanna og hann mun síðastur allra axla sína ábyrgð á því sem gert var. Bankinn tók þátt í öllu með lánveitingunum. Hann verður víst að fá sitt. Bankans er valdið um framtíð Grímseyjar. Ekki heimamanna eða stjórnmálamanna.



Sigurjón Magnús Egilsson

sme@frettabladid.is

Bæjarstjórn Vestmannaeyja, þess sjávarpláss sem einna mestrar velgengni hefur notið, gerir athugasemdir við þetta og finnur greinilega til með Grímseyingum. Í bókun bæjarstjórnarinnar segir að fjármálastofnanir hafi ráðandi vægi í rekstri margra útgerðarfyrirtækja og illu heilli virðist það háð geðþótta þeirra hverjum sé gert kleift að gera út og hverjum ekki. Og þar með virðist byggðaþróun á Íslandi ákveðin í höfuðstöðvum bankanna þriggja. Ekki af Byggðastofnun eða Alþingi. Framgangurinn er í höndum viðskiptabankanna. Þar er ekki spurt um hagsæld fólks eða hvernig er best að byggð þróist, viðhaldist eða ekki.

Ísland hefur verið gagnrýnt fyrir að hafa ekki markverða byggðastefnu. Kannski er hún óþörf. Eftir skuldsetningaræðið í aðdraganda hrunsins er valdið sem fyrr segir hjá bönkunum. Þeirra samfélagslegu skyldur koma á eftir arðsemiskröfu eigendanna.

Bæjarstjórn Vestmannaeyja, sem er tengdari sjávarútvegi en almennt gerist, sér að staðan er afleit. Nú beinist kastljósið að Grímsey, sem er sérlega áberandi tilfelli, síðast var það Djúpivogur, Þingeyri og Húsavík. Hvar það verður næst er vont um að segja, en það verður einhvers staðar.

Enn vantar að tekist verði á um hvað beri að gera. Á að hámarka arðsemi í sjávarútvegi, halda áfram að færa kvótann á færri hendur eða á að nota hann líka til byggðaverkefna? Íslenska ríkið útdeilir fimm prósentum kvótans og tekist er á um hvort auka eigi ríkiskvótann.

Stóri áhrifavaldurinn í byggðaþróun eru bankarnir. Þeir ráða mestu vegna skuldsetningar fjölda útgerða, oft útgerða sem eru örlagavaldar um hvort byggð helst á viðkomandi stað eða ekki. Grímsey er skýrt dæmi um það.

„Þar með ráða þessar fjármálastofnanir orðið byggðaþróun á Íslandi í gegnum lánsveð í aflaheimildum. Þau tengsl sem hingað til hafa verið milli útgerða og íbúa sjávarbyggða eru þar með rofin,“ segir bæjarstjórn Vestmannaeyja og lýsir þar með ágætlega hinni raunverulegu byggðastefnu á Íslandi. Fyrsti liður hennar tryggir að rukkararnir fái sitt og svo er séð til með aðra. Þetta er vonlaust fyrirkomulag. Að baki er fólk sem á allt sitt undir öðrum framgangsmáta.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Sigurjón M. Egilsson *sme@frettabladid.is.* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

BFS BRÚ – FÉLAG STJÓRNENDA

**AÐALFUNDUR**

**Brú félag stjórnenda heldur aðalfund sinn mánudaginn 16. mars kl. 19:00 í húsnæði félagsins að Skipholti 50d**

**DAGSKRÁ:**

Venjuleg aðalfundastörf
Kosning til stjórnar

**Kjósa skal um:**

- Formann til 2ja ára
- Ritara til 2ja ára
- Varamann til 2ja ára

**Félagar fjölmennum !!**

***Stjórnin.***

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Bændur blása til sóknar

Sindri Sigurgeirsson, fjárbóndi og formaður Bændasamtakanna, blés til sóknar gegn versluninni, sem er jú veigamesti þátturinn í að koma vörum bænda til okkar neytenda. Hann fullyrðir að forráðamenn verslunarinnar hugsi á allt annan hátt en þeir tala. Þeir beri ekki hag neytenda fyrir brjósti, heldur einungis eigin hag. Segja má að Sindri og hans fólk hafi nú stigið áður óþekkt skref. Þeir hnykla vöðvanna, segjast ekki gefa fet eftir hvað varðar verndartollana. Víst er að þeir hafa tryggt bakland þar, sjálfan flokk landbúnaðarráðherra og forsætisráðherra, sem báðir taka undir með bændum Íslands.



### Að vonum

Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda, hefur farið fyrir gagnrýni á verndartolla.

„Það eru gríðarlega háir tollar á innfluttum búvörum, jafnvel búvörum sem eru ekki framleiddar á Íslandi, jafnvel búvörum sem er skortur á á Íslandi.“ Álagning á innfluttar búvörur er samt meiri en á innlendar búvörur, að sögn Sindra Sigurgeirssonar. Innflutningur var með mesta móti í fyrra án þess að verðið lækkaði. Ólafur segir það ekkert skrýtið. Tollarnir eru áfram um 50 prósent á kjúklingi og milli 30 og 40 prósent á innfluttu svínakjöti. „Sindri verður bara að biðja landbúnaðarráðherra að laga það ef hann vill að innflutningurinn lækki í verði.“



### Eigin skrímsli

Jónas Kristjánsson ritstjóri liggur ekki á skoðunum sínum. Hann segir fyndið að stjórnmálamenn heimti aðgerðir gegn eigin skrímslum. „Bankarnir eru bezta dæmið um slík skrímsli. Fyrrverandi ríkisstjórn gerði ekki handtak til að bremsa bankana og núverandi ríkisstjórn hefur ekki heldur lyft hendi til þess. Samt þykjast pólitíkusar fjórflokksins geta rifið sig hása um bankana. Þar fer auðvitað fremstur Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætis, sem frægastur er fyrir að vera enn í stjórnarandstöðu. Hann segir framkomu bankanna ótæka og ekki ásættanlega. Tekur svo fram, að hann sé sjálfur valdalaus.“ Þannig skrifar Jónas.

sme@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Vertu velkominn

SAMFÉLAG



**Silja Dögg Gunnarsdóttir**
þingmaður Framsóknarflokksins

Ég ætla að segja ykkur litla lífsreynslusögu. Hún gerist fyrir tuttugu árum í Austurríki. Ég stundaði þar nám um tíma, í borginni Graz sem er í austurhluta landsins, skammt frá landamærum Ungverjalands. Múrinn hafði fallið fáum árum áður og mikill fjöldi fólks leitaði frá austri til vesturs í von um betra líf.

Ég var upptekin af hinu bráðskemmtilega stúdentalífi og velti lítið fyrir mér aðstæðum Austur-Evrópumanna. Ég var frá Íslandi, fékk alls staðar hlýjar móttökur, og já, var bara nokkuð montin af því að vera Íslendingur. Það þótti þá, og þykir enn, svolítið töff.

Svo var það dag einn að ég fór í litla sérvöruverslun og bauð góðan dag. Talaði þýskuna með hörðum hreim, var alls ekki austurrísk í útliti, hvað þá skandinavísk, með mitt svarta hár. Af útlitinu og hreimnum mátti dæma að ég kæmi „að austan“. Í sakleysi mínu beið ég róleg eftir afgreiðslu og áttaði mig ekki strax á því kuldalega viðmóti sem ég fékk. Eftir dúk og disk fékk ég afgreiðslu og eftir nokkra stund kom fram að ég væri frá Íslandi. Og viti menn! Viðmótið breyttist á svipstundu. Ég fékk bros, almennilegheit og já, framkomu sem allir eiga rétt á að fá; hvernig sem þeir líta út, hvaðan sem þeir koma og hverjir sem þeir eru.

**➜ Svona er þá að vera hataður. Svona er þá að vera útlendingur. Þarna lærði ég mína lexíu. Ég óska engum þess að verða fyrir fordómum. Hvað á fólk með að dæma aðra út frá ytri mælikvörðum?**

Svona er þá að vera hataður. Svona er þá að vera útlendingur. Þarna lærði ég mína lexíu.

Ég óska engum þess að verða fyrir fordómum. Hvað á fólk með að dæma aðra út frá ytri mælikvörðum? Hver einasta manneskja er einstök.

Aðflutningur erlendra ríkisborgara til Íslands á 21. öldinni er nærri helmingi íbúafjölgunar á Íslandi. Á síðasta ári var hlutfall erlendra ríkisborgara á Íslandi 7,4%. Þess má einnig geta að fjöldi leik- og grunnskólabarna með erlent ríkisfang hefur sjöfaldast á öldinni. Nú hafa 11% leikskólabarna og 6% grunnskólabarna annað móðurmál en íslensku.

Fjölmenningarsamfélag er framtíðin. Við eigum að taka vel á móti fólki sem hér vill búa og og hjálpa því á allan hátt við að aðlagast íslensku samfélagi. Það eykur hagvöxt og síðast en ekki síst auðgar það menningarlífið og víkkar sjóndeildarhring okkar allra.

**FRÉTTABLAÐIÐ** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARFRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Erla Björg Gunnarsdóttir *erla@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# TiSA

PJÓNUSTA



Ögmundur Jónasson
alþingismaður

**➜ Ef ríki taka ekki sérstaklega fram að þau vilji undanþiggja tiltekna þjónustu skoðast það sem samþykki fyrir markaðsvæðingu hennar.**

TiSA hljómar einsog kisa. Kisa og TiSA eiga ýmislegt sameiginlegt, fara hljóðlega um, læðast og læðupokast, saklaus á að sjá, þótt í eðlinu sé að finna grimma og óvægna þætti. Það þekkja smáfuglarnir þegar kisa er annars vegar.

Aðstandendur TiSU segja að hún sé einsog kisulóra, besta grey og sárasaklaus. Ekki þykir vanmáttugum og fátækum ríkjum svo vera. Og sama gildir um verkalýðshreyfingu í okkar heimshluta sem vill standa vörð um velferðarþjónustu og sporna gegn því að fjármagnsöfl geri sér hana að féþúfu á kostnað félagslegra þátta.

TiSA er skammstöfun úr enska heitinu Trade in Services Agreement sem á íslensku heitir samkomulag um verslun með þjónustu. Þetta átak til að ná samkomulagi um að markaðsvæða þjónustu á heimsvísu, var sett af stað eftir að svokallaðir GATS-samningar (General Agreement of Trade in Services) undir handarjaðri Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, WTO, sigldu í strand í kjölfar gríðarlegra mótmæla.

Við svo búið bundust ríkustu 50 þjóðir heimsins samtökum um að ná samningum sín í milli sem síðan yrði þröngvað upp á 73 ríkin sem aðild eiga að GATS-viðræðunum en ekki TiSA. Íslendingar taka þannig þátt í að bregða fæti fyrir hinn snauða heim.

**Óafturkræf skuldbinding**

TiSA og GATS eiga sitthvað sameiginlegt. Í fyrsta lagi, leyndina. Það hefur einkennt GATS-samningana að reynt hefur verið að fá niðurstöður áður en almenn lýðræðisleg umræða fer fram. Við vissum lítið um samningana ef Wikileaks hefði ekki upplýst okkur. Í öðru lagi eiga GATS og TiSA það sameiginlegt að skuldbinding um markaðsvæðingu er óafturkræf. Hafi ríki skuldbundið sig til að markaðsvæða tiltekna þjónustu, hvort sem það er ferðaþjónusta, bankaþjónusta, heilbrigðisþjónusta eða annað þá er ekki samkvæmt þessum samningum hægt að afturkalla skuldbindingu sína. Reyni ríki að gera slíkt má reikna með skaðabótakröfu á hendur því.

Það sem er hins vegar ólíkt með GATS og TiSA er að í GATS-samkomulaginu var undirritaður grunnsamningur og aðildarríkin voru síðan sjálfráð um hve langt þau vildu ganga í að skuldbinda sig til markaðsvæðingar. Í TiSA er þessu öfugt farið. Ef ríki taka ekki sérstaklega fram að þau vilji undanþiggja tiltekna þjónustu skoðast það sem samþykki fyrir markaðsvæðingu hennar. Og markaðsvæðing þýðir að niðurgreiðslur eru bannaðar nema eitt verði yfir alla samkeppnisaðila látið ganga, Landspítalann til jafns við Orkuhúsið.

Íslensk stjórnvöld hafa greint frá því að þau hafi undanskilið tiltekna grunnþætti heilbrigðisþjónustunnar fyrir sitt leyti. Það er vel. Þó er þess að geta að áhöld eru um að fyrirvarar Íslands varðandi heilbrigðisþjónustuna kæmu til með að halda, því samkvæmt þeim upplýsingum sem nú eru farnar að berast frá TiSA-viðræðunum sækja þau nú í sig veðrið sem vilja gera heilbrigðisþjónustu að alþjóðlegri viðskiptavöru. Þessir aðilar hafa reynst furðu seigir að ná sínu fram bakdyramegin.

Verkalýðshreyfingin víða um heim er þegar byrjuð að reisa sig vegna þessa. Vonandi verður svo einnig hér á landi.

# Ekki bara fyrir Dorrit

LÖGHEIMILI



Oddný G. Harðardóttir
alþingismaður

**➜ Það hefur einnig færst í vöxt að hjón eða sambýlisfólk vinni í sitt hvoru sveitarfélaginu. Þessar kröfur hafa því gert það að verkum að maki starfsmanns hefur þurft að flytja lögheimili sitt til sama sveitarfélags þrátt fyrir að bækistöð hans sé í raun í öðru sveitarfélagi eða jafnvel slíta samvistum við starfsmanninn.**

Síðastliðið haust mælti ég fyrir þingsályktunartillögu um að Alþingi feli innanríkisráðherra að setja á fót starfshóp sem undirbúi endurskoðun laga um lögheimili, nr. 21/1990, með það að markmiði að hjónum verði gert fært að eiga lögheimili hvort á sínum staðnum, hvort heldur er þegar bæði hafa bækistöð innan lands eða þegar annað hefur bækistöð erlendis. Einnig verði lagðar til breytingar á öðrum lögum sem þarf að breyta til að markmiðinu verði náð. Þingsályktunartillagan er nú til umræðu í allsherjar- og menntamálanefnd. Hana má finna á þessari slóð og þar er einnig hægt að skoða innsendar umsagnir um málið: http://www.althingi.is/dba-bin/ferill.pl?ltg=144&mnr=33.

Lög um lögheimili hafa staðið óbreytt í um aldarfjórðung. Á þeim tíma hafa átt sér stað miklar breytingar á þjóðfélagsaðstæðum, enda hefur þjóðin síðan þá gerst aðili að EES-samningnum, netvæðst og upplifað bankahrun svo fátt eitt sé nefnt. Síðustu ár hefur nokkuð borið á því að hjón hafi lent í vandræðum vegna ákvæðis 7. gr. laganna þar sem segir að hjón eigi sama lögheimili. Vinnuveitendur sem ráða til sín starfsfólk hafa stundum krafist þess að það skrái lögheimili sitt í því sveitarfélagi þar sem starfsemi vinnuveitandans á sér stað. Það hefur einnig færst í vöxt að hjón eða sambýlisfólk vinni hvort í sínu sveitarfélaginu. Þessar kröfur hafa því gert það að verkum að maki starfsmanns hefur þurft að flytja lögheimili sitt til sama sveitarfélags þrátt fyrir að bækistöð hans sé í raun í öðru sveitarfélagi eða jafnvel slíta samvistum við starfsmanninn. Þessar kringumstæður letja mögulega sambýlisfólk til að ganga í hjónaband þar sem að því fylgi breyting á lögheimili.

**Tími til endurskoðunar**

Í kjölfar bankahrunsins þurftu margir að sækja sér vinnu utan landsteinanna. Oft heldur þá annað hjóna utan á meðan hitt býr hér heima áfram ásamt börnum. Í sumum löndum er þess krafist að þeir sem ætla sér að sinna atvinnu innan landamæra þeirra flytji lögheimili sitt þangað. Svo háttar t.d. til í Noregi en margir Íslendingar hafa sótt atvinnu þangað. Enga heimild er hins vegar að finna í lögum um lögheimili til að skrá lögheimili hjóna í mismunandi löndum. Slíkt hefur hins vegar verið heimilað í mörgum tilvikum á grundvelli venju, óskráðrar réttarheimildar.

Kominn er tími til að taka lögin um lögheimili til endurskoðunar. Líklegt er að endurskoðunin hafi í för með sér að breyta þurfi ákvæðum annarra laga, t.d. ábúðarlaga, laga um tekjuskatt og laga á sviði almannatrygginga. Það að hjónum sé heimilt að eiga lögheimili hvort á sínum stað er hagsmunamál margra, bæði einstaklinga og sveitarfélaga ef svo ber undir. Heimildir hafa fengist um slíkt á milli landa. Forseti Íslands og eiginkona hans eru t.d. ekki með sama lögheimili.

Ég vil að heimildin verði almenn og valfrjáls og eigi ekki aðeins við þegar hjón starfa í hvort í sínu landinu. Það er von mín að þingsályktunartillagan verði samþykkt á þessu þingi og að frumvarp um breytinguna komi fram sem fyrst. Flutningsmenn tillögunnar eru úr öllum stjórnmálaflokkum sem sæti eiga á Alþingi. Pólitískur ágreiningur ætti því ekki að tefja afgreiðslu málsins.

## AF NETINU

### Persónubundin viðkvæmni



Þegar bílar sumra ungmenna aka um göturnar þannig að þungur bassa- og trumbusláttur inni í þeim lokuðum berst svo um alla götuna, að manni finnst eins og þeir bólgni út í taktinum eins og hjarta, sem slær, velti ég því fyrir mér hvers konar meðferð þetta sé á heyrn ungmennanna og hvort slíkan ógnarhávaða þurfi til að heyra tónlist inni í jafn litlu og lokuðu rými og einn fólksbíll er.

Líklegast getur hávaði verið fíkn, eins og til dæmis á svokölluðum skemmtistöðum, þar sem fólk stendur í stöppu á dansgólfi og getur ekki talað saman fyrir yfirgengilegum hávaða langvarandi síbyljutakts, þar sem sama lagið virðist ganga tímunum saman í einskonar e-pillu hugarástandi samkomugesta og skemmtilegustu stundirnar eru í biðröðunum fyrir utan þar sem er þó möguleiki á að tala við fólk.

http://omarragnarsson.blog.is

*Ómar Ragnarsson*

### Allir án ábyrgðar

Fyndið er, þegar stjórn og stjórnarandstaða heimta aðgerðir gegn skrímslum, sem þau hafa sjálf alið. Bankarnir eru bezta dæmið um slík skrímsli. Fyrrverandi ríkisstjórn gerði ekki handtak til að bremsa bankana og núverandi ríkisstjórn hefur ekki heldur lyft hendi til þess. Samt þykjast pólitíkusar fjórflokksins geta rifið sig hása um bankana. Þar fer auðvitað fremstur Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætis, sem frægastur er fyrir að vera enn í stjórnarandstöðu. Hann segir framkomu bankanna ótæka og ekki ásættanlega. Tekur svo fram, að hann sé sjálfur valdalaus. Ábyrgðina beri einhver óviðkomandi Bankasýsla ríkisins!

http://www.jonas.is/

*Jónas Kristjánsson*


**Hvernig má staðfesta að pyndingum sé ekki beitt?**

Íslandsdeild Amnesty International og Mannréttindaskrifstofa Íslands standa fyrir málþingi um mikilvægi fullgildingar valfrjálsrar bókunar við samning Sameinuðu þjóðanna gegn pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu. **Málþingið fer fram í Öskju, stofu 132, Háskóla Íslands föstudaginn 6. mars næstkomandi frá kl. 12 til 14.** Bókuninni er ætlað að styrkja aðgerðir til að koma í veg fyrir og útrýma pyndingum með því að koma upp reglubundnu eftirliti í aðildarríkjunum. Flest ríki Evrópu utan Íslands hafa fullgilt bókunina, þar af öll Norðurlöndin, nú síðast Finnland í október síðastliðnum.

**Dagskrá:**

| | |
|---|---|
| 12.00 | Fundarstjóri býður gesti velkomna |
| 12.05–12.25 | **The police and torture in Europe – do we really need a National Preventive Mechanism?** Dr. Anja Bienert, yfirmaður Mannréttinda- og löggæslusviðs Hollandsdeildar Amnesty International |
| 12.25–12.45 | **Viðgangast pyndingar á Íslandi? Af hverju skiptir fullgilding bókunarinnar máli?** Sigurður Örn Hilmarsson, héraðsdómslögmaður og eigandi að lögmannsstofunni Rétti |
| 12.45–13.00 | Kaffihlé |
| 12.00–13.20 | **Refsivist eða betrun – hugleiðingar um aðbúnað í íslenskum fangelsum** Erla Kristín Árnadóttir, lögfræðingur og staðgengill forstjóra Fangelsismálastofnunar |
| 13.20–13.40 | **Innleiðing alþjóðasáttmála á sviði mannréttinda frá sjónarhóli stjórnsýslunnar** Haukur Guðmundsson, hdl. Lagastoð |
| 13.40–14.00 | Umræður og fyrirspurnir |

Fundarstjóri Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastjóri Mannréttindaskrifstofu Íslands.

**Málþingið er opið öllum meðan húsrúm leyfir.**
**Erindi Önju Bienert er á ensku.**

MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

AMNESTY INTERNATIONAL

# TÍMAMÓT



✝

Eiginmaður minn,

**GUÐMUNDUR PÁLMASON**
**Kirkjubraut 12, Akranesi,**

sem lést fimmtudaginn 26. febrúar, verður jarðsunginn frá Akraneskirkju föstudaginn 6. mars kl. 14.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á minningarkort Heilbrigðisstofnunar Vesturlands, Akranesi.

**F.h. aðstandenda,**
**Sólrún Engilbertsdóttir**



✝

Elskulegur bróðir okkar, mágur og frændi,

**VALGARÐUR FRIÐJÓNSSON**
**ketil- og plötusmiður,**

lést á gjörgæsludeild Landspítalans laugardaginn 21. febrúar. Útförin fer fram frá Fossvogskapellu fimmtudaginn 5. mars kl. 13.00.

**Margrét Erla Friðjónsdóttir** **Þorkell Júlíusson**
**Áslaug Dóra Aðalsteinsdóttir**
**Guðrún Hildur Friðjónsdóttir**
**Friðdís Jóna Friðjónsdóttir** **Einar Jóelsson**
**Friðjón Gunnar Friðjónsson**
**og systkinabörn hins látna.**



✝

Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts eiginmanns míns, föður, bróður og afa,

**TORFA Þ. ÓLAFSSONAR**

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki á Litlu-Grund.

**Guðrún E. Kristinsdóttir**
**Sæbjörn Torfason**
**Ingólfur R. Torfason**
**Kristinn G. Torfason**
**Elísabet Ingólfsdóttir**
**og barnabörn.**



✝

Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, systir, amma, langamma og langalangamma,

**GUÐRÚN HULDA BRYNJÓLFSDÓTTIR**
**Grenigrund 25, Selfossi,**

lést á Fossheimum, Heilbrigðisstofnun Suðurlands, að morgni sunnudagsins 1. mars.

**Árni Sigursteinsson**
**Kristín Árnadóttir**
**Brynjólfur Tryggvi Árnason** **Hreindís Elva Sigurðardóttir**
**Gunnar Þór Árnason** **Anna Sigurðardóttir**
**Árni Árnason** **Ragnhildur Magnúsdóttir**
**Sigrún Árnadóttir** **Sveinbjörn Friðjónsson**
**Sólrún Árnadóttir**
**Bryndís Brynjólfsdóttir** **Hafsteinn Már Matthíasson**
**og fjölskyldur.**



**EINLEIKARARNIR** Lilja og Ásta Kristín ætla að taka því rólega í dag og undirbúa sig andlega undir kvöldið.

# Heiður að spila einleik á hátíðartónleikunum

**Tónlistarskólinn í Reykjavík fagnar 85 ára afmæli með hátíðartónleikum hljómsveitar skólans í kvöld í Hörpu. Einleikarar eru Ásta Kristín Pjetursdóttir og Lilja Cardew.**

„Þetta er fyrsta skipti sem ég kem fram með stórri hljómsveit og spila fyrir svona margt fólk,“ segir Ásta Kristín Pjetursdóttir 19 ára sem spilar á víólu. Hún verður einleikari á hátíðartónleikum Tónlistarskólans í Reykjavík í Norðurljósasal Hörpu í kvöld klukkan 20, ásamt Lilju Cardew 16 ára á píanó. „Við erum að halda hátíðartónleika því skólinn er að verða 85 ára og við erum með glæsilega sinfóníuhljómsveit sem ætlar meðal annars að flytja 5. sinfóníu Beethovens, Örlagasinfóníuna,“ segir Lilja sem einnig segir einleikinn í kvöld meðal stærstu verkefna sem hún hafi tekist á við. „Það er mikið búið að æfa en það hefur verið skemmtilegt,“ segir hún.

Tónlistarskólinn í Reykjavík er elsti starfandi tónlistarskóli landsins, stofnaður haustið 1930. Nemendahljómsveit tók til starfa við hann árið 1942 og því er hún ein elsta starfandi hljómsveit á landinu.

Auk 5. sinfóníunnar eru Píanókonsert nr. 2 op 102 eftir D. Sjostakovitsj og Rómansa op 85 eftir M. Bruch á efnisskránni í kvöld.

„Það eru alltaf sinfóníutónleikar á hverri önn, yfirleitt hafa þeir verið í Neskirkju en nú eru þeir í Hörpu enda er stórafmæli,“ útskýrir Ásta Kristín.

Lilja hefur unnið til verðlauna í EPTA-keppni og Ásta Kristín var í kvartett sem sigraði í Nótunni síðastliðið vor. Báðar sigruðu í einleikarakeppni innan skólans, koma því fram á hátíðartónleikunum og finnst það mikill heiður.

Þær eiga fleira sameiginlegt en tónlistarnámið því þær stunda báðar fjarnám við Fjölbraut í Garðabæ. „Það er mjög hentugt,“ segir Lilja. Ásta Kristín tekur undir það. „Tónlistarskólinn er minn aðalskóli og ég fæ námið þar mikið metið í FG, það er ég þakklát fyrir.“ Hún stefnir á að útskrifast úr báðum skólunum í vor. „Tónlistin er bara lífið mitt,“ segir hún og kveðst hlusta á alls konar músík. En líka hafa gaman af að vera með vinunum og gera eitthvað skemmtilegt með þeim.

> **Við erum með glæsilega sinfóníuhljómsveit sem ætlar meðal annars að flytja 5. sinfóníu Beethovens, Örlagasinfóníuna.**

Lilja lætur sér ekki nægja að vera í nemandi í tveimur skólum heldur er hún að kenna tónlist líka í Do Re Mi. „Ég er bara að leysa af,“ tekur hún fram. Hún ætlar að taka 7. stig á píanó í vor og hefur hug á að fara til Parísar í haust í framhaldsnám, þá nýorðin 17 ára. Spurð um fleiri áhugamál en tónlistina svarar hún: „Ég hef gaman af myndlist og teikna og mála þegar ég hef tíma.“

Þær stöllur segjast hlakka til kvöldsins en fram að því ætla þær að slaka á og hugsa jákvætt. Tónleikarnir hefjast klukkan 20. Stjórnandi er Joseph Ognibene. Aðgangur er ókeypis og öllum heimill.

**gun@frettabladid.is**



✝

Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**HALLDÓR STEFÁN PÉTURSSON**
**Arahólum 4, Reykjavík,**

lést 26. febrúar. Útförin fer fram frá Fella- og Hólakirkju fimmtudaginn 5. mars klukkan 13.00. Blóm og kransar afþakkaðir en þeir sem vilja minnast hans eru beðnir um að láta Félag nýrnasjúkra njóta þess, reikn. 334-26-1558, kt. 670387-1279.

**Ólöf Sigurðardóttir**
**Pálmar Halldórsson** **Harpa Sif Sigurvinsdóttir**
**Bára Halldórsdóttir**
**Ingibjörg Edda Halldórsdóttir**
**Birna Halldórsdóttir**
**Guðbjörg Sigurðardóttir** **Ottó Guðjónsson**
**afabörn og langafabörn.**



✝

Ástkær móðir, tengdamóðir og amma,

**GUÐBJÖRG (BUBBA) ÞÓRHALLSDÓTTIR**
**Aðalgötu 1, Keflavík,**

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja fimmtudaginn 12. febrúar sl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Hjartans þakkir til starfsfólks D-deildar og heimahjúkrunar á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja fyrir góða umönnun og stuðning.

**Baldur Kristjánsson** **Svala Björgvinsdóttir**
**Sigríður Baldursdóttir**
**Sif Baldursdóttir**
**Björgvin Rúnar Baldursson** **Erla Þórisdóttir**
**María Erla Pálsdóttir**



✝

Elskuleg móðir, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**SIGURBJÖRG LÁRUSDÓTTIR (STELLA)**
**frá Skagaströnd,**
**bjó lengst af í Hlaðbrekku í Kópavogi,**

lést mánudaginn 23. febrúar síðastliðinn á hjúkrunarheimilinu Hrafnistu í Boðaþingi. Útförin fer fram föstudaginn 6. mars frá Lindakirkju í Kópavogi kl. 15.00.

**Bára Berndsen** **Hilmar Jónsson**
**Fritz H. Berndsen** **Indíana Friðriksdóttir**
**Lára Berndsen** **Jón Karl Scheving**
**Bjarki Berndsen**
**Regína Berndsen** **Bragi Þór Jósefsson**



✝

Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

**JÚLÍUSAR GUNNLAUGSSONAR**
**Dvalarheimilinu Hlíð, Akureyri,**

sem lést þriðjudaginn 3. febrúar.

**Sólveig Júlíusdóttir** **Björn Ó. Björgvinsson**
**Gunnar Júlíusson** **Sigþóra Gústafsdóttir**
**Anna Júlíusdóttir** **Heiðar Elíasson**
**Gunnlaugur Júlíusson** **Jónína Salóme Jónsdóttir**
**Sverrir Júlíusson** **Svala Guðbjörg Lúðvíksdóttir**
**Þröstur Ólafsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Okkar ástkæra móðir, tengdamóðir og amma,

**HJÖRDÍS SIGURJÓNSDÓTTIR**
**Hringbraut 50,**
**áður til heimilis á Seltjarnarnesi,**

lést á hjúkrunarheimilinu Grund fimmtudaginn 26. febrúar síðastliðinn. Útförin fer fram frá Seltjarnarneskirkju þriðjudaginn 10. mars kl. 13.00.

**Egill Már Markússon** **Fanney Pétursdóttir**
**Kristín Markúsdóttir** **Þórður Pálsson**
**Örn Markússon** **Margunn Rauset**
**Elvira Ziyatdinova**
**og barnabörn.**



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**ÓLAFÍA SIGURÐARDÓTTIR BERGMANN**
**Miðtúni 42, Reykjavík,**

lést á hjúkrunarheimilinu Sóltúni 2 sunnudaginn 1. mars.

**Sigurður Bjartmar Sigurjónsson** **Sesselja Gísladóttir**
**Gísli Geir Sigurjónsson** **Herborg Sjöfn Óskarsdóttir**
**Þorvaldur B. Sigurjónsson** **Dagný Hildur Leifsdóttir**
**Brynja Sigurjónsdóttir** **Kjartan Jónsson**
**Freyja Sigurjónsdóttir** **Róbert Leadon**
**Rúnar Sigurjónsson** **Anna Elín Óskarsdóttir**
**barnabörn og langömmubörn.**

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



**EKKI HLUSTA OF MIKIÐ**
**Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, WHO, hefur mælt með því að fólk hlusti ekki á tónlist nema klukkutíma á dag. Ástæðan er sú að margt ungt fólk hefur skemmt í sér heyrnina með því að hlusta of mikið á of háa tónlist. Heilsuvefur BBC greinir frá.**


## Meirapróf



ÖKU SKÓLINN Í MJÓDD

Upplýsingar og innritun í síma 567 0300 / 894-2737

NÆSTA NÁMSKEIÐ HEFST 4. MARS







# BETRA BLÓÐFLÆÐI, ÞREK OG ÚTHALD

**GENGUR VEL KYNNIR** *Rauðrófu-„extrakt" í hylkjum er fyrir alla þá sem vilja viðhalda góðri heilsu. Rauðrófan er talin auka blóðflæði og stuðla þannig að betri líðan og betri heilsu.*

**FRÁBÆR ÁRANGUR**

Kristbjörg Jónsdóttir er 51 árs. Hún er lærður matartæknir og hefur starfað sem dagmóðir og í eldhúsi Landspítalans við sérfræði. „Ég hef alltaf velt mikið fyrir mér hollu mataræði og bætiefnum og prófað margt í tengslum við það. Alla tíð hef ég verið mjög hand- og fótköld, sérstaklega á veturna. Þegar ég sá rauðrófuhylkin frá Natures Aid auglýst ákvað ég að prófa þau þrátt fyrir að hafa áður prófað samsvarandi vöru í öðru formi sem ekki virkaði fyrir mig. Ég fann strax mikinn mun enda létu áhrifin ekki á sér standa."

**BLÓÐFLÆÐIÐ MEIRA OG ORKAN BETRI**

„Ég tek alltaf 2 hylki í hádeginu og finn mikinn mun á hand- og fótkuldanum. Sem dagmóðir vinn ég með börn allan daginn og það reynir mikið á að vera að lyfta þeim. Því hef ég oft verið slæm af vöðvabólgu en eftir að ég byrjaði að taka rauðrófuhylkin hefur bólgan batnað mikið. Ég kenni líka Zumba Fitness þrisvar í viku og ef ég kenni tvöfaldan tíma tek ég 2 hylki fyrir tímann. Á þann hátt finnst mér ég hafa betra úthald og vera fljótari að jafna mig. Ég er einnig að æfa hlaup og tók þátt í mínu fyrsta hálfmaraþoni í fyrra. Áður en ég lagði af stað tók ég 2 hylki og fann greinilega hvað orkan var meiri og blóðflæðið betra á hlaupunum."

**NÚ Í HYLKJUM - EKKERT VONT BRAGÐ**

„Mörgum hefur þótt rauðrófubragðið vont, bæði safinn og rauðrófur með mat. Rauðrófuhylkin frá Natures Aid leysa þennan vanda. Ráðlagður dagskammtur er 2 hylki á dag með mat. Glasið inniheldur 90 hylki og er 45 daga skammtur. Verðið er líka ótrúlega hagstætt," segir Ásta Kjartansdóttir, vörustjóri hjá Gengur vel. Þar að auki eru öll vítamín og bætiefni frá Natures Aid GMP-vottuð.



KRISTBJÖRG JÓNSDÓTTIR

**2 HYLKI Á DAG**

„Ég tek alltaf 2 hylki í hádeginu og finn mikinn mun á hand- og fótkuldanum."

**MEIRI ORKA**

„Mér finnst ég hafa meiri orku og betra úthald í hlaupunum og vera fljótari að jafna mig."




**ÚTSÖLUSTAÐIR**

Flest apótek, heilsubúðir, heilsuhillur stórmarkaða og verslana og líkamsræktarstöðvar.

**NÁNARI UPPLÝSINGAR**

á www.gengurvel.is.




## Natural Health Labs

**HAWAIIAN NONI**

Veikindabaninn
- Styrkir ónæmiskerfið
- Styrkir líkamann gegn veikindum
- Jafnar blóðþrýsting
- Vinnur gegn sýkingum

**GOJI BER**

Hamingjuberin
- Gefur hári, húð og nöglum fallegan ljóma
- Eykur vellíðan
- Bætir sjónina og minni
- Stútfull af andoxunarefnum, vítamínum, steinefnum, amínósýrum og fitusýrum

**ACAI BER**

Fegurðarberin
- Gefur húð, hári og nöglum fallegan ljóma
- Heldur útlitinu ungu
- Stundum kölluð fegurðarberin
- Verulega ríkt af andoxunarefnum

**CURCUMIN**

Gullkryddið
- Styrkir liðamót
- Vinnur gegn bólgum
- Vinnur gegn gigt
- Eflir starfsemi hjarta- og æðakerfis



Fáanlegt í nær öllum apótekum landsins, Lyfja, Apótekið, Apótekarinn, Lyf og Heilsa, Lyfsalinn, Hagkaup, Fjarðarkaup, Lifandi Markaður, Sportlíf, Heilsuhornið Blómaval, Heilsuver, Heilsulausn.is og Heimkaup

BALSAM ehf Býður betra val *Alltaf 100% náttúrulegt* www.balsam.is

# FEMIBALANCE FRÁ SOLARAY

**HEILSA KYNNIR** *FemiBalance – strax í aðdraganda breytingaskeiðsins.*

FemiBalance er dásamleg jurtablanda sem kemur á góðu hormónajafnvægi hjá konum á besta aldri.

FemiBalance er í dag eitt vinsælasta bætiefnið í þessum flokki á Norðurlöndunum.

Þegar tekist er á við breytingaskeiðið þarf að huga að mörgum þáttum og FemiBalance inniheldur jurtir sem draga m.a. úr nætursvita, svefnvandamálum, stoðkerfisverkjum, depurð, þreytu og þurrki.

Hér er vandað til verka því í hverju hylki eru 465 mg af sérvöldum jurtum, en þær eru: rauðsmári, granateplakjarnar, jamrót og hindberjablöð, grikkjasmárafræ, grávalhnetubörkur og fennikufræ.




Allt eru þetta afar kvenlegar jurtir sem gera miklum mun meira en að aðstoða við hliðarverkanir breytingaskeiðsins. Ýmsar jákvæðar „aukaverkanir“ kunna því að fylgja með, t.d. betri líðan, meiri orka og aukið úthald.

**FEMIBALANCE:**

- **Getur dregið úr nætursvita og svefnvandamálum**
- **Vinnur gegn verkjum í stoðkerfi**
- **Byggir upp slímhúðir og dregur úr þurrki**
- **Hefur mjög jákvæð áhrif á andlega líðan**
- **Eykur orku og úthald**

Í hverju glasi af FemiBalance eru 100 hylki, en mælt er með 2 hylkjum á dag. Fæst aðeins í apótekum og heilsuvöruverslunum.




Til hvers að flækja hlutina? 365
SJÁLFKRAFA Í BESTA ÞREP!
365.is | Sími 1817





**FJÖLBREYTNI** Um 50 framleiðendur kynntu afurðir sínar í Hörpu um helgina. Uppistaða margra þeirra kemur úr íslenskri náttúru. MYND/HELGA BJÖRNSDÓTTIR

# AFURÐIR NÁTTÚRU

**HOLLT OG GOTT** *Mörg smærri matvælafyrirtæki hérlendis sérhæfa sig í framleiðslu hollra matvæla úr afurðum íslenskrar náttúru. Nokkur þeirra voru mætt á matarmarkað Búrsins í Hörpu um helgina þar sem gestir gátu smakkað á fjölbreyttum kræsingum og verslað um leið.*

Íslendingar hafa nýtt afurðir náttúrunnar til matargerðar svo öldum skiptir. Undanfarin ár hefur þeim innlendu framleiðendum fjölgað jafnt og þétt sem nýta afurðir á borð við söl, þara, fjallagrös, ber og ætihvönn og búa til fjölbreyttar, gómsætar og ekki síður bráðhollar afurðir.

Margir slíkir framleiðendur kynna vörur sína og selja á matarmarkaði Búrsins sem haldinn er nokkrum sinnum á ári. Síðustu helgi var áttundi matarmarkaður Búrsins haldinn í Hörpu og eins og venjulega var hann vel sóttur. Um 50 innlendir framleiðendur kynntu þar og seldu afurðir sínar og eru margir þeirra frumkvöðlar á sínu sviði sem bæði hafa brennandi áhuga á nýtingu íslenskra auðlinda og sjá mikil tækifæri í þessari grein. Aðsóknin að matarmarkaði Búrsins er alltaf mjög góð og virðist áhugi neytenda á íslenskum hollustuvörum aukast með hverju árinu sem líður.

Íslensk hollusta var eitt þeirra fyrirtækja sem kynntu afurðir sínar um helgina en það framleiðir ýmsar matvörur úr sölum, þara, berjum og fjallagrösum. Eyjólfur Friðgeirsson, framkvæmdastjóri fyrirtækisins, var ánægður með afrakstur helgarinnar og segir landsmenn sýna þaranum mikinn áhuga. „Margir Íslendingar vilja læra að nýta hann til matargerðar og það sama má segja um sölin. Stórþarinn er afar hollt hráefni og ríkur af af kalki, magnesíum, járni og snefilefnum. Þar sem hann er ríkur af náttúrulegri glútamatsýru skerpir hann og dregur fram hið eiginlega bragð hráefnisins á hollan og eðlilegan máta. Þarinn gefur góðan kraft í allar grænmetis- og kjötsúpur og er einnig góður í grænmetis-, bauna- og fiskpottrétti.“ Sölin eru að sögn Eyjólfs helst nýtt sem snakk en hann segir bæði sölin og þarann innihalda mikið af steinefnum og snefilefnum sem nauðsynleg séu fyrir bein, hár og tennur.

Fjallagrösin eru annað hráefni sem Íslendingar hafa notað í margar aldir. „Íslendingar eru mjög áhugasamir um fjallagrösin sem ýmist eru seld heil eða möluð. Þau eru virkilega holl og talin hafa mýkjandi og græðandi áhrif á slímhúð í öndunarfærum og meltingarvegi og styrkja ónæmiskerfið. Grösin eru góð í mat eins og brauð, grauta og te og í bakstri eru þau mjög góð saman við spelt.“



**NÝTIN** Eymundur og Eygló nýta ber og jurtir úr nánasta umhverfi sínu við framleiðsluna. Þar má nefna ætihvönn, brenninetlu og bláber. MYND/HELGA BJÖRNSDÓTTIR

**NÆRUMHVERFIÐ NÝTT**

Fyrirtækið Móðir Jörð frá Fljótsdalshéraði var einnig í Hörpu um helgina. Á Fljótsdalshéraði fer fram lífræn ræktun á korni og grænmeti en fyrirtækið framleiðir úrval af hollustu- og sælkeravörum. Að sögn Eyglóar Bjarkar Ólafsdóttur, annars eiganda fyrirtækisins, nýta þau til dæmis ber og jurtir úr nánasta umhverfi við framleiðslu sína. „Hvönnin er nýtt til að bragðbæta hrökkbrauðið okkar og ýmsar jurtir eru nýttar í nuddolíur og te. Við notum einnig brenninetlu sem er vel þekkt fyrir hollustu en er vannýtt hér á landi en hún inniheldur járn og C-vítamín. Eins hafa bláber mikið af andoxunarefnum og vítamínum og þykja góð fyrir sjónina.“

Hún segir styrkleika íslenskra afurða helst felast í hreinleika vatns og jarðvegs. „Hér er auk þess lítil eða engin þörf á notkun skordýraeiturs og við búum almennt ekki við það álag sem ræktunarlönd eru undir víða erlendis í kjölfar þaulræktunar og mengunar sem því getur fylgt. Hér eru einnig góðar aðstæður til að stunda lífræna ræktun þar sem landrými er til staðar og ekki miklir árekstrar við mengandi starfsemi.“

Þeir landsmenn sem ekki hafa heimsótt matarmarkað Búrsins áður en vilja kynna sér fjölbreytta og holla afurðir innlendra framleiðenda geta heimsótt Hörpu í lok ágúst þegar næsti markaður verður haldinn.





**NOTUÐ LENGI** Ætihvönnin er talin ein merkasta lækningajurt Íslandssögunnar og hefur verið notuð frá landnámi. MYND/ÚR EINKASAFNI



**BRÁÐHOLL** Fjallagrösin er mjög holl og henta til dæmis í brauð, grauta og út í te. MYND/HARI

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434
**Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.is, s. 512 5429
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

# Graníthöllin
## Legsteinar

# Allt innifalið!

**Gerðu leiðið fallegt fyrir sumarið**
**Takmarkað magn af hverri gerð**



Legsteinn nr. 106

- Legsteinn
- Ímálað Letur
- Ígrafin ímáluð mynd
- Brons Lukt
- Granít Vasi
- Batterískerti 250 klst.
- Frí uppsetning*

**Verð kr. 289.000,-**
Fullt verð kr. ~~394.000~~,-



Legsteinn nr. 113

- Legsteinn
- Ímálað Letur
- Ígrafin ímáluð mynd
- Granít Lukt & Vasi
- Batterískerti 250 klst.
- Frí uppsetning*

**Verð kr. 298.000,-**
Fullt verð kr. ~~409.900~~,-



Legsteinn nr. 104

- Legsteinn
- Ímálað Letur
- Ígrafin ímáluð mynd
- Granít Lukt & Vasi
- Batterískerti 250 klst.
- Frí uppsetning*

**Verð kr. 294.000,-**
Fullt verð kr. ~~400.500~~,-



Legsteinn nr. 120

- Legsteinn
- Ímálað Letur
- Ígrafin ímáluð mynd
- Granít Lukt & Vasi
- Batterískerti 250 klst.
- Frí uppsetning*

**Verð kr. 287.000,-**
Fullt verð kr. ~~389.730~~,-

**Hægt er að sjá fleiri tilboðspakka á:**

# Granithollin.is




Bæjarhrauni 26
220 Hafnarfirði

☎ 555 3888

**Opnunartími:** mánudaga - föstudaga 9^00^ til 18^00^

* Frí uppsetning miðast við uppsetningu á höfuðborgarsvæðinu og nágrannabyggðalögum. Með fyrirvara um prentvillur og uppseldar vörur.










FÉKKSTU EKKI BLAÐIÐ Í MORGUN?

KOM ÞAÐ OF SEINT?

Vinsamlegast láttu vita í gjaldfrjálst númer
800 1177 eða á dreifing@postdreifing.is

Póst dreifing

Hjálpaðu okkur að bæta þjónustuna.

Blaðið á að berast þér fyrir kl. 7:15 virka morgna og 8:15 á laugardögum

FRÉTTABLAÐIÐ





# HALDIÐ Í VIÐ ÓHOLLUSTUNA

**TIL GAMANS** *Hvað þarf 60 kílóa manneskja að gera mörg froskahopp til að brenna einni pitsusneið? Svarið er 272. Sama manneskja þarf að sippa í 12 mínútur til að brenna einu rauðvínsglasi.*

Orkuþörf einstaklinga er mismikil og fer meðal annars eftir aldri, kyni, líkamsþyngd og hreyfingu hvers og eins. Algengt er að orkuþörf fullorðinna sem eru nálægt kjörþyngd og stunda meðalhreyfingu sé á bilinu 2.000-2.500 hitaeiningar á dag. Talið er æskilegt að um 50-60% af orkunni komi úr kolvetnum, 25-35% úr fitu og 10-20% úr prótínum. Hvert gramm af kolvetnum gefur 4 hitaeiningar og það sama er að segja um prótín. Hvert gramm af fitu gefur um 9 hitaeiningar.

Þeir sem fara reglulega fram úr orkuþörfinni eiga á hættu að fitna. Flestum þykir þó hundleiðinlegt að telja hitaeiningar og yfirleitt fær tilfinningin að ráða för. Það getur hins vegar verið gagnlegt að vita hvað algengar fæðutegundir í óhollari kantinum innihalda margar hitaeiningar og hversu mikið átak þarf til að losna við þær.

Útreikningarnir miðast við manneskju sem er tæp 60 kíló. Léttari manneskju tekur lengri tíma að brenna sama hitaeiningafjölda og þyngri manneskju skemmri tíma.

*Heimildir: visindavefur.is og skinnymom.com*

# BÍLAR





# ER ÍBLÖNDUNIN SÓUN ALMANNAFJÁR?

**Evróputilskipun um íblöndun lífræns etanóls í bensín færir Íslendingum dýrara og verra bensín. Er ætlað þjóðum sem ekki hafa náð 20% notkun endurnýjanlegrar orku, en hún er 75% á Íslandi. Íblöndun skemmir auk þess vélar.**

Evróputilskipun um að blanda lífrænum efnum, þar á meðal etanóli, saman við bílabensín gekk í gildi í mars 2013. Frá 1. janúar 2014 tók áhrifa þessarar lagasetningar að gæta á þann veg að skylt var orðið að blöndunarhlutfall lífræns eldsneytis skyldi vera 3,5%. Frá og með nýliðnum áramótum skal þetta hlutfall nú vera 5%. Ákvörðunin um lögleiðingu tilskipunarinnar helst einnig í hendur við stefnumörkun yfirvalda á Íslandi um að auka hlutfall lífrænna efna í eldsneyti fyrir samgöngur á landi. Seljendum eldsneytis er í sjálfsvald sett hvaða leið þeir fara, þ.e. hvort þeir nota lífolíur í dísil eða etanól í bensín eða hvort tveggja. Samkvæmt upplýsingum frá FÍB virðist sem etanól-íblöndun sé ekki hafin hér enn. Hins vegar hafa íslensku olíufélögin, a.m.k. sum þeirra, undirbúið sig fyrir hana, m.a. með því að endurnýja birgðageyma með nokkrum tilkostnaði.

### Íslensk olíufélög flytja inn dýra lífolíu

Tilgangur þessarar etanól-íblöndunar er sá að hækka hlutfall endurnýjanlegs eldsneytis í samgöngum á landi upp í 10 prósent til ársins 2020. Samkvæmt lögunum hefði hlutfall endurnýjanlegs eldsneytis í heildarsölu á bifreiðaeldsneyti átt að vera 5% fyrir lok síðasta árs. En þótt etanólblöndunin sé ekki komin í gang hafa íslensku olíufélögin nú um nokkurt skeið flutt inn dýra lífolíu og blandað saman við hefðbundna dísilolíu og uppfyllt þannig kröfur laganna um hækkað hlutfall lífræns eldsneytis.

### Þegar kostað 700 milljónir króna

Glúmur Björnsson, efnafræðingur og stjórnandi rannsóknastofunnar Fjölvers, telur að þessi innflutningur hafi þegar kostað Íslendinga um 700 milljónir króna í auknum útgjöldum í erlendum gjaldeyri og að væntanleg etanólblöndun í bensín eigi eftir að auka hann enn. Alþingi geti reyndar hæglega komið í veg fyrir frekara fjárhagstjón Íslendinga, bæði kostnað við innkaup á dýrum lífolíum og etanóli og aukna eyðslu í bílvélum, með því að breyta lögunum um endurnýjanlegt eldsneyti.

### Vafasamur ávinningur af etanólblöndun

1 Etanól (vínandi) er ríflega þriðjungi orkurýrara en bensín. Það þýðir að eyðsla bíla sem ganga fyrir bensíni sem útþynnt hefur verið með vínanda eykst um 3-5 prósent eftir því hversu mikil þynningin er.

2 Etanól er 20-25 prósent dýrara í innkaupum en bensín. Bæði verðið og aukið umstang og kostnaður við að flytja það, geyma og blanda því saman við bensínið til að skapa verra eldsneyti þýðir hærra lítraverð auk þess sem eyðsla bílanna eykst. Þessi aukni kostnaður leggst á neytendur.

3 Etanólið er að meginhluta framleitt úr maís. Framleiðsla etanóls sem íblöndunarefnis í bílabensín hefur þegar leitt til verðhækkana á maís. „Etanólið er unnið úr korni sem gæti nýst sem matur fyrir þá sem búa við hungur væri það ekki flutt til Íslands til að þynna út bensínið,“ segir Glúmur Björnsson.

4 Bílaframleiðendur hafa varað við íblöndun á eldsneyti á bíla þeirra og ábyrgjast ekki skemmdir þeim. Sumir þeirra hafa sagt að meiri en 0,5% íblöndun sé hættuleg bílvélum og að þær séu ekki gerðar fyrir hærra hlutfall.

### Tilskipunin miðast ekki við íslenskar aðstæður

ESB-tilskipunin umrædda er hluti áætlunar ESB um að hlutfall endurnýjanlegrar orku í öllu jarðefnaeldsneyti hvort heldur því er brennt til samgangna á láði, í lofti eða á legi eða til annarra nota, eins og til húsahitunar/-kælingar eða í iðnaði, skuli vera orðið 20% árið 2020. Tilskipunin miðast þannig fyrst og fremst við þær aðstæður sem ríkja í Evrópu. Á Íslandi eru þær hins vegar allt aðrar og algerlega ósambærilegar við hinar evrópsku.

Hér á landi eru aðstæður nefnilega þær að áratugir eru liðnir síðan Ísland náði þessu heildarmarkmiði ESB um 20 prósenta hlutfall endurnýjanlegrar orku í heildar-orkunotkunarpakkanum og það margfaldlega. Hlutfall endurnýjanlegrar orku á Íslandi er nefnilega ekki 20%, heldur 75%.

### Varað við íblöndun á Alþingi

Það var ekki síst bandaríski umhverfissinninn Al Gore sem á sínum tíma hvatti mjög til þess að vinna etanól til eldsneytis og til að blanda út í bensín og lækka þannig koltvísýringsútblásturinn frá bílum. Hann er greinilega ekki sama sinnis lengur og segir að þetta hafi verið mistök hjá sér. Þá er farið að gæta verulegra efasemda hjá bandarísku umhverfisstofnunni með þessa aðferð. Frosti Sigurjónsson, þingmaður Framsóknarflokksins, hefur í mörgum þingræðum varað við öllum ókostum þessarar lagasetningar hér og ekki síst þeim kostnaði sem fellur á almenning. Það hefur ekki enn orðið til breytinga á lögunum, eða öllu heldur afnáms þeirra.

Í samtali við Erlu Sigríði Gestsdóttur hjá atvinnu- og nýsköpunarráðuneytinu kom fram að ekki stendur til að breyta lögunum.

VERÐLÆKKUN

EXIDE TECHNOLOGIES TRANSPORTATION

Á EXIDE RAFGEYMUM

Nýjar birgðir á lager af áreiðanlegum og traustum rafgeymum, nú á lækkuðu verði vegna niðurfellingar vörugjalds. Fáanlegir í öllum stærðum og gerðum.



olís

PIPAR\TBWA • SÍA • 150477



## Mörg hundruð manns vinna að þróun Apple-bíls

Samkvæmt fréttum frá Wall Street Journal er bíll frá tölvuframleiðandanum Apple á leiðinni og sagt er að mörg hundruð manns vinni að þessu verkefni hjá Apple. Þessi bíll er, eins og eðlilegt gæti talist, rafmagnsbíll og hefur verkefni kringum smíði hans fengið nafnið Project Titan. Bíllinn er í laginu eins og smár sendibíll, eða „strumpastrætó“, eins og gárungarnir myndu kalla hann. Ef að líkum lætur yrði hann þó örugglega jafn frumlega hannaður og aðrar vörur frá Apple. Apple hefur ráðið nokkra reynda menn úr bílageiranum til að leiða verkefnið og fer verkfræðingurinn Steve Zadesky, sem áður vann hjá Ford, fyrir hópnum. Apple réð einnig Johann Jungwirth frá Mercedes Benz til verksins.

### Framleiðir Magna Steyr bílinn?

Apple hefur nú hafið viðræður við austurríska fyrirtækið Magna Steyr um eiginlega smíði bílsins, en Magna Steyr er þekkt fyrir að hafa smíðað margan bílinn fyrir þekkta bílaframleiðendur, ekki síst blæjubíla, sem fyrirtækið hefur sérhæft sig í. Sögusagnir herma að Apple hafi undanfarið tælt nokkra af starfmönnum Tesla til sín með bæði tvöföldun launa og undirskriftarbónus upp á 250.000 dollara, eða ríflega 33 milljónir króna. Það eiga nokkrir þeirra ekki að hafa staðist og því hefur nokkur straumur starfsfólks verið frá Tesla til Apple undanfarið. Oft áður hafa fréttir verið færðar af hugmyndum Apple um að smíða svokallaðan iCar, en nú virðist sem farið sé að styttast í bíl frá Apple, hvort sem hann mun heita iCar eður ei.



## Rafdrifinn Porsche Cayenne heldur innreið sína á Íslandi

Fram kemur hjá Bílabúð Benna, umboði Porsche á Íslandi, að Cayenne S E-Hybrid hafi hlotið frábærar viðtökur hérlendis og að ljóst sé að þessi umhverfisvæna útgáfa af sportjeppanum falli mönnum sérlega vel í geð. Samkvæmt fregnum frá Bílabúð Benna hefur fyrirtækinu tekist að auka kvóta sinn af rafmagnsútgáfu Porsche Cayenne. Ánægðir viðskiptavinir eru að taka á móti fyrstu bílunum þessa dagana. „Það er ljóst að þessi magnaði bíll fullnægir öllum markmiðum Porsche um einstaka sporteiginleika og akstursupplifun,“ segir Thomas Már Gregers, sölustjóri Porsche á Íslandi. „Með Cayenne S E-Hybrid er fólk að tryggja sér sportjeppa sem getur gengið eingöngu fyrir rafmagni, eingöngu fyrir bensíni eða virkjað báða aflgjafana jöfnum höndum. Honum er stungið í samband við heimilisrafmagn og hleðslustöð fylgir með. Tölurnar tala sínu máli, bíllinn er 416 hö og togið er 590 Nm. Uppgefin eyðsla bílsins er ekki nema 3,4 l/100 km, en á sama tíma sver þessi bíll sig í ættina við aðra sportbíla frá Porsche og er ekki nema 5,9 sek. frá 0-100 km/klst.,“ segir Thomas. Verð Porsche Cayenne S E-Hybrid er 13.490.000 kr. og er hann þrjú hundrað þúsund krónum ódýrari en Cayenne með dísilvél, þökk sé engum vörugjöldum á þessum magnaða bíl.

## Nýr Audi R8 með 540 eða 610 hestöfl



Audi er nú að fara að kynna nýja kynslóð sportbílsins Audi R8 og kemur hann fyrst fyrir sjónir gesta á bílasýningunni í Genf sem er um það bil að hefjast. Engu að síður hefur lekið út að vélin í bílnum er 5,2 lítra V10-bensínvél sem annars vegar skilar 540 hestöflum og hins vegar 610 hestöflum. Með þeim báðum skilar bíllinn sér í hundrað kílómetra hraða á innan við 3,5 sekúndum. Báðir eru þeir einnig með meiri hámarkshraða en 320 km/klst. Núverandi Audi R8 má fá með V8-vél sem skilar 430 hestöflum og V10-vél sem skilar 525 eða 550 hestöflum. Sá nýi er sagður 40% stífari, 30 millimetrum lægri og vega aðeins 1.500 kíló. Ennfremur er komin í bílinn stilling fyrir grimmari akstur og nýtt rafrænt kerfi fyrir stýringu bílsins. Bíllinn verður aðeins fáanlegur með 7 gíra sjálfskiptingu og ekki verður lengur hægt að fá hann beinskiptan.

# BÍLAR FRÁ „EKKI-BÍLAFRAMLEIÐENDUM“

**Fáum fyrirtækjum sem ekki eru þekktir bílaframleiðendur hefur tekist vel að selja bíla sína fram að þessu. Sjáum hvað Apple gerir.**

Nú þegar rætt er um að Apple hyggist framleiða bíla er forvitnilegt að skoða hvaða framleiðendur sem ekki hafa framleitt bíla áður og eru þekktir fyrir aðra framleiðslu hafa sett bíla á markað og hvernig þeim vegnaði. Stóra vöruhúsið Sears í Bandaríkjunum setti Kaiser-Frazer-bílinn á markað snemma á sjötta áratug síðustu aldar. Ekki seldist hann vel og framleiðslunni var hætt eftir aðeins tvær árgerðir af bílnum. Kaiser-Frazer var reyndar bílaframleiðandi sem stofnaður var upp úr seinna stríði og framleiddi nokkrar gerðir bíla en var seldur til American Motors Corporation árið 1963 sem síðan var keypt af Chrysler árið 1987. Sears seldi hins vegar þennan Kaiser-Frazer-bíl þessi 2 ár en gekk lítið þrátt fyrir lágt verð.

### Hunslet og Fuldamobil

Hunslet Engine Company framleiddi einnig þriggja hjóla bíl milli áranna 1957 og 1964, en fyrirtækið framleiddi aðallega lestir. Bíllinn var framleiddur þar sem eiginkona eins af stjórnendum fyrirtæksins vildi eignast bíl sem væri auðveldara að leggja en Jaguar-bílnum sem hún átti. Það leiddi til fjöldaframleiðslu hans en aðeins voru framleiddir um 1.000 bílar og er það til vitnis um eftirspurnina eftir bílnum knáa. Fuldamobil var framleiddur af Elektromaschinenbau Fulda GmbH í Þýskalandi, sem var þekkt fyrir framleiðslu rafgeyma. Bíllinn var framleiddur á árunum 1950 til 1969 en ekki er ljóst hve margir slíkir bílar voru framleiddir. Vafalaust eru bílarnir miklu fleiri sem önnur fyrirtæki en þau sem þekkt eru fyrir bílaframleiðslu hafa sett á markað, en þetta eru bara örfá slík dæmi og ef til vill lýsandi fyrir hvernig þeim vegnaði.



Kaiser-Frazer


Hunslet


Fuldamobil

# SLÆR Í GEGN Í NOREGI

**Volkswagen með mest seldu rafbílana í Noregi 2014.**

Gríðarlegur áhugi er fyrir rafbílum í Noregi. Auk mikillar vitundarvakningar um umhverfisáhrif rafbíla eru ívilnanir vegna rafbílakaupa mjög hagstæðar, en eins og á Íslandi eru hvorki vörugjöld né virðisaukaskattur lagður á rafbíla. Einnig hefur reynsla rafbílaeigenda verið mjög góð og er því stundum haldið fram að rafbílaeigendur séu sjálfir bestu sölumenn rafbíla.

Sala rafbíla í Noregi er einstök í Evrópu, en 1 af hverjum 3 rafbílum sem seldust í Evrópu á árinu 2014 var seldur í Noregi. Á síðastliðnu ári tvöfaldaðist rafbílasalan í Noregi frá árinu á undan, en seldir voru yfir 18.000 rafbílar til einkanota. Þetta jafngildir 12,5% af heildarbílasölu ársins, en til samanburðar var hlutfall rafbíla 5,5% af seldum bílum árið 2013. Enn er þó nokkuð í land með að markmið norsku ríkisstjórnarinnar um að 20-30% hluti bílasölunnar séu rafbílar eða tvíorkubílar náist og Því má reikna með áframhaldandi mikilli áherslu næstu árin á að gera leið rafbíla greiða inn á norskan bílamarkað.

### Frábærar viðtökur e-Golf í Noregi

Árið 2014 varð einnig ár Volkswagen Golf Í Noregi, en þar seldust tæplega 10.000 VW Golf, sem er tæplega 7% af öllum seldum bílum til einkanota. Hér hafði innkoma e-Golf sterk áhrif, en bíllinn hefur hlotið mjög góðar viðtökur norskra bílakaupenda. Góð sala e-Golf og e-up! varð til þess að Volkswagen var söluhæsta vörumerkið með rafbíla til einkanota á árinu 2014. Velgengni Volkswagen heldur áfram árið 2015, en í janúar var tæplega helmingur allra seldra rafbíla e-Golf, en afhentir voru tæplega 900 e-Golf í mánuðinum. Það er því óhætt að segja að e-Golf hafi tekið afgerandi forystu á rafbílamarkaðinum í Noregi.

### e-Golf kominn til Íslands

Fyrstu Volkwagen e-Golf bílarnir voru afhentir íslenskum kaupendum í síðasta mánuði. Árni Þorsteinsson, sölustjóri Volkswagen hjá Heklu, segir að fjölmargir hafi reynsluekið bílnum frá því að hann var kynntur á Íslandi og viðtökurnar séu afar jákvæðar. Það sem komi fólki helst á óvart sé snerpan, hljóðlátur akstur, tæknin og þægindin í VW e-Golf. Árni telur að margar ástæður séu fyrir vinsældum e-Golf í Noregi. Bílinn byggir á 40 ára reynslu Volkswagen með Golf. Helstu breytingarnar sem e-Golf eigandi upplifir í akstri er fullkomlega hljóðlátur akstur í bíl með gríðarlegri snerpu og aðeins einum drifgír. Rafhlaðan í bílnum er sérlega endingargóð en Volkswagen veitir 8 ára ábyrgð á rafhlöðunni sem er hönnuð til að taka sem minnst pláss. Akstursdrægni bílsins er allt að 190 km, sem gerir e-Golf að bíl sem hentar akstursþörfum langflestra. Árni segir þetta henta Íslendingum afar vel, enda sé meðalakstur Íslendinga undir 40 km á dag. Hægt er að reynsluaka Volkswagen e-Golf og e-up! hjá Heklu og minnir Árni á að ekkert jafnist á við prófa sjálf/ur.



BÍLAR
www.visir.is/bilar
Umsjón blaðsins
Finnur Thorlacius
finnurth@365.is
Útgáfufélag
365 miðlar ehf.
Skaftahlíð 24,
105 Reykjavík,
sími 512 5000
Auglýsingar
Atli Bergmann
atlib@365.is
Sími 512 5457
Hönnun
Silja Ástþórsdóttir
siljaa@frettabladid.is

ARION BANKI KYNNIR

# HAGKVÆM FJÁRMÖGNUN FÓLKSBÍLA

**Bíla- og tækjafjármögnun Arion banka er nýleg deild innan bankans sem hefur að markmiði að veita sveigjanlega og hraða þjónustu sem er sniðin að þörfum hvers viðskiptavinar. Sérfræðingar deildarinnar aðstoða og finna bestu fjármögnunina fyrir hvern og einn.**

Bíla- og tækjafjármögnun Arion banka hóf starfsemi í september árið 2012. Þá var ákveðið að stofna nýja deild og byrja að bjóða upp á nýjar leiðir í bílafjármögnun til einstaklinga sem ekki höfðu verið í boði áður hjá bankanum,“ segir Sævar Bjarnason, forstöðumaður bíla- og tækjafjármögnunar Arion banka. Hann segir markaðinn hafa tekið vel á móti þessari nýju þjónustu. „Við hjá bíla- og tækjafjármögnun Arion banka veitum í dag fjölmörgum viðskiptavinum Arion banka almenna ráðgjöf sem tengist fjármögnun á ökutækjum.“

### Samstarfsaðilar

„Okkar samstarfsaðilar eru sölumenn bílaumboða jafnt sem sölumenn notaðra bíla sem eru allir með aðgang að umsóknarkerfi bíla- og tækjafjármögnunar Arion banka. Stór hluti bílaflota landsmanna er fjármagnaður með lánum og fer afgreiðsla og undirritun lánapappíra fram hjá samstarfsaðilum okkar. Það er mikilvægt að viðskiptavinir Arion banka fái tækifæri á að sækja um góð kjör hjá sínum viðskiptabanka í gegnum bílaumboð og bílasölur notaðra bíla sem eru með umsóknarkerfi Arion banka.“

### Skjót og góð þjónusta

Hagkvæmar lausnir við fjármögnun hvers kyns ökutækja eru mikilvægur liður í þjónustu bankans að sögn Sævars. „Hjá bíla- og tækjafjármögnun Arion banka eru starfsmenn með áralanga reynslu af ráðgjöf sem tengist fjármögnun til einstaklinga,“ segir Sævar og bendir á að starfsmenn deildarinnar séu ávallt tilbúnir að finna bestu fjármögnunarleið sem henti hverjum og einum.



Sævar Bjarnason

### Sveigjanlegur greiðslumáti og hagkvæm kjör

Kaupleigusamningar eða bílalán Arion banka eru sérstaklega ætluð til fjármögnunar á bifreiðum til einstaklinga.

„Arion banki fjármagnar allt að 75 prósent af kaupverði bifreiðarinnar og getur lánstíminn verið allt að 84 mánuðir,“ upplýsir Sævar. Hann segir að einnig sé hægt að fá allt að níu ára fjármögnun á nýrri bifreið frá bílaumboði og þannig geti fólk lækkað greiðslubyrði enn frekar.

„Viðskiptavinurinn er farinn að undirbúa sig betur áður en hann fer og skoðar bíla hjá bílaumboðum. Hann kannar fyrst hvaða möguleikar eru í boði hjá sínum viðskiptabanka, til dæmis kjör, lengd samninga og greiðslubyrði. Fer síðan af stað og skoðar hvað er í boði. Við leggjum áherslu á að viðskiptavinurinn klári alla þessu vinnu áður en hann fer að fjárfesta í bíl,“ segir Sævar og bendir á að þessar hagkvæmu leiðir bjóðist viðskiptavinum bankans og öðrum sem vilji við hann skipta.

### Komum til móts við okkar viðskiptavini

Bílafloti landsmanna er að eldast hratt og samkvæmt Samgöngustofu er meðalaldur fólksbíla tæplega 12 ár. „Þetta segir okkur að endurnýjunin er ekki eins hröð og við var búist. Við viljum koma til móts við okkar viðskiptavini og bjóða þeim fjármögnun á nýjum jafnt sem 12 ára gömlum bílum á meðan við erum að ganga í gegnum þetta tímabil,“ segir Sævar og bendir í því sambandi á að Arion-banki bjóði nú upp á fjármögnun á kaupum á bílum sem eru allt að tólf ára gamlir. Allt að 75% fjármögnun er í boði til kaupa á allt að níu ára gömlum ökutækjum - og hægt er að slá lán fyrir helmingi kaupverðs ökutækis sem er tíu til tólf ára gamalt.




Hjá bíla- og tækjafjármögnun Arion banka eru starfsmenn með áralanga reynslu af ráðgjöf sem tengist fjármögnun til einstaklinga.

### Endurnýjun borgar sig

Endurnýjunarþörfin á bifreiðum landsmanna er mikil og rekstur á eldri bílum getur verið óhagstæður. „Oft heyrum við af því að sparnaður í formi bensín- og viðhaldskostnaðar á nýlegum bifreiðum geti staðið undir hluta afborgana bílalána og getur því verið mikil hagkvæmni í því fólgin að endurnýja bifreiðina á heimilinu,“ segir Sævar.

*Þeir sem huga að kaupum á fólksbílum geta haft samband með því að senda fyrirspurn á bilar@arionbanki.is eða kynna sér reiknivél og lánaforsendur bíla- og tækjafjármögnunar á heimasíðu Arion banka, www.arionbanki.is.*






## 450 hestafla Volvo S60

Polestar er þekkt fyrir að ná ótrúlegu afli úr Volvo-vélum og enn á ný hafa þeir sett nýja mælistiku með því að kreista 450 hestöfl út úr 2,0 lítra og fjögurra strokka bensínvél Volvo. Það ætti að hræða suma af þýsku lúxusbílaframleiðendunum. Víst er að enn er háð hestaflastríð milli þeirra og Volvo tekur þátt í því með hjálp breytingafyrirtækisins Polestar. Sumum þótti nóg um þegar Polestar náði 350 hestöflum úr sex strokka vél í Volvo V60. Þá notaðist Polestar við gamla vél og tækni. Öllu magnaðri er árangur þeirra með þessa litlu vél nú. Með henni slær Polestar við AMG-hluta Mercedes Benz sem náði 360 hestöflum úr sömu stærð vélar fyrir Mercedes Benz CLA45 AMG-bílinn og þótti mörgum þó nóg um þar.

**Tvær forþjöppur og keflablásari**

Polestar notast við tvær forþjöppur frá Borg Warner og snúast þær allt að 200.000 snúninga á hverri mínútu. Auk þess er keflablásari tengdur vélinni sem snýst á 70.000 snúninga hraða á mínútu. Bensíndælan í bílnum vinnur undir 50 psi þrýstingi og er svo tengd stórum bensínþrýstidælum með 3.625 psi þrýstingi. Segja má því að allt sé afar háþrýst undir vélarhlífinni. Sumir myndu halda að þetta væri ávísun á bilanir en því eru þeir Polestar menn ekki sammála. Þessi Volvo S60-bíll er eðlilega með breytta og stífari fjöðrun, öðruvísi stýringu og breiðari dekk.



## Japanskir verkamenn í bílaverksmiðjum vilja hluta hagnaðar

Öllum bílafyrirtækjum Japans gekk vel á síðasta ári og samanlagður hagnaður þeirra nemur 4.453 milljörðum króna. Starfsfólk í verksmiðjum þeirra krefst nú hluta þess hagnaðar og lái því hver sem vill. Kröfur stéttarfélaga starfsmanna hljóða nú upp á hækkun til þeirra allra um 50 dollara á mánuði, eða um 6.600 krónur. Það virðist ekki há krafa í samanburði við risahagnaðinn, en þessi hækkun myndi krefjast 1/56 af árshagnaðinum í fyrra fyrir þá 766.000 starfsmenn sem vinna í Japan fyrir þessi fyrirtæki. Japönsku bílafyrirtækin hafa ekki verið svo viljug að hækka laun starfsmanna sinna svo það gæti stefnt enn einu sinni í verkföll í japönskum bílaverksmiðjum. Ástæða þess hve japönsku bílafyrirtækin högnuðust vel í fyrra var lágt gengi japanska jensins og árið í ár lítur jafn vel út.

## GM gaf stjórnendum hlutabréf fyrir 1.250 milljónir




Þeir eru rausnarlegir hjá General Motors við yfirmenn sína, en fyrirtækið gaf 12 stjórnendum sínum hluti í GM fyrir alls 9,6 milljónir dollara um daginn, en það samsvarar 1.250 milljónum króna. Forstjórinn Mary Barra fékk stærsta hlutinn, 3 milljónir dollara, eða um 393 milljónir króna. Laun hennar fyrir árið í ár verða á bilinu 210 til 1.835 milljónir króna, allt eftir árangri. Tveir næstráðandi yfirmenn fengu hvor um sig um 1 milljón dollara virði í General Motors, eða um 130 milljónir króna og aðrir 9 yfirmenn minna. Það er því ekki slæmt að vinna sem stjórnandi hjá General Motors þessa dagana.




# MAZDA RX-7 GÆTI SNÚIÐ AFTUR ÁRIÐ 2020

**Það ár verður Mazda 100 ára og heyrst hefur að fyrirtækið vilji halda upp á það með nýjum bíl með rotary-vél.**

Japanski bílaframleiðandinn Mazda verður 100 ára árið 2020. Bílatímaritið Autocar hefur heimildir fyrir því að í tilefni þess ætli Mazda að endurvekja sportbílinn RX-7 og enn sem fyrr með rotary-vél. Mazda RX-7 var framleiddur á árunum 1978 til 2002 og voru alls framleiddir 811.634 bílar. Mikið hefur gengið á hjá Mazda hvað varðar framtíð rotary-véla fyrirtækisins, en sem stendur framleiðir Mazda enga bíla með slíkum vélum, enda hafa þær þótt óhagstæðar í rekstri þrátt fyrir mikið afl þeirra úr litlu sprengirými.

**Vilja ekki gefast upp á rotary-vélum**

Þeir hjá Mazda vilja þó alls ekki gefast upp á framleiðslu rotary-véla, sem hefur gefið fyrirtækinu mikla sérstöðu meðal bílaframleiðenda. Árið 2009 heyrðist að Mazda ætlaði að sýna nýjan RX-7 á bílasýningunni í Tókýó það ár, en ekkert varð úr því. Sama ár var því spáð að Mazda ætlaði að hætta framleiðslu RX-8-sportbílsins til að rýma fyrir nýjum RX-7 sem yrði þá kynntur árið 2012. Árið 2010 var Mazda víst að vinna að 300 hestafla rotary-vél fyrir RX-7 og átti sú vél að vera hönnuð bæði sem bensín- og dísilvél og yrði mun eyðslugrennri en fyrri rotary-vélar Mazda. Þá var talað um kynningu á bílnum árið 2013.

**Sífellt nýjar ákvarðanir**

Svo heyrðist að nýr bíll Mazda með rotary-vél myndi heita RX-9 og yrði byggður á sama undirvagni og MX-5 Miata. Árið 2012 komu svo þær fréttir að von væri á slíkum bíl árið 2017 og var það ári síðar borið til baka og sagt að Mazda ætlaði að hætta alveg að smíða bíla með rotary-vélar. Ekki er það þó líklegt í ljósi þess að enn vinna 30 verkfræðingar hjá Mazda við þróun rotary-véla í samstarfi við háskóla í Japan. Autocar segir nú að nýr bíll komi með rotary-vél á afmælisárinu 2020 og að hann verði með vélina að framan, drifið að aftan og annaðhvort aðeins með 2 sæti eða 2+2. Sá bíll gæti fengið eitthvert af nöfnunum RX-6, RX-7 eða RX-9. Aðeins tíminn einn leiðir í ljós hvort úr þessu verður, en Mazda virðist seint ætla að ákveða sig varðandi framtíð rotary-véla hjá fyrirtækinu.




# PORSCHE AÐ SMÍÐA RAFMAGNSBÍL?

**Heyrst hefur að Porsche sé að þróa bíl undir heitinu Porsche 717 sem aðeins gangi fyrir rafmagni.**

Næsti alvöru keppinautur Tesla Model S gæti orðið Porsche. Heyrst hefur að Porsche sé að þróa bíl undir heitinu Porsche 717 sem aðeins gengur fyrir rafmagni. Sá bíll verður eitthvað minni en Panamera-bíll Porsche og því líklega ámóta að stærð og Tesla Model S. Hann á að fást í 400, 500 og 600 hestafla útgáfum og allar verða þær með meiri drægni en 500 kílómetra. Bíllinn verður byggður á sama undirvagni og Porsche Panamera og Bentley Continental. Porsche framleiðir nú þegar nokkrar gerðir Plug-In-Hybrid-bíla, svo sem Cayenne, Panamera og ofurbílinn 918. En þessi bíll yrði sá fyrsti sem eingöngu verður drifinn áfram af rafmagni.

**Fjórhjóladrifinn og fjórhjólastýrður**

717-bíllinn verður fjórhjóladrifinn og með stýringu á öllum hjólum. Rafmótorar eru á hverju hjóli og fjöðrun bílsins verður með rafeindastýrða loftpúðadempara. Þrátt fyrir að smíði þessa bíls hafi ekki verið staðfest af Porsche hafa bæði Car Magazine og Auto Motor und Sport í Þýskalandi greint frá því að hann sé væntanlegur. Tesla má sannarlega fara að passa sig því að enginn vill fá Porsche sem keppinaut. Oft hefur verið ýjað að minni gerð Panamera-bílsins og han þá kallaður Pajun, eða „litli“ Panamera. Það skyldi þá aldrei vera að fyrirhugaður Pajun yrði aðeins rafmagnsdrifinn? Þeir sem fjallað hafa um þessa smíði telja að hann verði ekki tilbúinn til sölu fyrr en árið 2019, svo Tesla hefur góðan tíma til að mæta þessari samkeppni frá Porsche.




**Aukahlutapakki að verðmæti 354.000 kr. með öllum gerðum af Auris í takmarkaðan tíma.***

Flugmiði til Evrópu með Icelandair fylgir einnig með öllum gerðum af nýjum Auris í tilefni af 50 árum Toyota á Íslandi.










Auris er eins og skapaður utan um þig og nú hefur þú gullið tækifæri til að eignast þennan hugvitsamlega hannaða, örugga og sparneytna bíl, með aukahlutapakka að verðmæti 354.000 kr. í takmarkaðan tíma, ásamt flugmiða til Evrópu með Icelandair í tilefni af 50 ára afmæli Toyota á Íslandi.

Komdu við hjá viðurkenndum söluaðilum Toyota og finndu Auris sem er eins og skapaður fyrir þig.

**Verð frá: 3.310.000 kr.**

5 ÁRA ÁBYRGÐ

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

**500.000 Vildarpunkta afmælisvinningur**
verður dreginn úr hópi þeirra sem fá
nýja Toyotu afhenta í febrúar**

*Gildir ekki með öðrum tilboðum.
**Gildir ekki með öðrum tilboðum. Viðkomandi þarf að vera meðlimur í Icelandair Saga Club.
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur. Nánari upplýsingar hjá söluráðgjöfum.










HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN
Í FRÉTTABLAÐINU

Fréttablaðið er mest lesna dagblaðið með glæsilegt forskot á keppinautana. Meðallestur Fréttablaðsins í aldurshópnum 25-54 ára er 73% á höfuðborgarsvæðinu.*

Við bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið þegar þeir velja dreifingarleið fyrir fjölpóst sinn. Við dreifum sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins.

Hafðu fjölpóstinn þinn inni í Fréttablaðinu.
Það er áhrifarík leið til að koma skilaboðum um vöru eða þjónustu beint inn á heimilin.

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 512 5448
eða í tölvupóstfangi fjolpostur@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!

*Prentmiðlakönnun Capacent október–desember 2012 – höfuðborgarsvæði 25-54 ára

**VOLKSWAGEN PASSAT**

2,0 l dísilvél, 240 hestöfl
Fjórhjóladrif

Eyðsla 4,5 l/100 km
í bl. akstri

Mengun 139 g/km $CO_2$
Hröðun 6,3 sek.
Hámarkshraði 238 km/klst.
Verð 7.444.444 kr.
Umboð Hekla



# NÚ MÁ AUDI PASSA SIG!

Hefur lést um 85 kíló, aksturseiginleikarnir batnað eftir því og eyðsla minnkað. Fæst með 4 gerðum dísilvéla, þremur bensínvélum, fjórhjóla- eða framhjóladrifinn og sem „sedan“ eða langbakur. Verðið er frá 4.110.000 kr.

**VOLKSWAGEN PASSAT**
Finnur Thorlacius reynsluekur

Volkswagen Passat er lykilbíll hjá Volkswagen og það þarf að vanda sig þegar ný kynslóð bíls sem selst í 1,1 milljón eintaka á ári er smíðuð. Það hefur Volkswagen sannarlega gert með þessari áttundu kynslóð Passat. Fyrsta hugsun sem flaug í gegnum huga blaðamanns við viðkynningu þessarar nýju kynslóðar bílsins var: „Nú þarf Audi að fara að vara sig.“ Svo tæknivæddur og vel útfærður og fallegur er þessi bíll, svo ekki sé minnst á akstursgetu hans, að hann er eiginlega kominn í lúxusflokk bíla. Ekki voru heldur aðstæðurnar slæmar til að prófa þennan kostagrip, en bílablaðamönnum var boðið á Miðjarðarhafseyjuna Sardiníu til verksins og þar eru vegir góðir og ekki spillti glæst náttúran gleðinni. Það er líka ákveðin virðing fólgin í því að prófa bíl sem á sér jafn langa sögu og Passat, en hann hefur verið í sölu í 41 ár og af honum hafa selst 22 milljónir eintaka. Það er 2.200 sinnum meira en allir nýir bílar sem seldust hér á landi í fyrra og myndi því duga landsmönnum til næstu 22 alda. Fáránlegt til þess að hugsa.

### Stafrænt mælaborð

Það fyrsta sem ökumaður rekur augun í við að ræsa nýja Passatinn er stafræna mælaborðið sem í bílnum er. Mjög fáir bílar eru ennþá með slíkt mælaborð og minnist undirritaður þess að hafa fyrst séð slíkt í Jaguar XJ sem rambaði upp á Klakann fyrir um 3 árum. Á milli hraðamælisins og snúningshraðamælisins er leiðsögukerfi bílsins sem einnig birtist á enn stærri skjá fyrir miðju mælaborðsins. Þetta hefur greinarritari aðeins séð í bílum frá Porsche og er einstaklega þægilegt og tryggir að augu ökumanns eru meira á veginum með leiðsögukerfið beint fyrir framan sig. Þennan búnað má reyndar einnig finna í nýjasta Audi TT. Innréttingin í bílnum er hrikalega flott en hafa skal í huga að reynsluakstursbílarnir voru með flottustu útfærslu hennar. Leðursætin eru gullfalleg og efnisvalið í innréttingunni afar ríkulegt.

### Meira rými þó styttri sé

Bíllinn er orðinn rýmri að innan þrátt fyrir að hann hafi styst örlítið. Hjólahafið hefur lengst um 9 sentimetra og hefur það orðið til þess að pláss fyrir alla farþega hefur aukist. Ekki hefur þetta orðið til að minnka farangursrýmið, því það hefur aukist um 47 lítra og er nú 670 lítrar með aftursætin uppi, en 1.780 lítrar með þau niðri. Þar slær Passat við öllum keppinautum sínum og slær hátt í risaskottið í Mercedes E-Class Estate. Velja má um 5 gerðir innréttinga, S, SE, SE Business, GT og R-line. Jafnvel SE-útfærslan er afar flott og vel búin, með frábærum sætum, nálægðarskynjurum að framan og aftan, skriðstilli og sjálfvirkum ljósum og rúðuþurrkum. Sú dýrasta er fáránlega vel búin og slær við mörgum lúxusbílnum.

### Spyrnukerra með 240 hestafla dísilvél

Eins og fyrr er mikið úrval þegar kemur að vélbúnaði í Passat. Fjórar dísilvélar, allar með 2,0 lítra sprengirými nema sú minnsta (1,6 lítra), eru í boði, 120, 150, 190 og 240 hestafla. Sú öflugasta var reynd mest og með henni er Passat orðinn algjör spyrnukerra. Hreinn unaður er að henda bílnum áfram með þessari vél og ekki leiðist honum að þeysast hratt fyrir hornin og veggrip bílsins er hreint magnað. Með þessari vél er bíllinn aðeins 6,3 sekúndur í hundraðið, enda togið heilir 500 Nm og er hann því kominn í flokk með sportbílum. Það hjálpar bílnum reyndar að með þessari vél er hann fjórhjóladrifinn og gripið því gott. Líklega var einfaldlega ekkert vit í því að setja allt þetta afl aðeins á einn öxul og þess vegna er hann ekki í boði þannig. Passat má einnig fá með 125, 150 og 280 hestafla TSI-bensínvélum. Volkswagen gerir ráð fyrir því að mesta salan verði í 150 hestafla dísilútgáfu bílsins og er líklegt að svo verði líka hér á landi, verðsins vegna.

### Góðir aksturseiginleikar

Í bílnum með öflugustu dísilvélinni eru tvær forþjöppur, önnur minni sem vinnur á lægri snúningi og hin stærri sem tekur við ef nálin hækkar. Það tryggir að svo til ekkert „turbolag“ finnst og

**KEMUR Á ÓVART**
- Stafrænt mælaborðið er flott.
- Fáránlega lág eyðsla 240 hestafla dísilvélarinnar.
- Búnaðurinn sem hjálpar til að bakka með aftanívagn

- Heyrist vel í dísilvélinni
- Verð á dýrustu útgáfu

- Frágangur
- Rými
- Akstурseiginleikar
- Vélar







svo virðist sem hann sé ávallt tilbúinn til mikilla átaka. Þessi öfluga vél er tengd frábærri 7 gíra DSG-skiptingu og ekki klikkar hún frekar en fyrri daginn og skiptir sér fumlaust. Volkswagen Passat hefur lést um 85 kíló á milli kynslóða og munar um það er kemur að aksturseiginleikum bílsins, sem eru einkar góðir og eyðsla minnkar einnig talsvert fyrir vikið. Passat býðst sem fyrr með „sedan“-lagi og sem langbakur og bæði með framhjóladrifi og fjórhjóladrifi. Passat mun síðar koma sem rafmagnsbíll og í R-útgáfu og forvitnilegt verður að sjá afl hans, en Golf R er 300 hestöfl og einsýnt að Passat R verður enn öflugri. Ein nýjung í bílnum kom skemmtilega á óvart, en það er búnaður sem hjálpar ökumanni að bakka með aftanívagn og svínvirkaði hann við prufur og gat ökumaður sleppt stýrinu og látið bílinn sjálfan um að leggja. Passat var góður bíll, en hefur nú tekið enn eitt vænt stökkið fram á við, er enn betur byggður með meiri tækni og minni eyðslu. Forstjórar landsins ættu að íhuga þennan bíl. Verð á Passat er lægst 4.110.000 kr. með 150 hestafla bensínvélinni en sá með stóru dísilvélinni og öllu sem fylgir er á 7.444.444 kr.



**Gott úrval af notuðum bílum**



**SUZUKI Grand Vitara Sport.**
Skr. 06.2008, ekinn 90 Þ.KM, bensín, 5 gírar.
**Verð 1.990.000.**
Rnr.100629.



**PORSCHE Cayenne.**
Skr. 07.2005, ekinn 118 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur, leður, dráttarbeisli o.fl.
**Verð 2.980.000.**
Rnr.100319.



**SUZUKI Grand Vitara XL-7.**
Skr. 06.2007, ekinn 94 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur, 7 manna.
**Verð 1.990.000.**
Rnr.100025.



**SUZUKI Grand Vitara Premium.**
Skr. 06.2011, ekinn 46 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur.
**Verð 3.690.000.**
Rnr.100374.



**SUZUKI Grand Vitara Premium.**
Skr. 07.2010, ekinn 42 Þ.KM, bensín, 5 gírar.
**Verð 2.990.000.**
Rnr.100280.



**SUZUKI Grand Vitara Luxury.**
Skr. 06.2009, ekinn 100 Þ.KM, dísel, 5 gírar, dráttarbeisli.
**Verð 2.950.000.**
Rnr.100599.



**KIA Sportage CRDi.**
Skr. 02.2006, ekinn 108 Þ.KM, dísel, 6 gírar.
**Verð 1.680.000.**
Rnr.100836.



**SUZUKI Swift GL 4x4.**
Skr. 04.2014, ekinn 20 Þ.KM, bensín, 5 gírar.
**Verð 2.580.000.**
Rnr.100840.



**TOYOTA Aygo.**
Skr. 12.2012, ekinn 11 Þ.KM, bensín, 5 gírar.
**Verð 1.690.000.**
Rnr.100809.

SUZUKI

**Komdu og skoðaðu úrvalið**

Suzuki bílar hf • Skeifan 17 • 108 Reykjavík • Sími 568 5100 • www.suzuki.is



# BÍLABÚÐ BENNA FRUMSÝNIR OPEL CORSA

## Hefur hlotið ótal hönnunar- og gæðaverðlaun að undanförnu.

Ný Corsa frá Opel verður frumsýnd hjá Bílabúð Benna laugardaginn 7. mars. Hér er á ferðinni afar sportlegur fimm manna bíll sem kemur virkilega á óvart fyrir óvenju fullkominn tækni- og öryggisbúnað, ferska hönnun, sprækar vélar, sparneytni og frábært verð. Opel-merkið hefur verið á mikilli uppleið í Evrópu og hlotið ótal hönnunar- og gæðaverðlaun að undanförnu. Lykillinn að þessum árangri er 4 milljarða evra fjárfesting fyrirtækisins í þróun á nýjum bílgerðum. Metnaður Opel er gríðarlegur en fram til ársins 2018 áætlar fyrirtækið að kynna eina 27 nýja bíla og 17 nýjar bílvélar. Afrakstur þessa er að skila sér, jafnt og þétt og nú er það fimmta kynslóðin af Corsa.

### 12,3 milljón eintök seld

Mikil eftirvænting hefur ríkt fyrir komu hans, enda ein mest selda einstaka bílgerðin sem framleidd hefur verið í Evrópu, með 12,3 milljónir eintaka seld frá markaðssetningu hans árið 1982. Nýi bíllinn hefur greinilega staðið undir væntingum jafnt gagnrýnenda sem neytenda, en í desember, aðeins þremur mánuðum eftir frumsýningu bílsins í Frankfurt, höfðu borist yfir 55 þúsund pantanir. Nú gefst Íslendingum tækifæri til að skoða gripinn. Samkvæmt upplýsingum Björns Ragnarssonar, framkvæmdastjóra bílasviðs hjá Bílabúð Benna, verður nýja Corsan frumsýnd í Reykjavík og í Reykjanesbæ, laugardaginn 7. mars og eru allir hjartanlega velkomnir.






# Stjórnendanámskeið BGS og Opna háskólans

Nú í janúar sl. lauk fyrsta námskeiði er Bílgreinasambandið stóð fyrir í samvinnu við Opna háskólann í Reykjavík. Námið var sérsniðið að þörfum millistjórnenda og stjórnenda í bílgreininni en námslínan byggðist á víðtækri þekkingu sérfræðinga HR í stjórnendaþjálfun og til hliðsjónar þarfagreiningu stjórnenda úr greininni, starfsfólks Bílgreinasambandsins og kennara innan HR. Námið fór af stað í september sl. og að jafnaði fór kennsla fram tvo heila daga í mánuði að desember undanskildum. Þau fög sem farið var í voru:

- Markaðsmál og almannatengsl
- Persónuleg þróun stjórnenda, tímastjórnun og markmiðasetning
- Þjónustu- og gæðastjórnun
- Samningatækni
- Samfélagsleg ábyrgð
- Fjármál og áætlanagerð
- Mannauðsstjórn og leiðtogafræði

Tuttugu og fimm skráðu sig á námskeiðið sl. haust og er skemmst frá því að segja að nemendur voru mjög ánægðir með allt sem að þessu námi laut og fékk námskeiðið hæstu einkunn en nemendur lögðu mat á nám og kennslu í lok hvers kennsludags. Að öllu óbreyttu, miðað við jákvæðar niðurstöður af þessu námskeiði, mun Bílgreinasambandið athuga með áframhaldandi samstarf við Opna háskólann um sambærilegt námskeið nú í haust ef næg þátttaka verður.



# Nýr Subaru Outback frumsýndur um næstu helgi

Subaru Outback hefur ávallt verið einn af glæsilegustu fulltrúum Subaru og er nýi bíllinn þar engin undantekning. Blaðamanni Fréttablaðsins gafst tækifæri á dögunum til að reynsluaka þessum nýja bíl frá Subaru og mun verða fjallað ítarlega um hann í næsta bílablaði Fréttablaðsins. Subaru-menn hafa ávallt lagt allt sitt í fullkomið fjórhjóladrif sem vinnur með lárétt hönnuðum Boxer-vélum. Nýr Outback er með nýja og uppfærða Boxer-dísilvél sem notar einungis 6,0 lítra á hverja 100 km.

### EyeSight-öryggistækni

Eitt það athyglisverðasta við þessa nýju útgáfu af Subaru er nýtt öryggismyndavélakerfi sem Subaru-menn kalla EyeSight. Kerfið, sem er eitt það fullkomnasta sem völ er á, aðstoðar ökumenn við að koma í veg fyrir árekstra. Subaru hefur unnið að þróun kerfisins síðastliðin 20 ár og hefur öryggisbúnaðurinn verið til reynslu í bílum frá Subaru á Japansmarkaði síðastliðin fimm ár. EyeSight-öryggiskerfið tengir saman tvær myndavélar sem staðsettar eru innan við framrúðuna. Myndavélarnar senda litmyndir í þrívídd til tölvu sem kennt hefur verið að bera kennsl á lögun hluta og greina hraða og fjarlægðir með næstum sömu nákvæmni og mannsaugað býr yfir. EyeSight-kerfið gerir einnig greinarmun á gangandi vegfarendum, reiðhjólum, mótorhjólum og bílum auk þess að skynja hemlaljós svo eitthvað sé nefnt. Subaru Outback Premium Boxer dísil, sjálfskiptur, kostar 6.590.000 krónur. Eyðslan í blönduðum akstri er 6,0 l/100 km samkvæmt uppgefnum tölum framleiðanda.


5 ára ábyrgð
Ótakmarkaður akstur
VINSÆLDIR HYUNDAI
AUKAST STÖÐUGT
VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR
www.hyundai.is
ENNEMM / SÍA / NMxxxxx
SantaFe
Hyundai Santa Fe
Fjórhjóladrif / Dísil sjálfskiptur
Verð frá 6.990.000 kr.
Eyðsla 6,7 l/100 km*
*Miðað við uppgefnar tölur framleiðenda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.
Hyundai ix35
Fjórhjóladrif / Dísil beinsk.
Verð frá 5.590.000 kr.
Eyðsla 5,7 l/100 km*
Hyundai i10
Verð frá 1.970.000 kr.
Eyðsla 4,7 l/100 km*
Hyundai i30
Verð frá 2.940.000 kr.
Eyðsla 6,0 l/100 km*
Umboðsaðilar:
GE Bílar
Reykjanesbæ
www.bilahusid.is
420 0400
Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622
Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilaka.is
461 2533
Bílaverkstæði Austurl.
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070
IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
490 9090
HYUNDAI
Kauptúni 1 / Beint á móti IKEA / 575 1200

KIA SORENTO

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| KIA SORENTO | 2,2 l dísilvél, 200 hestöfl<br>Fjórhjóladrif<br><br>Eyðsla 6,7 l/100 km<br>í bl. akstri | Mengun 174 g/km $CO_2$<br>Hröðun 9,6 sek.<br>Hámarkshraði 203 km/klst.<br>Verð 7.590.777 kr.<br>Umboð Askja | ● Skortir nýja vélarhönnun<br>● Eyðsla<br>● Verð í hærri kanti | ● Vel búinn<br>● Rúmt innanrými<br>● Fallegur |



# JÁKVÆÐAR BREYTINGAR EN SAMA VÉLIN

**KIA SORENTO**
**Finnur Thorlacius** reynsluekur

Laglegar útlitsbreytingar hafa orðið á Sorento og hann er nú troðinn nýrri tækni. Bíllinn er með sömu 2,2 lítra dísilvélinni sem nú er 3 hestöflum aflmeiri en í fyrri kynslóð.

Bæði Hyundai og systurfyrirtækið Kia hafa fundið útúr því að ef bílar eru snotrir útlits, hlaðnir tækni, endast vel og eru á frambærilegu verði muni þeir seljast. Ofan á það hafa báðir framleiðendur bætt langri ábyrgð bílanna og hefur það vafalaust aukið sölu þeirra. Bæði Kia og Hyundai keppa í flokki fremur stórra jepplinga með bílana Sorento og Santa Fe og þar er ekki auðvelt að keppa og margir góðir keppinautarnir. Þeim hefur þó gengið vel með báða þessa bíla og þeir selst vel. Áhyggjuatriði er þó hátt gengi suðurkóreska wonsins og afleiðing þess, að bílar þeirra verði of dýrir. Kia kynnti á dögunum fyrir bílablaðamönnum nýja þriðju kynslóð Sorento-jeppans í hinum fagra bæ Sitges í nágrenni Barcelona. Sorento af síðustu kynslóð var nokkuð laglegur bíll og víst er að hann er nú orðinn miklu snotrari og útlitsbreytingarnar afar jákvæðar og ekki síst hinn flotti vindkljúfur að aftan. Bíllinn hefur lengst nokkuð og er allur orðinn meiri bíll að sjá. Sorento er nú 9,5 cm lengri, 0,5 cm breiðari og 1,5 cm lægri til þaksins og sportlegri allur fyrir vikið.

## Troðinn af tækninýjungum

Ef til vill eru mestu breytingarnar í bílnum fólgnar í alls konar tæknibúnaði og þá koma fyrst upp í hugann 3 akstursstillingar, 360 gráðu myndavél og búnaður sem bremsar sjálfur við aðsteðjandi hættu og heldur réttri fjarlægð frá næsta bíl við langakstur. Einnig var voða flott að sjá að bæði er hita- og kuldastilling í framsætum bílsins og aftursætin eru einnig með hita. Þetta er eitthvað sem maður á ekki að venjast í bílum í þessum verðflokki. Einnig er innrétting bílsins orðin talsvert flottari, mikil gæði eru í frágangi hennar og takkar stórir og góðir og vænir fyrir þá sem aka með hanska. Ein eftirtektarverð breyting enn er sú að nú er Sorento eingöngu 7 sæta, þ.e. ekki sem valkostur heldur staðalbúnaður. Bíllinn er nú 14% stífari að sögn Kia og fyrir því finnst og Kia hefur einnig tekist að minnka hliðarhalla í beygjum með góðu aðstoðarkerfi og gripið er ári gott þegar tekið er á bílnum. Fjöðrun bílsins er ágæt og étur vel ójöfnur. Kia Sorento er því ágætur akstursbíll en hann á samt nokkuð í akstursgetu margra af dýrari bílum þýsku lúxusbílaframleiðendanna, Audi, BMW og Benz. En hver átti von á öðru, a.m.k. ekki undirritaður.

## Orðinn mun flottari að innan

Framsætin í bílnum er þokkaleg en alls ekki með þeim bestu, tiltölulega hörð og gætu þreytt farþega í langakstri. Rýmið frammi í er til fyrirmyndar og það á einnig við aftur í, en þar er bæði yfrið pláss fyrir fætur og höfuð. Einn af mjög flottum kostum Sorento er risastórt glerþak sem loka má með einum takka, en ávallt fannst mér best að hafa það opið, en það gerir bíla bjartari og ekki veitir af ef innréttingarnar eru í dekkra lagi. Einn mjög flottur kostur í bílnum er fólginn í því að aftursætin eru á sleða og flytja má bekkinn heilmikið fram og aftur. Gaman var líka að sjá að loka má skotthleranum með takka, búnaður sem algengari var í dýrari bílum. Einnig gladdi gott hljóðkerfi bílsins en það er með 10 hátalara og býsna gott. Þá má einnig finna USB aftur í. Blindpunktsviðvörun í hliðarspegli er einnig vel þegin í þessum nýja bíl. Sorento er 7 sæta bíll og þeir tveir sem nota eiga öftustu röðina þurfa annaðhvort að vera smávaxnir eða börn, eins og gjarnan á við sjötta og sjöunda sætið í bílum.

## Sama dísilvélin

Það kom undirrituðum á óvart að með nýrri kynslóð Sorento væri ekki komin ný dísilvél í bílinn, en sama 2,2 lítra dísilvélin er í honum og áður og hefur hún fengið 3 auka hestöfl og er nú 200 hestöfl slétt. Þarna er Kia aðeins eftir á í vélarþróun og hefði verið eðlilegra að komin væri þróaðri vél með meira afl og minni eyðslu, enda er eyðsla bílsins einn af ókostum hans. Eyðsla bílsins er uppgefin 5,7 lítrar en langur vegur var frá þeirri tölu í reynsluakstri, eins og reyndar oftast. Með sjálfskiptingu mengar hann 177 g/km og er það í hærri kantinum. Þessi vél dugar alveg bílnum, en skemmtilegra hefði verið að búa að meira afli, líkt og fyrirfinnst í mörgum öðrum bílum í þessum flokki. BMW er t.d. með 218 hestafla dísilvél í X5-jeppanum sem er þó aðeins með 2,0 lítra sprengirými. Vonandi gerir Kia bragarbót á þessu áður en kemur til næstu kynslóðar. Í heildina litið er Kia Sorento ári mikill bíll og víst er hann miklu betri en forverinn, nú hlaðinn tækni og fyrir augað að utan sem innan. Hann á þó verðuga keppinauta. Helsta þeirra skal nefna Toyota RAV4 sem kostar 6.850.000 frá kr. með 2,2. dísilvél og sjálfskiptingu. Honda CR-V eins búinn kostar 6.740.000 kr. Mitsubishi Outlander með 2,2 lítra 150 hestafla dísilvél og 7 sæti kostar 6.450.000 kr. Hyundai Santa Fe, 7 manna með 200 hestafla dísilvél kostar 8.050.000 kr. Kia Sorento kostar 7.590.777 kr. Hann er nokkru stærri en Honda CR-V og Toyota RAV4 og með öflugri vél og því er verðið réttlætanlegt.











*Margverðlaunuð SKYACTIV spartæknin hefur veitt Mazda sérstöðu á markaðnum. Með þessari byltingarkenndu tækni hefur Mazda náð fádæma árangri til lækkunar eyðslu án þess að fórna afli né viðbragði – enda er akstursánægja eitt aðalsmerki Mazda. Að auki er bíllinn smíðaður í anda KODO hönnunarinnar sem gælir svo sannarlega við augað.*

**MAZDA. DEFY CONVENTION.**

**KOMDU Í REYNSLUAKSTUR**

10 ÁRA AFMÆLI MAZDA hjá Brimborg

brimborg

Öruggur staður til að vera á

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga frá kl. 9-17 og laugardaga 12-16.
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 I Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 I mazda.is

Brimborg og Mazda áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.



# 500.000 Toyota Corolla á 4 árum

Toyota Corolla hélt titlinum mest seldi bíll heims til margra ára og í dag er hann framleiddur í mörgum löndum, þ.e. Japan, Bandaríkjunum, Brasilíu, S-Afríku, Tyrklandi, Pakistan, Kína, Taívan og í Taílandi. Í Bandaríkjunum er Corolla nú framleidd í Blue Springs í Mississippi og þar hefur bíllinn verið framleiddur frá árinu 2011, en þar áður í Kaliforníu. Á þeim tæplega 4 árum sem hann hefur verið framleiddur þar hefur verksmiðjan nú skilað frá sér 500.000 eintökum af bílnum og var því fagnað í síðasta mánuði. Í fyrra framleiddi verksmiðjan í Blue Springs 180.000 Corolla-bíla, en í verksmiðjunni starfa 2.000 manns. Alls hafa verið seldar 10 milljónir Toyota Corolla-bíla í Bandaríkjunum frá upphafi, en sala hans hófst árið 1968. Toyota hefur alls framleitt 21 milljón Toyota-bíla í Bandaríkjunum frá því fyrsta verksmiðja Toyota var opnuð þar vestanhafs.



# Nýr Hyundai ix35 í Genf

Hyundai mun svipta hulunni af nýjum ix35-jepplingi á komandi bílasýningu í Genf. Hyundai hefur selt ix35 í Evrópu frá því árið 2009. Í fyrra var hann fjórði mest seldi bílinn í þessum flokki með 93.827 bíla selda. Sá sem seldist mest var Nissan Qashqai með 204.500 bíla, svo Volkswagen Tiguan með 150.154 bíla, þá Kia Sportage með 97.459 bíla og sló þar við móðurfyrirtækinu Hyundai. Þessi flokkur bíla óx um 6% á síðasta ári, sem er sami vöxtur og bílasalan í heild í fyrra í álfunni. Meira afgerandi og grimmari línur leika nú um Hyundai ix35 og segja hönnuðir hans að framhallandi línur hans láti hann virka á ferð þó hann standi kyrr. Nýr Hyundai ix35 verður boðinn með tveimur gerðum 1,6 lítra bensínvélar og þremur gerðum dísilvéla. Sala Hyundai í Evrópu í heild á síðasta ári var 424.467 bílar og nam það 3,3% heildarsölunnar þar. Stefna þeir hjá Hyundai að því að ná um hálfrar milljónar bíla sölu í Evrópu á þessu ári. Nýr Hyundai ix35 verður smíðaður í Tékklandi og verður hann á glænýjum undirvagni.

# Nýr Skoda Superb

Þriðja kynslóð Skoda Superb var kynnt í Prag um daginn í heimalandi Skoda, Tékklandi. Bíllinn hefur stækkað nokkuð milli kynslóða og þessi nýi þriðju kynslóðar bíll er nú orðinn stærri en Volkswagen Passat og nálgast hressilega stærð Audi A6. Þessi bíll er hrikalega vel búinn og í honum eru einar 23 nýjungar sem ekki hafa sést í bílnum áður og 10 hafa ekki sést í neinum Skoda-bíl hingað til. Meðal þeirra er falinn dráttarkrókur sem tekinn er í notkun með einu handtaki og uppdraganlegar gardínur í afturgluggum. Rými fyrir farþega er stóraukið og nóg var það nú fyrir. Skoda Superb býðst nú með 8 mismunandi vélarkostum, 125-280 hestafla bensínvélum og 120-190 hestafla dísilvélum. Allar eru þær tengdar við tveggja kúplinga sjálfskiptingu og suma bílana má fá beinskipta. Með fjórum af þessum vélargerðum er bíllinn fjórhjóladrifinn. Með gullfallegu útliti, nýrri tækni og sniðugum lausnum sem Skoda er þekkt fyrir mun þessi bíll vafalaust tryggja Skoda góða sölu en hann hefur alls selst í 700.000 eintökum frá því hann fyrst var kynntur árið 2001.



NÝR REXTON

SSANGYONG

STÓRGÓÐUR




Bíll á mynd Rexton HLX



Stór og stæðilegur alvöru jeppi á frábæru verði!

Rexton jeppinn frá SsangYong er loksins fáanlegur aftur á Íslandi og það á einstaklega góðu verði. Rexton stenst allan samanburð við aðra stóra jeppa á markaðnum. Og það skín í gegn að ekkert hefur verið til sparað í frágangi og þægindum. Rexton er fullvaxinn jeppi byggður á grind og með háu og lágu drifi. Rexton er alltaf til í tuskið. Komdu og reynsluaktu nýjum Rexton. **Hann er alvöru.**

- Bíll byggður á grind
- Millikassi með læsingu og lágu drifi
- Sjálfstæð fjöðrun að framan
- E-tronic 5 þrepa sjálfskipting með skiptirofum í stýri
- ABS hemlakerfi
- ESP stöðugleikastýring
- HDC, heldur á móti niður brekkur
- Tölvustýrð loftkæling
- Loftpúðar í stýri, farþegamegin og í hliðum
- Styrktarbitar í hurðum
- 16" álfelgur
- Dráttargeta 2,6 tonn
- Varadekk
- Langbogar á þaki
- Leðurstýri með útvarpsstýringu
- Hraðastillir (Cruise control)
- Útvarpstæki og geislaspilari/MP3
- 6 hátalarar og USB tengi
- Bluetooth tenging við farsíma
- Dagljósabúnaður
- Þokuljós - framan/aftan
- Hæðarstillanlegt leðurstýri
- Aðfellanlegir, rafdrifnir hliðarspeglar með hita
- Hiti í sætum
- 7 manna
- Fjarstýrðar samlæsingar
- Rafdrifnar rúður í fram- og afturhurðum
- Opnanlegur gluggi á afturhlera
- Hiti undir þurrkum í framrúðu
- Vindskeið að aftan
- Litað gler
- Þjófavörn




Verð: 6.890 þús. kr.
Rexton DLX • dísel túrbó • sjálfskiptur

Opið alla virka daga frá 9 til 18 og laugardaga frá 12 til 16. Verið velkomin í reynsluakstur.

benni.is

Reykjavík
Tangarhöfða 8
Sími: 590 2000

Reykjanesbær
Njarðarbraut 9
Sími: 420 3330

Akureyri
Glerárgötu 36
Sími: 461 3636

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum










Nýr rafdrifinn e-Golf

**4.590.000 kr.**



8 ára ábyrgð á rafhlöðu.

Til afhendingar strax!

## Ný hugsun. Nýr rafdrifinn e-Golf.

Með e-Golf stígur Volkswagen skrefinu lengra með vinsælu Golf fjölskylduna. Þetta er fyrsti fjölskyldu rafbíllinn sem byggir á áratuga reynslu og býður upp á öll þægindin sem þú finnur í venjulegum Golf. Skiptu yfir í framtíðina með nýjum e-Golf.

**Think Blue.**

Das Auto.

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

## BÍLAR & FARARTÆKI

Stofnað 1974
**Bílamarkaðurinn**



17 ÞÚS KM SUBARU Legacy Wagon. Árgerð 2008, ekinn aðeins 17 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.990.000. Rnr.106870.



POLARIS Sportsman XP ESP 850. Árgerð 2011,götuskráð ekinn 2 Þ.Km EITT MEÐ ÖLLU, rafmagnsstýri.27" big horn dekk ,bedlock felgur ,hlífðarplötur, LED ljóskastarar spil, loftdæla,hiti í handföngum,farangurskassi, ofl. verð 2,790,þ Rnr.223468.

**Bílamarkaðurinn**
**Smiðjuvegi 46E, Kópavogi**
**Sími: 567 1800**

---

ASKJA
**NOTAÐIR BÍLAR**



SUZUKI Grand vitara premium+ (cruise, a/c, álfelgur). Árgerð 2011, ekinn 39 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.890.000. Rnr.240558.



MERCEDES-BENZ B 220 CDI. Árgerð 2014, ekinn 23 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 5.390.000. Rnr.161332.



Kia Ceed LX 1.4. Árgerð 2013, ekinn 36 Þ.KM, dísel, 6 gírar. Verð 2.990.000. Rnr.240525. 5 ár eftir af verksmiðjuábyrgð.



HONDA CR-V executive. Árgerð 2007, ekinn 74 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.190.000. Rnr.991216.

**ASKJA notaðir bílar**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**

---

ÍSBAND.IS
BÍLAINNFLUTNINGUR



**2015 NÝJIR GMC 3500**
Nýtt útlit að utan sem innan, Dísel, Komdu og kynntu þér málið útvegum allar gerðir af GMC, erum að taka niður pantanir, Kíktu á síðuna okkar www.isband.is

**Íslensk-Bandaríska ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbæ**
**Sími: 534 4433**
**Opið virka daga 10-18.00 og lau 11-15**
**http://www.isband.is**

---

**STÓRA BÍLASALAN**



TOYOTA LC 120 VX.33" Breyttur Árgerð 01/2008, ekinn 96 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur,leður 1 EIGANDI. Verð 5.490.000. Rnr.160997

**Stóra bílasalan**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**http://www.stora.is**

---

TOYOTA
Baldursnes 1 Akureyri
Sími 460 4300
www.toyotaakureyri.is



TOYOTA Land Cruiser 200 VX 7 manna . 2/2014, 17þ.km, dísel, sjálfskiptur, vel útbúinn bíll. Verð 18.900.000. Skipti ód. Rnr.200020.



TOYOTA Land Cruiser 150 GX 7manna. 2/2014, 19þ.km, dísel, sjálfskiptur, krókur, filmur, bakkmyndavél. Verð 10.150.000. Skipti ód.Rnr.118620.



TOYOTA Land Cruiser 150 GX. 10/2013, 46þ.km, dísel, sjálfskiptur, krókur, filmur. Verð 9.290.000. Skipti ód.Rnr.122810.

---


TOYOTA
Baldursnes 1 Akureyri
Sími 460 4300
www.toyotaakureyri.is




TOYOTA Land Cruiser 150 GX. 6/2013, 48þ.km, dísel, sjálfskiptur, krókur, filmur. Verð 9.170.000. Skipti ód. Rnr.122834.



TOYOTA Avensis s/d Sol 2.0 dísel . 8/2013, 41þ.km, dísel, 6 gírar. Verð 4.190.000. Skipti ód. Rnr.200250.



TOYOTA Avensis stw Sol 1.8. 5/2012, 40þ.km, bensín, 6 gírar. Verð 3.540.000. Skipti ód. Rnr.209478.

---


TOYOTA
Baldursnes 1 Akureyri
Sími 460 4300
www.toyotaakureyri.is




TOYOTA Hilux d/c DLX 2.5. 1/2015, óekinn, dísel, 5 gírar, pallok, heitkl, stigbretti o.fl. Verð 6.760.000. Skipti ód.Rnr.200235.



TOYOTA Rav4 GX Plus 2.0 dísel . 10/2014, 2þ.km, dísel, 6 gírar, leiðsögukerfi. Verð 5.270.000. Skipti ód. Rnr.200323.

**Toyota Akureyri**
**Baldursnes 1, 600 Akureyri**
**Sími: 460 4300**
**Opið virka daga 9-18**







# Hljóðlátar baðviftur

# TILBOÐ

**300+**
Yfir 300 týpur á lager

**30+** viftur
- 30 daga skilréttur
- Full endurgreiðsla
- Engin inneignarnóta



VENTS

**Hljóðlátar viftur**
frá **8.990**

# Við aðstoðum við valið

# Allt í einu!

Allt sem þú þarft
til þess að ganga
frá viftunni!



**TILBOÐ**

# Útsogsvifta

Öflugar útsogsviftur,
í mörgum stærðum.
Koma í eigin
veðurhlíf!



**Verð frá 29.990**

# Rörablásarar

Gríðarlegt úrval
af rörablásurum.
Litlir,stórir, plast eða
blikk.



viftur.is
Sérfræðingar í viftum

1983 - 2013
30
ára reynsla

íshúsið
S:566 6000 ● Smiðjuvegur 4a, græn gata

## Trésmíði

**INNRETTINGAR.IS**
Sérsmíðum innréttingar eftir þínum þörfum. Sérsmíði ehf s. 587 0777.

## Önnur þjónusta

**Blekhylki.is**
Ódýr blekhylki og tónerar í flesta prentara, Hagkaup Smáralind, Fjarðargata 11 Hf og í síma 517-0150

# KEYPT & SELT

## Til sölu



**LOK Á HEITA POTTA OG HITAVEITUSKELJAR.**
Stærðir í cm: 235x235, 217x217, 210x210, 200x200, 217x235, 217x174. Lokin þola 1000 kg jafnarðarþunga af snjó. Vel einangruð og koma með 10 cm svuntu. Sterkustu lokin á markaðnum. Litir: Brúnt eða Grátt. Opnarar til þess að auðvelda opnun á loki. www.Heitirpottar.is Sími 777 2000

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!
www.kaupumgull.is
**Opið mán - lau 11-17, Kringlan - 3. hæð (Hagkaupsmegin)**
**Upplýsingar í síma 661 7000**

## Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www. betriheilsa.is/erla

## Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**WWW.LEIGUHERBERGI.IS**
Dalshraun 13 Hafnarfirði
Funahöfða 17a-19, Reykjavík
Smiðjuvegi 68-72 Kópavogi
VERÐ FRÁ 47.500 á mán. Rent a room price from 47.500 kr. per month.
**gsm 777 1313**
**leiga@leiguherbergi.is**

Til leigu 55fm íbúð á Álftanesi. Langtímaleiga, reyklaus, laus nú þegar. 85þús á mán m. raf + hita. Uppl. í s. 699 7887

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers frá 3000 kr mán. Langtímasamningur í boði. S. 567 4046 & 892 0808.

**GEYMSLULAUSNIR.IS**
Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

**GEYMSLURTILLEIGU.IS**
Nýjar sérhannað 300 geymslur, stærðir 1,7-7,2 fm. Opnunartilboð: Fyrsti mánuðurinn frír. Aðgangur 24 tíma sólarhrings, upphitað og vaktað. Smiðjuvegur 4 Kópavogi. S: 4143000.

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**APOTEK RESTAURANT**

**KVÖLD- OG HELGARVINNA Á APOTEK RESTAURANT**
Apótekið leitar að hressum þjónum í aukavinnu. Brosmildi, metnaður og reynsla skilyrði.
Ef þú vilt slást í hópinn sendu ferilskrá á huld@ apotekrestaurant.is fyrir 6. mars.
**Nánari upplýsingar eru veittar í síma 551 0011**

**VÉLAVERKSTÆÐI**
Vanur maður eða lagtækur óskast við viðgerðir og smíðar. Góð laun í boði.
**Umsóknir sendist á thjonusta@365.is Merkt: „Vélverkstæði"**

**ENERGIA VEITINGAST. SMÁRALIND**
Þjónn óskast á kaffibar og í sal í fullt starf. 20 ára og eldri, íslenskukunnátta skilyrði.
**Umósknir sendist á energia@ energia.is ásamt uppl.**

## Atvinna óskast

Frískur 18 ára kk, óskar eftir vinnu. Allt kemur til greina. Get byrjað strax. S. 869 6181

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**Rauða Torgið**
Sönn tilbreyting • Heit ævintýri
Stefnumót: 905-2000 • 535-9920
Konur, allt frítt í s. 555-4321
Karlar auglýsa frítt, 535-9922
Heitar kynlífssögur
905-2002 • 535-9930
Símadömur o live spjall
908-6000 • 535-9999

Vélstjóri óskast á Maggý VE 108. Vélastærð er 624 hö ,459kw.

Upplýsingar hjá Viðari Elíassyni 895 1965 / 481 3600.

**Orlofsnefnd húsmæðra í Reykjavík**

Kynningarfundur á ferðum ársins verður haldinn á Hóteli Natura (Loftleiðahóteli) þriðjudaginn 3. mars kl. 20:00 Kaffiveitingar verð 2.500 kr.

| **Orlofsferðir árið** | **2015** |
|---|---|
| Þjórsárdalur, dagsferð | 20. júní |
| Akureyri, Mývatn, Hrísey | 09.-11. okt. |
| Færeyjar | 15.-18. maí |
| Þýskaland, Passau | 04.-09. júní |
| Ítalía, St.Tropez | 06.-13. júní |
| England, Wales | 21.-27. ágúst |
| Aventuferð, Heidelberg | 27.-30. nóv. |

Skrifstofa Orlofsnefndar að Hverfisgötu 69 er opin mánud.-miðvikud. kl.16:30-18:00 s. 551 2617

Í lögum um orlof húsmæðra segir svo: " Sérhver kona, sem veitir eða hefur veitt heimili forstöðu án launagreiðslu fyrir það starf, á rétt á að sækja um orlof."

**Stjórnin**

Parketundirlegg, furugólfborð og kúlupanell

Á lager 3 mm. parketsvampur. Verð kr. 200 per m2 án vsk.
Ódýru furugólfborðin komin aftur. Verð kr. 2.500 per m2 án vsk. Pantanir óskast sóttar.
Kúlupanell, 14 mm. kominn aftur.
Breidd 95 og 120mm. Verð 1.860 kr. per m2 án vsk.

Eikin ehf. Kleppsmýravegi 8, sími 577 2577, eikin@eikin.is

**SMIÐIR - VERKAMENN - MÚRARAR**

ERUM MEÐ VANA SMIÐI, VERKAMENN, MÚRARA OG PÍPARA SEM ERU KLÁRIR Í MIKLA VINNU.

**HANDAFL EHF s. 777 2 333**

**Landsvirkjun**

# Útboð nr. 20191 Búðarhálsvirkjun Lóðarfrágangur

Landsvirkjun óskar eftir tilboðum í frágang lóðar við Búðarhálsvirkjun samkvæmt útboðsgögnum nr. 20191.

Í megindráttum felst verkið í yfirborðsfrágangi á aðkomuvegi og plani við stöðvarhús, að fjarlægja ýmsar bráðabirgðalagnir og annan búnað úr jörðu m.a. vegna vinnubúða Landsvirkjunar, landmótun, gangstéttargerð og öðrum minni frágangsverkefnum utanhúss.
**Helstu magntölur í verkinu eru:**

| | | |
|---|---|---|
| (1) | **Fyllingar** | **500 m³** |
| (2) | **Burðarlög** | **1.800 m³** |
| (3) | **Malarslitlag** | **1.300 m²** |
| (4) | **Klæðning** | **7.700 m²** |
| (5) | **Steinsteypa** | **40 m³** |

*Verkinu skal að fullu lokið 15. júlí 2015.*

Útboðsgögn eru aðgengileg á útboðsvef Landsvirkjunar, *http://utbod.lv.is.*
Tilboðum skal skila til Landsvirkjunar, Háaleitisbraut 68, fyrir klukkan **12:00 þriðjudaginn 31. mars 2015** þar sem þau verða opnuð kl. 14:00 sama dag og lesin upp að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.



# Hagamelur 52

**Falleg sérhæð 202,3 m²**

| | |
|---|---|
| Stærð 174,3 m² ásamt bílskúr að stærð 28,0 m² Efri sérhæð Eign sem hefur verið vel um gengin | Fjórbýlishús Húsið stendur á 860 m² eignarlóð Ein af glæsilegri efri sérhæðum |

Afhending samkomulag

Verð: **62,9 millj.**





Óskar R. Harðarson
hdl. og löggiltur fasteignasali

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -



Nánari upplýsingar veitir
**Jórunn Skúladóttir**
sölufulltrúi
sími: 845 8958
jorunn@miklaborg.is

**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**
ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

## Núpabakki 9

**Eignin verður til sýnis frá kl. 17.15-17.45**




Afar glæsilegt og vel skipulagt 211,2 fm. raðhús á pöllum með innb. 22,0 fm. bílskúr. Stórar svalir eru til suðvesturs útaf stofum og afgirt og skjólsæl viðarverönd er útaf neðri hæð til suðurs og vesturs. Húsið hefur verið mikið endurnýjað á sl. árum, m.a. bæði baðherbergin, eldhúsinnrétting og tæki, gólfefni að hluta, allar innihurðir og allt gler. Alrými sem í eru rúmgóðar og bjartar stofur með mikilli lofthæð og eldhús. Sjónvarpstofa og fjögur herbergi. Hellulögð innkeyrsla og skjólsæl nýleg viðarverönd bakatil. **Verð 52,9 millj. Verið velkomin.**

# KOL

KITCHEN • BAR

# NÝR OG SPENNANDI MATSEÐILL

*Brot af því besta:*

**GRILLAÐ LAMBA SIRLOIN**
Rófur, geitaostur, pólenta, hvítlaukur, soðsósa

**RIBEYE 250g**
Jarðskokkar, gljáður laukur, kartöflugratín með rjómaosti, béarnaise

**NAUTALUND 200g**
Jarðskokkar, gljáður laukur, kartöflugratín með rjómaosti, béarnaise

**NAUTATVENNA**
Nautalund, uxabrjóst, toppkál, kartöflumauk, nautasoðgljái

**UXABRJÓST**
Andarlifur, kartöflumauk, sinnepsfræ, jarðskokkar

**TÚNA**
Kolaður túnfiskur, bonito-gljái beikon, sítrónugrassmajó, kex

**PORK ME**
Djúpsteikt grísasíða, epli, beikon, majónes

**SALTAÐ UXABRJÓST**
Piparrót, majónes, sinnep, grillað brauð

**GRAFIN BLEIKJA**
Vestfirsk hveitikaka, rauðrófupestó, estragonmajónes

**NAUTA TATAKI**
Nautatataki, chili, kóriander, kex

**HVÍTSÚKKULAÐI OSTAKAKA**
Ástaraldin, bakað hvítt súkkulaði, kókosís

**CONFIT DE CANARD**
crispy andarlæra „confit“, perlu-cous cous, gulrætur, appelsínur, cashewhnetur og soðsósa

**NÆTURSALTAÐUR ÞORSKHNAKKI**
Grillað toppkál, blaðlaukur, quinoa, beurre blanc

**KOLAÐUR LAX**
Kjúklingabaunir, grilluð paprika, sítrónuconfit, humarbisque

**HNETUSTEIK**
Kartöflumauk, gljáð rótargrænmeti, jarðskokkamauk

**RISOTTO**
Villisveppir, hægeldað naut, parmesan

**BLÁSKEL Í SOÐI**
Saffran, sítróna, andafitukartöflur, spicy majó

*Borðapantanir í síma 517 7474 eða info@kolrestaurant.is*








SKÓLAVÖRÐUSTÍGUR 40 · 101 REYKJAVÍK · SÍMI 517 7474 · INFO@KOLRESTAURANT.IS · KOLRESTAURANT.IS



2 | 19:20
**UM LAND ALLT**
Kristján Már Unnarsson heimsækir hrossaræktarbú að Lækjamóti í Húnavatnssýslu. Þar hafa hjónin Ísólfur Líndal Þórisson og Vígdís Gunnarsdóttir nýlega reist eina veglegustu reiðhöll landsins með stuðningi ensks auðmanns.


SKEMMTILEGT
**ÞRIÐJUDAGSKVÖLD!**
Fáðu þér áskrift á 365.is
365




2 | 20:20
**MODERN FAMILY**
Við skyggnumst inn í líf þriggja ólíkra fjölskyldna sem eiga það sameiginlegt að lenda í hinum fyndnustu aðstæðum.



2 | 21:55
**LAST WEEK TONIGHT WITH JOHN OLIVER**
Spjallþáttur með John Oliver sem fer yfir atburði vikunnar á sinn einstaka hátt.



3 | 20:15
**ONE BORN EVERY MINUTE US**
Vandaðir og áhugaverðir þættir þar sem við fylgjumst með komu nýrra einstaklinga í heiminn.



b | 22:00
**HANNA**
Merkileg saga 16 ára stúlku sem elst upp hjá föður sínum sem þjálfar hana til að verða leigumorðingi.



G | 22:00
**GAME OF THRONES**
Einn þáttur sýndur hvern virkan dag fram yfir páska þar til ný sería birtist á Stöð 2.



Krakkastöðin | 19:00
**LUKKU LÁKI**
Skemmtileg teiknimynd um kúrekann Lukku Láka sem ferðast um villta vestrið og heldur uppi friði.

365.is

## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1 | | | | 7 | | | |
| 3 | 4 | 9 | | | | 6 | | |
| | | 2 | | | 6 | | | 4 |
| 5 | | | | 9 | | 3 | 8 | |
| | 7 | | | | | 1 | | |
| | | 8 | 7 | 5 | | 9 | 4 | |
| | | 1 | | 6 | | | 5 | 3 |
| 4 | 8 | 5 | 3 | | | | | 1 |
| 6 | | | 2 | 1 | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 4 | 5 | | | | |
| | 9 | 4 | | | | | 8 | 5 |
| | 3 | 7 | | 9 | 1 | | | |
| | | | | 8 | | 3 | 9 | |
| | | 6 | 1 | | 7 | 8 | | 2 |
| | | | 9 | | | | | 4 |
| 3 | | | | | | 7 | | 9 |
| | | | 3 | 1 | 2 | | | 8 |
| | 1 | | | 6 | | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 6 | | | 9 | 2 | |
| | | | | | | 3 | | 1 |
| 5 | 1 | | 3 | | 9 | 8 | | 6 |
| | 6 | | | | | | 8 | |
| 9 | 3 | 8 | 4 | | 1 | | | |
| 1 | | | | | 6 | | | |
| 4 | | | | | 7 | | 3 | 2 |
| | | 6 | 5 | | 2 | | | 8 |
| | | 1 | | | 3 | | | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 5 | 6 | 8 | 2 | 4 | 1 | 3 | 7 |
| 7 | 8 | 3 | 9 | 1 | 5 | 2 | 4 | 6 |
| 1 | 2 | 4 | 6 | 3 | 7 | 5 | 8 | 9 |
| 8 | 9 | 2 | 7 | 5 | 6 | 4 | 1 | 3 |
| 3 | 4 | 7 | 1 | 8 | 9 | 6 | 2 | 5 |
| 5 | 6 | 1 | 2 | 4 | 3 | 7 | 9 | 8 |
| 2 | 7 | 9 | 3 | 6 | 1 | 8 | 5 | 4 |
| 4 | 3 | 8 | 5 | 7 | 2 | 9 | 6 | 1 |
| 6 | 1 | 5 | 4 | 9 | 8 | 3 | 7 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 7 | 6 | 4 | 2 | 8 | 3 | 5 | 1 |
| 8 | 2 | 3 | 1 | 9 | 5 | 7 | 4 | 6 |
| 4 | 5 | 1 | 3 | 6 | 7 | 8 | 9 | 2 |
| 6 | 3 | 8 | 9 | 7 | 4 | 1 | 2 | 5 |
| 1 | 4 | 5 | 8 | 3 | 2 | 9 | 6 | 7 |
| 7 | 9 | 2 | 5 | 1 | 6 | 4 | 8 | 3 |
| 2 | 6 | 9 | 7 | 4 | 3 | 5 | 1 | 8 |
| 3 | 8 | 4 | 2 | 5 | 1 | 6 | 7 | 9 |
| 5 | 1 | 7 | 6 | 8 | 9 | 2 | 3 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 3 | 7 | 8 | 4 | 9 | 6 | 5 | 1 |
| 8 | 9 | 5 | 2 | 1 | 6 | 3 | 4 | 7 |
| 4 | 1 | 6 | 3 | 7 | 5 | 2 | 8 | 9 |
| 9 | 2 | 3 | 4 | 8 | 7 | 1 | 6 | 5 |
| 7 | 4 | 1 | 6 | 5 | 2 | 8 | 9 | 3 |
| 5 | 6 | 8 | 9 | 3 | 1 | 4 | 7 | 2 |
| 1 | 8 | 9 | 7 | 6 | 3 | 5 | 2 | 4 |
| 3 | 7 | 4 | 5 | 2 | 8 | 9 | 1 | 6 |
| 6 | 5 | 2 | 1 | 9 | 4 | 7 | 3 | 8 |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SPAKMÆLI DAGSINS

**Við stöndum með annan fótinn í vanans landi, en hinn í tímans flugskreiða ferjupramma, sem berst hratt eftir árstraumnum.**

*Þorgils gjallandi.*

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Hannes Hlífar Stefánsson (2.573) hefur sýnt afburða endataflstækni á EM einstaklinga. Í gær gegn spænska stórmeistaranum Ivan Salgado Lopez (2.628).**

**Hvítur á leik**



**33. Hb3! Kg6 34. Hxa5 bxa5 35. Rc2 h4 36. Rxa3** og hvítur vann skákina eftir 72 leiki. Hannes hefur 4½ vinning eftir 6 umferðir og er aðeins hálfum vinningi á eftir efstu mönnum.

**www.skak.is:** Hvað gerir Hannes í dag?

## KROSSGÁTA



**LÁRÉTT**
**2.** hluta sólarhrings, **6.** slá, **8.** verkur, **9.** kæla, **11.** aðgæta, **12.** gerviefni, **14.** kryddblanda, **16.** í röð, **17.** grús, **18.** bókstafur, **20.** bókstafur, **21.** velta.

**LÓÐRÉTT**
**1.** spaug, **3.** strit, **4.** mótrök, **5.** hallandi, **7.** áleitinn, **10.** Fæða, **13.** maðk, **15.** skál, **16.** húðpoki, **19.** núna.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** dags, **6.** rá, **8.** tak, **9.** ísa, **11.** gá, **12.** nælon, **14.** karri, **16.** hí, **17.** möl, **18.** enn, **20.** ká, **21.** snúa. **LÓÐRÉTT: 1.** grín, **3.** at, **4.** gagnrök, **5.** ská, **7.** ásækinn, **10.** ala, **13.** orm, **15.** ílát, **16.** hes, **19.** nú.

# HÁSKERPU 4K OFURUPPLAUSN

## Philips Ambilight sjónvarp með Android stýrikerfinu




PHILIPS



- Glæsileg rammalaus hönnun
- Ultra HD – 4K ofur háskerpuupplausn 3840x2160
- Pixel Precise Ultra HD myndvinnsla með quad core örgjörva
- Alvöru myndgæði með 600Hz PMR Ultra, Perfect Natural Motion og Micro Dimming Pro
- Ambilight baklýsing, eykur upplifun til muna
- Android stýrikerfi , nýr heimur leikja, kvikmynda og afþreyingar, til dæmis sjónvarp Símans, OZ appið og Google Play Movies beint í tækið
- Twin tuner – hægt að horfa á eina stöð og taka upp aðra á sama tíma
- Snjöll fjarstýring – Vönduð fjarstýring með músabendli, lyklaborði og hægt að tala við tækið!
- Endalausir möguleikar með Cloud TV, Simplyshare, Multiroom server, Dropbox og Miracast
- Hægt er að horfa á 3D myndir – 4 gleraugu fylgja!

ambi light 2
með Android
ULTRA RESOLUTION
PixelPrecise ULTRA HD
Twin Tuner
2xDVB-T2 2xDVB-C 2xDVB-S2
QuadCore
600Hz PMR ULTRA

**49"** Philips 49PUS7909
**TILBOÐ**
**179.995**
VERÐ ÁÐUR 229.995

**55"** Philips 55PUS7909
**TILBOÐ**
**249.995**
VERÐ ÁÐUR 349.995

PHILIPS

Heimilistæki ht.is

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 30 **AKUREYRI** S: 460 3380 • KAUPVANGI 6 **EGILSSTÖÐUM** S: 414 1735 • ÞJÓÐBRAUT 1 **AKRANESI** S: 431-3333 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500

## TÍST VIKUNNAR



**Þóra Tómasdóttir**
@thoratomas
27. febrúar

Heimurinn er klofinn í tvennt. Milljarðar manna í öðrum hópnum, nokkrar hræður í hinum. Þeir sem elska #Birdman og við sem þolum hana ekki.



**Steiney Skúladóttir**
@steiney_skula
27. febrúar

Held það verði bara pizza og heilalaus mynd #fössari #TGIF



**Sunna Ben**
@SunnaBen
26. febrúar

Kettirnir mínir eru alltaf að ýta á Caps Lock fyrir mig, þeim finnst mig vanta smá eldmóð eða peee-sjón, eins og þau kalla það.



**Anna Margrét Gunnarsdóttir**
@adhdkisan
27. febrúar

Ég ætla ekki að mynda mér skoðun á þessum tíðrædda kjól enda er hann ljótur með eindæmum og því sé ég ekki ástæðu til að veita honum athygli.



**Þorsteinn Guðmunds**
@ThorsteinnGud
24. febrúar

Það sem maður sparar sér í sólarvörn á þessu landi.



**HÁPUNKTUR** Lokainnkoman á tískusýningunni var tilkomumikil.

# MÆÐUR OG BÖRN Á PÖLLUNUM

Haustlína Dolce & Gabbana var sýnd á Milan Fashion Week síðastliðinn sunnudag. Línan ber heitið Mamma og endurspeglaði tískusýningin nafnið, en pallana prýddu börn og óléttar konur.



**YNDISLEGT** Skælbrosandi og alsæl með kornabarn í fanginu.

**GLÆSILEG** Ítalska fyrirsætan Bianca Balti var stórglæsileg á pallinum, hún gengur nú með sitt annað barn.



**FÍNLEGT** Litirnir í línunni eru mildir og fallegir.



**EYRNASKJÓL** Það var talsvert um að fyrirsæturnar bæru áberandi skreytt eyrnaskjól og heyrnartól á pallinum.



**SKEMMTILEGT** Fallegir litir og munstur á þessum kjól úr haustlínu merkisins.



**RÓSIR** Fríðar dömur á pallinum og tóku sig vel út saman. Rósir voru áberandi á sýningunni.



**Í STÍL** Fínar og flottar saman í ljósbleikum kjólum með myndum af rauðum rósum.

**Allt sem þér viljið að aðrir menn geri yður, það skuluð þér og þeim gera.**

www.versdagsins.is

# Electrolux

# GÆÐI OG GOTT VERÐ



**69.900 kr**
FRÁBÆRT VERÐ

Electrolux 5 ÁRA ÁBYRGÐ 30 DAGA SKILARÉTTUR

**Þurrkari** EDC1072LDW
7kg.
1805568



**69.900 kr**
FRÁBÆRT VERÐ

Electrolux 5 ÁRA ÁBYRGÐ 30 DAGA SKILARÉTTUR

**Þvottavél** EWP 1274TDW
7 kg, 1200 snúninga
1808864

---




**Þvottavél EWP 1474TDW**
7 kg, 1400 snúninga
orkunýting A++
1805658
**74.290**kr




**Þvottavél/þurrkari**
EWW 1476HDW
1860170
**162.990**kr




**Uppþvottavél** ESF 5521LOW
Orkunýting A+, Þurrkhæfni A, Þvottahæfni A
Hljóðstyrkur 45 dB
1808976
**76.490**kr




**Spanhelluborð** EHH 6340FOK
Rammalaust 60 cm
1808812
**89.900**kr



**Örbylgjuofn** EMM 2100W
21 ltr. 800W, hvítur.
1803028
**17.990**kr




**Blástursofn**
EOC 3411AOW
Hvítur. 74 ltr, orkunýting A,
kjöthitamælir.
1830203
**72.690**kr




**Blástursofn**
EOC 3411AOX
Kámfrítt stál. 74 ltr, orkunýting A+,
sjálfhreinsandi Pyrolytic. Coolfront.
1830201
**116.900**kr




**Blástursofn**
EOC 5946AOX
Kámfrítt stál. 74 ltr, orkunýting A+,
sjálfhreinsandi Pyrolytic. Coolfront.
1805612
**235.900**kr




**Spanhelluborð** EHD 8740FOK
80 cm
1805388
**175.900**kr

**5 ára ábyrgð á öllum heimilistækjum frá Electrolux í Húsasmiðjunni**

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

**HÚSASMIÐJAN ER SÖLU- OG ÞJÓNUSTUAÐILI ELECTROLUX Á ÍSLANDI**




**SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA**

| | | |
|---|---|---|
| BEFORE I GO TO SLEEP | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | |
| BEFORE I GO TO SLEEP VIP | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | |
| HOT TUB TIME MACHINE 2 | KL. 5:50 - 8 - 10:40 | |
| THE THEORY OF EVERYTHING | KL. 8 - 10:10 | |
| FIFTY SHADES OF GREY | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | |
| JUPITER ASCENDING 2D | KL. 8 | |
| SVAMPUR SVEINSSON ÍSL TAL 2D | KL. 5:50 | L |
| AMERICAN SNIPER | KL. 10:40 | |
| BIG HERO 6 ÍSL TAL 2D | KL. 5:50 | L |

**SAMBÍÓIN EGILSHÖLL**

| | | |
|---|---|---|
| BEFORE I GO TO SLEEP | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | |
| HOT TUB TIME MACHINE 2 | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | |
| KINGSMAN: THE SECRET SERVICE | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | |
| JUPITER ASCENDING 2D | KL. 10:30 | |
| SVAMPUR SVEINSSON ÍSL TAL 2D | KL. 5:30 | L |
| THE IMITATION GAME | KL. 8 | |

**SAMBÍÓIN KRINGLUNNI** NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| INTO THE WOODS | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 7 |
| THE THEORY OF EVERYTHING | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | |
| THE IMITATION GAME | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | |

**SAMBÍÓIN KEFLAVÍK**

| | | |
|---|---|---|
| BEFORE I GO TO SLEEP | KL. 10:30 | |
| INTO THE WOODS | KL. 8 | 7 |
| ANNIE | KL. 8 | L |
| FIFTY SHADES OF GREY | KL. 10:30 | |
| SVAMPUR SVEINSSON ÍSL TAL 2D | KL. 5:50 | L |
| PADDINGTON ÍSL TAL 2D | KL. 5:50 | L |

**SAMBÍÓIN AKUREYRI**

| | | |
|---|---|---|
| BEFORE I GO TO SLEEP | KL. 10:40 | |
| INTO THE WOODS | KL. 5:20 - 8 | 7 |
| HOT TUB TIME MACHINE 2 | KL. 10:40 | |
| THE THEORY OF EVERYTHING | KL. 8 | |
| SVAMPUR SVEINSSON ÍSL TAL 2D | KL. 5:50 | L |

**ÞRIÐJUDAGS TILBOÐ Í DAG**

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ




**SMÁRABÍÓ** AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| ANNIE | KL. 5 | L |
| INTO THE WOODS | KL. 5 | 7 |
| HRÚTURINN HREINN | KL. 3.30 | L |
| HOT TUB TIME MACHINE | KL. 8 - 10.10 | 16 |
| FIFTY SHADES OF GREY | KL. 8 - 10.40 | 16 |
| KINGSMAN | KL. 8 - 10.45 | 16 |
| PADDINGTON | KL. 5.45 - ÍSL TAL | L |

**HÁSKÓLABÍÓ** AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| ANNIE | KL. 5.30 | L |
| VEIÐIMENNIRNIR | KL. 5.30 - 8 - 9 - 10.40 | 16 |
| BIRDMAN | KL. 5.30 - 8 - 10.40 | 12 |
| ÖMURLEG BRÚÐKAUP | KL. 5.30 - 8 - 10.20 - ÍSL TEXTI | L |

LAUGARÁS BÍÓ
ÞÚ FÆRÐ Coca-Cola Í LAUGARÁSBÍÓI




ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| STILL ALICE | 5:45, 8, 10:10 | L |
| ANNIE | 5:15 | L |
| VEIÐIMENNIRNIR | 8, 10:30 | 16 |
| HRÚTURINN HREINN | 5:45 | L |
| FIFTY SHADES OF GREY | 8 | 16 |
| KINGSMAN | 10:40 | 16 |


# Blóðberg heillar Bandaríkjamenn

Íslenska kvikmyndin Blóðberg verður endurgerð sem sjónvarpssería í Bandaríkjunum, ef allt gengur eftir. Umboðsskrifstofan ICM Partners kom að máli við framleiðendurna, Vesturport, vegna myndarinnar eftir kvikmyndahátíðina í Gautaborg, þar sem myndin var sýnd sem verk í vinnslu. Heilluðust þeir af sögunni og vinna nú að því að finna handritshöfund að sjónvarpsseríunni. Blóðberg verður frumsýnd á Stöð 2 um páskana og fer svo eftir það í sýningu í kvikmyndahúsum landsins. Það má því með sanni segja að það séu spennandi tímar fram undan hjá Vesturporti.




**SPENNANDI** Það má með sanni segja að það séu spennandi tímar fram undan.

# Saga handa börnum II

**BAKÞANKAR**
Söru McMahon

Í loks síðasta árs lét ég loks verða af því að skrá mig sem líffæragjafa. Landlæknisembættið hafði þá opnað sérstakan vef þar sem landsmönnum gafst (og gefst enn) kostur á að skrá afstöðu sína til líffæragjafar og á nokkrum vikum skráðu rúmlega tíu þúsund manns sig.



**NOKKRUM** mánuðum eftir skráningu mína birti RÚV frétt þar sem fram kom að um 70 prósent skráðra líffæragjafa á Íslandi væru konur!

**ÞESSI** mikli kynjamunur einskorðast víst ekki við Ísland: Í Bandaríkjunum er meirihluti „lifandi líffæragjafa" konur. Það er sá sem gefur veikum einstaklingi t.d. annað nýra sitt eða hluta líffæris. Og könnun sem gerð var í Þýskalandi árið 2008 sýndi að þýskar konur voru töluvert jákvæðari í garð líffæragjafa en þýskir karlmenn. Þær voru einnig andvígari því að lifandi líffæragjafi hlyti þóknun fyrir gjöfina, en meirihluti aðspurðra karla var hlynntur slíkum greiðslum.

**ÞESSAR** fréttir komu mér nokkuð á óvart, ég hafði búist við því að kynjahlutfallið væri jafnara þegar kæmi að líffæragjöfum, og mig langaði að vita hvað ylli þessum halla. Google skilaði mér litlu öðru en fréttum þess efnis að konur væru alltaf í meirihluta þegar kæmi að skráðum líffæragjöfum, en engu um ástæðurnar.

**EIN** blaðakona velti því fyrir sér hvort konur væru gjafmildari á líffæri sín vegna þess að þær eru almennt taldar finna til meiri samkenndar en karlmenn. Ef ekki það, þá hlaut það að vera feðraveldinu að kenna – það hafði getið af sér svo fórnfúsar konur. Konur sem eru reiðubúnar að gefa af sér til þeirra sem þurfa á að halda … í bókstaflegri merkingu.

**EN,** svo veit maður ekki.



**FULLT HÚS BARNA** Sigrún Ósk með stórri fjölskyldu á Eyrarbakka. Þau hjónin leyfðu móður náttúru að hafa sinn gang og sitja nú sæl með sinn krakkaskara. MYND/TÓMAS MARSHALL

# Mæðir á margra barna mæðrum

## Sigrún Ósk spurði spurninga sem margra barna mæður gátu svarað, bjó til þátt og hætti að kvarta í kjölfarið.

„Þar sem ég strögglaði við að komast í báða sokkana fyrir hádegi, greiða mér og fá mér að borða sitjandi fór ég sífellt oftar að hugsa um hvernig í ósköpunum konur færu að með fleiri og jafnvel miklu fleiri börn," segir Sigrún Ósk Kristjánsdóttir, sem fer af stað með nýja þáttaröð, Margra barna mæður, á morgun.

Sigrún segir hugmyndina að þáttunum hafa sprottið í kjölfar þess að hún eignaðist sitt annað barn. „Ég eignaðist tvö börn á frekar stuttum tíma, en seinna barnið lét hafa frekar mikið fyrir sér fyrsta árið."

Smám saman fór Sigrún Ósk að átta sig á að hún væri með efnivið í höndunum og að eflaust væru fleiri að velta þessum spurningum fyrir sér. „Ég bara varð að komast að hvernig fleiri barna mæður gerðu þetta allt," bætir hún við.

Úr varð að Sigrún Ósk lagðist í rannsóknarvinnu og leitaði á náðir kvenna sem eiga það sameiginlegt að eiga mörg börn, og fékk hún að fylgjast með þeim daglangt í leik og starfi.

### Níu börn, átta þeirra undir fermingaraldri

Þær konur sem Sigrún Ósk tók tali eiga á bilinu fimm til tíu börn. „Sem dæmi um fjölskyldu sem ég sæki heim er ellefu manna fjölskylda á Eyrarbakka. Þar eru níu börn, og átta þeirra eru undir fermingaraldri," segir Sigrún og bætir við að ákvörðun hafi verið tekin um að tjónka ekki við móður náttúru í þessum efnum.

„Það merkilegasta við þá heimsókn var hve áreynslulaust þeim fór þetta viðamikla verk úr höndum," segir Sigrún Ósk gáttuð. Það kom Sigrúnu einmitt einna mest á óvart hve jarðbundnar og afslappaðar mæðurnar raunverulega eru, þvert á það sem hún hafði upphaflega gefið sér.

### Sjaldan er ein báran stök

„Í fyrsta þætti sem sýndur verður á morgun, mun ég heimsækja fjölskyldu sem ákvað að bæta við sig einu barni eftir að hafa eignast tvíbura. Í því kasti reyndust þríburar svo þar voru komin fimm börn á afar stuttu tímabili," segir Sigrún og bætir við að eftir þá heimsókn hafi hún álitið sig hafa misst allan rétt til að kvarta undan sínu hlutskipti, verandi tveggja barna móðir. „Ég á nokkrar nýjar fyrirmyndir í lífinu eftir gerð þessara þátta," segir Sigrún að lokum.

gudrun@frettabladid.is





BÍÓ ★ PARADÍS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-20
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ 1000 KALL MIÐINN!

Blowfly park ........ 18.00, 20.00
Óli prik ..................... 18.00
The trip to Italy ............ 18.00
Tangerines ................. 20.10
Wild tales .......... 20.00, 22.20
What we do in the shadows ........... 22.00




Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



# Flight Facilities á Secret Solstice

## Ástralska rafsveitin sem hefur gert það gott víða verður á stóra sviðinu í sumar.

Ástralska rafsveitin Flight Facilities mun troða upp á Secret Solstice næsta sumar. Sveitin hefur getið sér gott orð fyrir framkomu á tónleikum og vakti hún nýverið sérstaka athygli fyrir myndbandið við lagið Down to Earth. Leikarinn Sam Rockwell kom fram í myndbandinu en hann er þekktur fyrir leik sinn í myndum á borð við Confessions of a Dangerous Mind og The Green Mile.



SAM ROCKWELL

„Við erum mjög stolt að kynna Flight Facilities til leiks,“ segir Friðrik Ólafsson, framkvæmdastjóri Secret Solstice, og heldur áfram: „Sveitin spilar mjög flotta og lifandi hústónlist og mun spila á stóra sviðinu hjá okkur.“

Flight Facilities gaf út plötuna Down to Earth í fyrra og naut sveitin mikilla vinsælda í fjölfarið. Nú í ár hefur hún sent frá sér tvö lög sem hafa ratað á vinsældalista í Ástralíu og eru meðlimir sveitarinnar nú á leið til Bandaríkjanna á tónleikaferðalag. Sam Rockwell segist einmitt hafa hrifist af sveitinni og hafi því verið meira en tilbúinn að koma fram í myndbandinu. „Mér finnst gaman að hrista á mér stélið,“ sagði hann í viðtali og bætti við að hann hefði lært ný dansspor við gerð myndbandsins sem munu nýtast honum á dansgólfinu til frambúðar.

**- kak**



**ÞYKJA LÍFLEGIR** Meðlimir sveitarinnar þykja líflegir og segir Friðrik Ólafsson, framkvæmdastjóri Secret Solstice, að hann og hans fólk kynni sveitina með miklu stolti.



**VINSÆLL** Drake hefur notið vinsælda frá því að fyrsta lag hans komst á lista Billboard, árið 2009. NORDICPHOTOS/GETTY

# Rapparinn Drake nú orðinn jafn Bítlunum

## Kanadamaðurinn jafnar rúmlega 50 ára met Bítlanna

Kanadíska rappstjarnan Drake hefur nú jafnað met Bítlanna frá 1964 yfir flest lög á vinsældalista Billboard í einu. Drake á nú fjórtán af hundrað vinsælustu lögunum á Hot 100-lista Billboard. Vinsældir Drakes eru því orðnar sögulegar. Tíu af þessum fjórtán lögum má finna á plötu rapparans If You're Reading This It's Too Late en hin fjögur

➜ Drake á 14 lög á Hot 100 lista Billboard.

lögin eru á plötum annarra listamanna. Vinsældir Drakes þykja ákaflega sérstakar í ljósi þess að rétt rúmlega fimm ár eru síðan fyrsta lagið eftir hann komst á lista Bilboard, en það var lagið Best I've Ever Had.

**- kak**



**SELFIE** Kim Kardashian elskar fátt meira en sjálfsmyndir.

# Opnar sig um sjálfsmyndatöku

Raunveruleikastjarnan Kim Kardashian opnaði sig um sjálfsmyndatökuæði sitt á dögunum. „Það eru svo margir sem finnst sjálfsmyndataka fáránleg. Mér finnst þetta bara gaman og ég elska að taka myndir og setja þær á netið, til þess að varðveita minningar,“ segir hún og bætir við:

„Ég er eiginlega að segja þessu fólki, já þetta er asnalegt, en þetta er bara til gamans gert.“ Öllu gríni fylgir þó einhver alvara en Kim mun gefa út bók með sjálfsmyndum af sér sem kemur út í vor, en þar má finna fyrstu sjálfsmyndina sem hún tók árið 1984.



**ÖFLUG** Hjónin Jennifer Garner og Ben Affleck hafa í nógu að snúast.

# Snýr aftur á hvíta tjaldið

Leikkonan Jennifer Garner hefur nú sent frá sér tilkynningu þess efnis að hún hyggist snúa aftur á hvíta tjaldið eftir langa fjarveru. Garner, sem er gift leikaranum Ben Affleck, segir að nú sé hennar tími kominn til að snúa aftur. „Ég hef verið heima í langan tíma með börnin og nú er bara komið að því að ég fari aftur að vinna,“ segir Garner og hún stefnir að því að byrja aftur að leika í vor og eitthvað fram á haustið. Þau Garner og Affleck eiga saman þrjú börn, Violet níu ára, Seraphina sex ára og Samuel sem er tveggja ára.



## Ólafur æfir með KIF í Danmörku

**HANDBOLTI** Ólafur Stefánsson, fyrrverandi landsliðsfyrirliði í handbolta, tekur fram skóna og hefur æfingar með danska meistaraliðinu KIF Kolding København á fimmtudaginn. Hann hefur ekki spilað síðan hann kvaddi þjóðina með stórleik gegn Rúmeníu í Laugardalshöll 16. júní 2013.

„Það er smá rými hjá mér í verkefninu mínu þannig ég get skipt um umhverfi í smá tíma. Kannski æfi ég bara í eina viku og fer svo heim en kannski kýli ég á þetta,“ sagði Ólafur við Fréttablaðið í gær.

Málið er að danska liðið, sem þjálfað er af Aroni Kristjánssyni, er í meiðslavandræðum. Sænska stórskyttan Kim Andersson er meidd. „Ef það er einhver sem getur komið inn með svona stuttum fyrirvara er það Óli,“ sagði Aron við Fréttablaðið.

Ólafur stefnir ekki á að klára tímabilið með KIF heldur bara spila tvo leiki í Meistaradeildinni gegn króatíska stórliðinu Zagreb. Hann segist þó ekki ætla að spila sé hann ekki klár. - tom



## Ekki fyrstu endurkomur ÍBV í Höllinni

**HANDBOLTI** ÍBV er bikarmeistari karla í handbolta eftir sigur á FH, 23-22, í úrslitaleik í Laugardalshöll. Þetta er í annað sinn sem ÍBV verður bikarmeistari en það vann þann fyrri fyrir 24 árum með sigri á Víkingi í Höllinni, 26-22.

Það sem einkenndi bikarúrslitahelgina hjá Eyjamönnum voru endurkomurnar. ÍBV var sex mörkum undir, 18-12, gegn Haukum í undanúrslitum en skoraði níu mörk í röð og breytti stöðunni í 21-18. Það vann svo leikinn, 23-21.

Í úrslitaleiknum sjálfum gegn FH var ÍBV mest fjórum mörkum undir í fyrri hálfleik, 11-7. Eins og í undanúrslitunum gafst ÍBV ekki upp enda ekki þekkt fyrir það. Eyjamenn skoruðu fjögur síðustu mörk fyrri hálfleiks og tvö fyrstu í seinni hálfleik. Samtals skoraði ÍBV sex mörk í röð og breytti stöðunni í 13-11.

Þessar endurkomur voru vel við hæfi því þegar ÍBV vann sinn fyrsta bikarmeistaratitil gegn Víkingi árið 1991 lenti liði fjórum mörkum undir í fyrri hálfleik, 7-3, og missti besta varnarmann liðsins, Sigurbjörn Óskarsson, út af með rautt spjald fyrir kjaftbrúk og læti. Eyjamenn svöruðu því mótlæti með átta mörkum í röð. Þeir breyttu stöðunni í 11-7, létu forystuna aldrei af hendi og unnu nokkuð óvæntan sigur á sterku liði Víkings, 26-22. - tom



**MEISTARAR** ÍBV er ríkjandi Íslands- og bikarmeistari. FRÉTTABLAÐIÐ/ÞÓRDÍS



**BEST** Aníta fékk þrenn verðlaun á uppskeruhátíð FRÍ. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Aníta var best á síðasta ári

**FRJÁLSAR** Aníta Hinriksdóttir, hlaupakona úr ÍR, og liðsfélagi hennar, Guðmundur Sverrisson spjótkastari, voru útnefnd frjálsíþróttakona og frjálsíþróttakarl ársins 2014 á uppskeruhátíð Frjálsíþróttasambands Íslands sem haldin var um helgina.

Aníta var einnig útnefnd frjálsíþróttamaður ársins og var því best allra á árinu 2014. Auk þess fékk hún, eins og langhlauparinn Kári Steinn Karlsson, viðurkenningu fyrir Íslandsmet sín í 800 og 1.500 metra hlaupi innanhúss sem hún setti í janúar í fyrra. Kári Steinn setti Íslandsmet í hálfu maraþoni í Kaupmannahöfn í lok árs 2014. - tom



**KOMIN AFTUR** Margrét Lára er með liðinu í Portúgal. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Mættu til Algarve í gær

**FÓTBOLTI** Íslenska kvennalandsliðið í fótbolta kom saman á Algarve í Portúgal í gær þar sem það hefur leik í Algarve-mótinu á miðvikudaginn. Eins og undanfarin ár leika stelpurnar okkar í A-deild þessa firnasterka æfingamóts.

Fyrsti leikur Íslands er á miðvikudaginn gegn Sviss sem var með okkar stelpum í riðli í undankeppni HM 2015. Sviss vann fyrri leikinn gegn Íslandi í Dalnum, 2-0, og heimaleikinn, 3-0. Sviss vann níu leiki af tíu og gerði eitt jafntefli.

Auk Sviss er Ísland í riðli með Bandaríkjunum og Noregi, en öll liðin komust á HM sem fram fer í Kanada í júní.

Freyr Alexandersson landsliðsþjálfari stýrir Íslandi í annað sinn á Algarve-mótinu, en hann náði í brons á sínu fyrsta móti fyrir ári.

Ísland mætir fyrst Sviss á miðvikudaginn klukkan 15.00, Noregi á föstudag klukkan 17.00 og svo Bandaríkjunum á mánudaginn klukkan 17.30. - tom

# Leyfi Aroni Einari að skora

Kári Árnason ætlar ekki að taka fast á félaga sínum í landsliðinu, Aroni Einari Gunnarssyni, er þeir mætast í kvöld. Það sé stutt í landsleik og enginn má við því að meiðast. Kári var hetja Rotherham um síðustu helgi.

**FÓTBOLTI** „Þetta gerist ekki oft hjá mér en þetta var hrikalega gaman. Ekki síst í ljósi þess hvað þetta var mikilvægt marki,“ segir landsliðsmaðurinn Kári Árnason en hann var hetja síns liðs, Rotherham, í enska boltanum um síðustu helgi.

Þá skoraði Kári sigurmark Rotherham gegn Millwall í rosalegum fallslag. Mark Kára kom fimm mínútum fyrir leikslok og markið hans sá til þess að Rotherham er nú sex stigum á undan Millwall sem er í fallsæti.

„Þetta var eiginlega sex stiga skalli hjá mér. Þetta var ekki fallegasti knattspyrnuleikur sem ég hef tekið þátt í. Þetta var mikill kraftabolti en skemmtilegur. Við vorum búnir að fá mikið af mörkum á okkur í síðustu leikjum og töldum okkur vera betri en við vorum. Ég rann á rassinn um daginn og gaf mark og það var gott að snúa taflinu við í næsta leik og tryggja sigur.“

### Biðu inni í klefa í 90 mínútur

Stuðningsmenn Millwall eru alræmdir og þeir tóku tapinu ekki með neinu jafnaðargeði. Þeir slógust við lögregluna eftir leik og í raun við alla sem vildu slást. Fyrir vikið gátu Kári og félagar ekki farið heim á þeim tíma sem þeir vildu.

„Okkur var haldið inni í klefa í 90 mínútur út af þessum látum. Það var lítið við því að gera. Í gamla daga hefðu menn sennilega fengið sér bjór meðan þeir biðu en núna sátu menn bara með símann úti í horni og drápu tímann,“ segir Kári og hlær dátt.

### Cardiff óvænt í basli

Það er lítill tími til þess að hvíla lúin bein því í kvöld fær Rotherham lið Cardiff, með Aron Einar Gunnarsson landsliðsfyrirliða, í heimsókn.

„Þeir eru líka í helvítis basli. Það er svolítið skrítið miðað við mannskapinn hjá þeim. Það hefur bara ekkert gengið hjá þeim í ár eins og gerist stundum. Þetta verður hörkuleikur. Við náðum jafntefli við þá á útivelli og vonumst eftir því að vinna þá heima. Við sjáum hvað setur.“

Það er stutt í næsta landsleik hjá Íslandi þannig að Kári ætlar ekkert að vera allt of harðleikinn við Aron Einar í leiknum.

„Það er allt of stutt í landsleik til þess að vera í einhverju rugli. Ég leyfi honum bara að skora ef hann kemst í færi,“ sagði Kári léttur.




**MIKIÐ ÁLAG** Kári spilar 90 mínútur í hverjum einasta leik og segist alveg vera til í svona vikufrí. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

> **Í gamla daga hefðu menn líklega fengið sér bjór en nú voru menn bara í símanum.**
>
> *Kári Árnason*

### Myndi þiggja vikufrí

Næsta verkefni landsliðsins er einmitt leikur gegn Kasakstan þann 28. mars næstkomandi. Kári er búinn að bíða eftir þeim leik.

„Ég hlakka til. Það er búið að vera mikið álag á mér samt. Ég hef spilað alla leiki og sloppið við meiðsli. Ég myndi því alveg þiggja frí í svona viku en það gleymist allt þegar maður mætir í landsliðsverkefni,“ segir Kári sem er svolítið spenntur fyrir því að koma til Kasakstans í fyrsta skipti.

„Það verður gaman að koma þangað. Það hafa ekki allir fengið tækifæri til að koma þangað. Verkefnið sem slíkt leggst vel í mig. Það er alveg ljóst að við verðum að bæta okkur frá því í síðasta leik.“

### Tékkaleikurinn ekki boðlegur

Síðasti alvöruleikur liðsins var einmitt úti í Tékklandi þar sem Ísland tapaði, 2-1. Þrátt fyrir það eru strákarnir enn í öðru sæti síns riðils en Hollendingar eru þó aðeins þremur stigum á eftir Íslandi. Tékkar eru á toppnum.

„Það þarf að fara vel yfir hvað fór úrskeiðis í þeim leik því það var ansi margt. Við verðum að líta inn á við og laga það sem þarf því þetta var ekki boðlegt. Í kjölfarið leggjum við þann leik til hliðar þegar við erum búnir að læra af honum. Við verðum líka að einblína á það sem við höfum gert vel og það er líka heilmargt,“ segir Kári en hann hefur litlar áhyggjur af sóknarleik liðsins þó framherjar liðsins séu annaðhvort lítið að spila eða meiddir.

„Ég hef engar áhyggjur af þessu. Við erum með það mikið af hæfileikaríkum strákum þarna.“

henry@frettabladid.is

# Nýti kannski frítímann til að finna kærustu

Stórskytta FH-inga, Ísak Rafnsson, fékk heilahristing í bikarúrslitaleiknum og er úr leik næstu vikurnar.

**HANDBOLTI** „Þetta verður tekið mjög alvarlega og nú tekur bara við hvíld hjá mér. Það er ómögulegt að segja hvenær ég get farið að æfa aftur,“ segir FH-ingurinn Ísak Rafnsson sem fékk heilahristing í bikarúrslitaleik FH og ÍBV. Það munaði mikið um fjarveru hans í æsispennandi leik sem ÍBV vann.

„Við förum eftir ákveðnum prófum og fylgjumst með. Svo verður tekin ákvörðun í kjölfarið um hvenær ég má byrja aftur. Nú má ég ekki verða fyrir neinu utanaðkomandi álagi og þarf bara að hvíla mig.“

Ísak segist hafa dottið aðeins út er hann meiddist en hann var fljótlega kominn í samband aftur.

„Þetta er auðvitað hundfúlt. Til að byrja með ætlaði ég mér að verða bikarmeistari og svo er ég meiddur núna. Þetta stóð ekki beint til. Ég verð samt að taka þessu og reyna að vera skynsamur. Það verður ekkert svindlað enda alvarlegt mál. Við förum eftir öllum ráðleggingum og teflum ekki á tvær hættur með svona meiðsli,“ segir Ísak fúll en nú tekur við slökun og myndbandagláp.

„Ég nýti kannski frítímann líka til að finna kærustu. Mamma er farin að hafa áhyggjur af því að ég verði einhleypur. Nú hef ég tíma til þess að skoða þau mál,“ sagði Ísak léttur þrátt fyrir mótbyrinn sem hann berst nú í gegnum. - hbg



**ÁFALL** FH á eftir að sakna Ísaks mikið á næstu vikum. FRÉTTABLAÐIÐ/ÞÓRDÍS

# Yuasa rafgeymar

## Stærsti rafgeymaframleiðandi í heiminum

## Við bjóðum fría prófun á rafgeymum




**Nesdekk-Grandi**
Fiskislóð 30 · 101 Reykjavík
Sími 561 4110

**Múlaradio ehf.**
Fellsmúla 28 · 108 Reykjavík
Sími 554 1540

**Smurstöðin Klöpp**
Vegmúli 4 · 108 Reykjavík
Sími 553 0440

**Bifreiðaverkstæði Svans ehf.**
Eirhöfða 11 · 110 Reykjavík
Sími 616 2333

**Bílson**
Klettháls 9 · 110 Reykjavík
Sími 568 1090

**Málningarverk**
Hyrjarhöfða 2 · 110 Reykjavík
Sími 554 4550

**Smur og Viðgerðarþjónustan**
Hyrjarhöfða 8 · 110 Reykjavík
Sími 567 9555

**Bifreiðaverkstæði Grafarvogs**
Gylfaflöt 24-30 · 112 Reykjavík
Sími 577 4477

**Bílaverkstæði Einars Þórs**
Bæjarflöt 8 · 112 Reykjavík
Sími 567 0080

**Hjólbarðaverktæði Grafarvogs ehf.**
Gylfaflöt 3 · 112 Reykjavík
Sími 567 4468

**Bifreiðaverkstæði Mosfellsbæjar**
Flugumýri 2 · 270 Mosfellsbær
Sími 566 6216

**Bifreiðaverkstæði Toppur**
Skemmuvegur 34 · 200 Kópavogur
Sími 557 9711

**Bílaverkstæði Kjartan og Þorgeirs**
Smiðjuvegur 48 · 200 Kópavogur
Sími 567 0060

**Bílaverkstæði Stimpill ehf.**
Akralind 9 · 200 Kópavogur
Sími 564 1095

**Bílvík ehf.**
Smiðjuvegur 4e · 200 Kópavogur
Sími 661 7062

**Knastás**
Skemmuvegur 4 · 200 Kópavogur
Sími 557 7840

**Samlind-Bílstál**
Askalind 3 · 200 Kópavogur
Sími 564 4632

**Bílaverkstæði Jóa**
Dalvegi 16a · 201 Kópavogur
Sími 564 5520

**Smurstöðin Garðabæ**
Litlatorgi 1 · 210 Garðabæ
Sími 565 6200

**Pústþjónusta BJB**
Flatahraun 7 · 220 Hafnarfjörður
Sími 565 1090

**Smur 54**
Bæjarhrauni 6 · 220 Hafnarfjörður
Sími 555 0330

**Smur og Hjólbarðaþjónustan ehf.**
Framnesvegi 23 · 230 Keflavík
Sími 421 4546

**Laghentir ehf.**
Bolafótur 1 · 230 Keflavík
Sími 456 7600

**Skipting**
Grófinni 19 · 230 Keflavík
Sími 421 3773

**Vélsmiðja Grindavíkur**
Seljabót 3 · 240 Grindavík
Sími 426 8540

**Bílaverkstæði Þóris**
Hafnarbraut 12 · 260 Njarðvík
Sími 421 4620

**Bílaverkstæði Orra**
Háholt 23 · 270 Mosfellsbær
Sími 650 9700

**Réttingaverkstæði Jóns B. ehf.**
Flugumýri 2 · 270 Mosfellsbær
Sími 566 7660

**Brautin hf.**
Dalbraut 16 · 300 Akranesi
Sími 431 2157

**Bílaverkstæði Hjalta**
Ægisbraut 28 · 300 Akranesi
Sími 431 1376

**Bílver**
Innnesvegi 1 · 300 Akranesi
Sími 431 1985

**Bifreiðaþjónusta Harðar**
Borgarbraut 55 · 310 Borgarnes
Sími 437 1192

**Bílabær**
Brákarbraut 5 · 310 Borgarnes
Sími 437 1300

**Kristinn Reynisson**
Nýjibær Bæjarsveit · 311 Borgarnesi
Sími 435 1232

**Vélabær**
Bæ · 311 Andarkílshreppur
Sími 435 1252

**KVH**
Strandgata 1 · 530 Hvammstangi
Sími 455 2300

**Vélaverkstæði Hjartar Eiríkssonar**
Búlandi 1 · 530 Hvammstangi
Sími 451 2514

**Bifreiðaverkstæði Blönduós**
Efstubraut 2 · 540 Blönduós
Sími 452 2600

**N1 Píparinn**
Efstubraut 2 · 540 Blönduós
Sími 868 6066

**Pardus**
Suðurbraut · 565 Hofsós
Sími 453 7380

**Bás**
Ránargata 14 · 580 Siglufjörður
Sími 467 1860

**BSA hf.**
Laufásgata 9 · 602 Akureyri
Sími 462 6300

**Bílatorgið Akureyri**
Dalsbraut 1 · 600 Akureyri
Sími 464 2121

**Bifreiðaverkstæði Bjarnhéðins**
Fjölnisgötu 2a · 603 Akureyri
Sími 462 2499

**Kraftbílar**
Draupnisgata 6 · 603 Akureyri
Sími 464 0000

**Múlatindur**
Múlavegur 13 · 625 Ólafsfjörður
Sími 466 2194

**Bílaleiga Húsavíkur**
Garðarsbraut 66 · 640 Húsavík
Sími 464 1888

**Bílaþjónustan**
Garðarsbraut 52 · 640 Húsavík
Sími 464 1122

**Bifreiðaverkstæði Klettur**
Hrísmýri 3 · 800 Selfoss
Sími 482 2050

**Bílaþjónusta Péturs**
Vallholti 17 · 800 Selfoss
Sími 482 2050

**Bíltak**
Hrísmýri 2a · 800 Selfoss
Sími 482 3066

YUASA

Stilling

Stilling hf. | Sími 520 8000 | stilling.is | stilling@stilling.is

# DAGSKRÁ

## Stöð 2 kl. 19.20
### Um land allt

Kristján Már Unnarsson heimsækir hrossaræktarbú að Lækjamóti í Húnavatnssýslu. Þar hafa hjónin Ísólfur Líndal Þórisson og Vígdís Gunnarsdóttir nýlega reist eina veglegustu reiðhöll landsins með stuðningi ensks auðmanns.



## Í KVÖLD



### 2 Broke Girls

**STÖÐ 2 KL. 20.00** Hressilegir gamanþættir sem segja frá stöllunum Max og Caroline sem kynnast við störf á veitingastað. Við fyrstu sýn virðast þær eiga fátt sameiginlegt, enda bakgrunnur þeirra eins ólíkur og hugsast getur.



### Modern Family

**STÖÐ 2 KL. 20.25** Sjötta þáttaröðin um líf þriggja tengdra en ólíkra nútímafjölskyldna. Í hverjum þætti lenda fjölskyldurnar í ótrúlega fyndnum aðstæðum sem við öll könnumst við að einhverju leyti.



### Flight of the Conchords

**STÖÐ 3 KL. 19.45** Frábær þáttaröð um þá Jemaine Clement og Bret McKenzie um landvinninga áströlsku hljómsveitarinnar Flight of the Conchords í Bandaríkjunum.

## Bylgjan kl. 19.15
### Erna Hrönn

Erna Hrönn með þægilega tónlist á Bylgjunni.








## STÖÐ 2

**07.00** Barnatími Stöðvar 2
**08.05** The Wonder Years
**08.30** Gossip Girl
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** The Doctors
**10.15** Anger Management
**10.40** The Night Shift
**11.25** The Middle
**11.50** Covert Affairs
**12.35** Nágrannar
**13.00** The X-Factor US
**13.45** The X-Factor US
**15.10** Time of Our Lives
**16.05** Ofurhetjusérsveitin
**16.25** Undateable
**16.45** Raising Hope
**17.10** Bold and the Beautiful
**17.32** Nágrannar
**17.57** Simpson-fjölskyldan
**18.23** Veður
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.47** Íþróttir
**18.54** Ísland í dag
**19.11** Veður
**19.20** Um land allt
**20.00** 2 Broke Girls
**20.25** Modern Family
**20.50** The Big Bang Theory
**21.10** Gotham
**21.55** Last Week Tonight with John Oliver
**22.25** Weeds
**22.55** Sailcloth
**23.15** Grey's Anatomy
**00.00** Togetherness
**00.25** Bones
**01.10** Girls
**01.40** Game of Thrones
**02.40** Getaway
**04.10** For a Good Time, Call....
**05.35** Fréttir og Ísland í dag

## SPORT besta sætið

**10.25** Juventus - Dortmund
**12.05** Valencia - Real Sociedad
**13.45** Spænsku mörkin 2014/2015
**14.15** Man. City - Barcelona
**15.55** Chelsea - Tottenham
**17.40** League Cup Highlights
**18.10** Rhein-Neckar Löwen - Flensburg
**19.30** Þýsku mörkin
**20.00** Fimmgangur
**23.15** Besiktas - Liverpool

## SPORT 2 enski boltinn

**07.10** Stoke - Hull
**08.55** WBA - Southampton
**10.35** Newcastle - Aston Villa
**12.20** Arsenal - Everton
**14.05** Premier League Review
**15.00** Man. Utd. - Sunderland
**16.40** Liverpool - Man. City
**18.20** Messan
**19.35** Aston Villa - WBA BEINT
**21.45** Southampton - Crystal Palace
**23.25** Hull - Sunderland

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** 433 **21.30** Gönguferðir

## STÖÐ 3

**17.45** Jamie & Jimmy's Food Fight Club
**18.35** Baby Daddy
**19.00** Wipeout
**19.45** Flight of the Conchords
**20.15** One Born Every Minute UK
**21.05** Pretty Little Liars
**21.50** Southland
**22.35** Flash
**23.15** Arrow
**00.00** Sleepy Hollow
**00.45** Wipeout
**01.25** Flight of the Conchords
**01.55** One Born Every Minute UK
**02.40** Pretty Little Liars
**03.20** Southland
**04.05** Flash
**04.50** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## Krakkastöðin

**07.00** Könnuðurinn Dóra **07.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **07.45** Doddi litli og Eyrnastór **07.55** Rasmus Klumpur og félagar **08.00** Áfram Diego, áfram! **08.24** Svampur Sveinsson **08.45** Latibær **08.55** UKI **09.00** Brunabílarnir **09.22** Kalli á þakinu **09.47** Ævintýraferðin **10.00** Strumparnir **10.25** Ljóti andarunginn og ég **10.47** Tommi og Jenni **10.53** Sumardalsmyllan **11.00** Könnuðurinn Dóra **11.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **11.45** Doddi litli og Eyrnastór **11.55** Rasmus Klumpur og félagar **12.00** Áfram Diego, áfram! **12.24** Svampur Sveinsson **12.45** Latibær **12.55** UKI **13.00** Brunabílarnir **13.22** Kalli á þakinu **13.47** Ævintýraferðin **14.00** Strumparnir **14.25** Ljóti andarunginn og ég **14.47** Tommi og Jenni **14.53** Sumardalsmyllan **15.00** Könnuðurinn Dóra **15.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **15.45** Doddi litli og Eyrnastór **15.55** Rasmus Klumpur og félagar **16.00** Áfram Diego, áfram! **16.24** Svampur Sveinsson **16.45** Latibær **16.55** UKI **17.00** Brunabílarnir **17.22** Kalli á þakinu **17.47** Ævintýraferðin **18.00** Strumparnir **18.25** Ljóti andarunginn og ég **18.47** Tommi og Jenni **18.53** Sumardalsmyllan **19.00** Lukku-Láki **20.25** Sögur fyrir svefninn

## GULLSTÖÐIN

**18.40** Friends
**19.05** New Girl
**19.30** Modern Family
**19.50** Two and a Half Men
**20.15** Veggfóður
**20.55** Lífsstíll
**21.15** Grimm
**22.00** Game of Thrones
**22.55** Chuck
**23.40** Cold Case
**00.20** Veggfóður
**01.05** Lífsstíll
**01.25** Grimm
**02.10** Game of Thrones
**03.05** Chuck
**03.45** Cold Case
**04.30** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## BÍÓSTÖÐIN

**11.30** Hitch
**13.30** The Vow
**15.15** The Three Stooges
**16.45** Hitch
**18.40** The Vow
**20.25** The Three Stooges
**22.00** Hanna
**23.50** The Factory
**01.35** Liberal Arts
**03.10** Hanna

## RÚV

**16.35** Herstöðvarlíf
**17.20** Músahús Mikka
**17.44** Robbi og skrímsli
**18.05** Táknmálsfréttir
**18.15** Hringborðið
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veðurfréttir
**19.35** Kastljós
**20.00** Djöflaeyjan
**20.30** Castle
**21.15** Heimilislaus Danskur heimildarþáttur um hvernig það er að búa á götunni og vita að svefnpokinn er eina örugga skjólið. Anna er 23 ára og fær það hlutverk að vera heimilislaus í Kaupmannahöfn í þrjá sólarhringa. Fylgst er með því hvernig henni gengur að komast af á götum borgarinnar.
**21.45** Handboltalið Íslands
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** Whitechapel Breskur sakamálaþáttur þar sem þrír sérfræðingar sameina krafta sína við úrlausn glæpa í Whitechapel-hverfi Lundúna.
**23.05** Spilaborg
**00.05** Kastljós
**00.30** Fréttir
**00.45** Dagskrárlok

## SKJÁREINN

**06.00** Pepsi MAX tónlist
**08.00** Everybody Loves Raymond
**08.20** Dr. Phil
**09.00** The Talk
**09.45** Pepsi MAX tónlist
**15.05** Cheers
**15.25** The Real Housewives of Orange County
**16.10** Svali & Svavar
**16.45** Benched
**17.05** An Idiot Abroad
**17.50** Dr. Phil
**18.30** The Tonight Show
**19.10** The Talk
**19.50** Men at Work
**20.15** Jane the Virgin
**21.00** Parenthood
**21.45** Elementary
**22.30** The Tonight Show
**23.15** Remedy
**00.00** Blue Bloods
**00.45** Parenthood
**01.30** Elementary
**02.15** The Tonight Show
**03.05** Pepsi MAX tónlist

## Golfstöðin

**08.00** PGA Tour 2015
**11.00** PGA Tour Latinoamerica
**11.25** PGA Tour 2015
**14.25** Golfing World 2015
**15.15** PGA Tour 2015
**18.15** Golfing World 2015
**19.05** PGA Tour 2015 - Highlights
**20.00** PGA Tour 2015
**23.00** PGA Tour 2015 - Highlights

## HRINGBRAUT

**11.00** Lífsstíll **11.30** Hringtorg **12.00** Lífsstíll **12.30** Hringtorg **13.00** Lífsstíll **13.30** Hringtorg **14.00** Lífsstíll **14.30** Hringtorg **17.00** Lífsstíll **17.30** Hringtorg **18.00** Lífsstíll **18.30** Hringtorg **19.00** Lífsstíll **19.30** Hringtorg **20.00** Lífsstíll **20.30** Hringtorg **21.00** Atvinnulífið **21.30** Neytendavaktin **22.00** Atvinnulífið **22.30** Neytendavaktin **23.00** Atvinnulífið **23.30** Neytendavaktin

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

KREDITKORT



# Í BETRI STOFUNNI

Njóttu ferðalagsins með Business og Premium Icelandair American Express®.
Þú getur slakað á í betri stofunni í Leifsstöð þegar þú flýgur með áætlunarflugi Icelandair.




Kynntu þér kostina á kreditkort.is




Kortið sem kemur þér út

AMERICAN EXPRESS

Kortið er gefið út af Kreditkort í samræmi við veitta heimild frá American Express. American Express er skrásett vörumerki American Express.

### MORGUNMATURINN



**„Ég fæ mer oftast búst og þá skelli ég hreinu skyri, frosnum ávöxtum og engifer saman. En stundum er ég latur og þá er það skál af Special-K“**

Davíð Arnar Oddgeirsson, eigandi framleiðslufyrirtækisins Mint Production og þáttarstjórnandi á Vísi.

# Athugar afleiðingar Snapchat

Tilgangurinn er að skoða hversu hratt og víða mynd fer á netinu.

Rakel Tanja Bjarnadóttir, kennari við Álftamýrarskóla, fékk nemendur sína í 5. bekk til þess að taka mynd á snapptsjattið hennar. Myndina sendi hún svo á fimmtán vini sína í þeim tilgangi að sýna nemendunum hversu langt ein mynd getur farið á netinu.

Myndina sendi Rakel um klukkan eitt þann 2. mars. Klukkan 14.50 sama dag var myndin komin á Facebook og búið að deila henni 390 sinnum. „Þetta er eiginlega dálítið klikkað. Ég er að kenna tímann Lýðræði og mannréttindi og langaði að poppa námsefnið aðeins upp og valdi að tala um netöryggi,“ sagði Rakel, og bætti við: „Það tók einn vinur skjáskot af myndinni, sem hann svo deildi á Facebook.“

Hún segir að krakkarnir hafi haldið að þetta færi bara á vini hennar. „Einn í hópnum sagði að ef þetta færi á Facebook fengi það kannski 17 læk,“ segir Rakel. Hún segir tilganginn með þessu að fá krakkana til þess að átta sig á hversu hratt mynd dreifist um netið og að kenna þeim að vera ekki kærulaus á samfélagsmiðlum.

- asi

**Þetta er eiginlega dálítið klikkað. Ég er að kenna tímann Lýðræði og mannréttindi og langaði að poppa námsefnið aðeins upp og valdi að tala um netöryggi.**




**MYNDIN** Skjáskotið af Snapchat-myndinni sem hefur nú farið af stað um netið.




# SÍÐI BOBBINN SÆKIR Í SIG VEÐRIÐ

Klippingin „long bob“ eða síður bobbi hefur átt talsverðum vinsældum að fagna upp á síðkastið. Síði bobbinn er skyldur hinum klassíska bobba sem Victoria Beckham skartaði í kringum árið 2007 en hann er bæði síðari og afslappaðri.

Svokallaður „long bob“ eða síður bobbi hefur verið vinsæl klipping hjá stjörnunum vestanhafs og er að sama skapi að sækja í sig veðrið á hárgreiðslustofum landsins.

Bobbi er stutt klipping þar sem hársíddin markast við kjálkalínu. Hinn klassíski bobbi er sléttur og eru vinsældir hans í Bretlandi oft raktar til fyrrverandi kryddpíunnar Victoriu Beckham en hún skartaði slíkri klippingu í kringum árið 2007 og svo hefur ritstjóri bandaríska Vogue, Anna Wintour, lengi skartað stuttum bobba með rennisléttum topp. Upphaf bobbans má þó rekja talsvert lengra aftur.

Svavar Örn, hágreiðslumeistari á Senter í Tryggvagötu, segist hafa orðið var við auknar vinsældir klippingarinnar.

„Allir þessir bobbar eru með smá liðum í, eins og þeir hafi fengið að þorna með saltspreyi í,“ segir Svavar og leggur áherslu á að lúkkið sé afslappað og skemmtilegt.

„Síðast þegar þeir voru áberandi var þegar Victoria Beckham sem var með stutta bobbann sinn, þá var sléttujárnið svo svakalega inn,“ segir Svavar en nú segir hann sléttujárnið mest megnis notað til þess að búa til bylgjur og liði í hárið og minna beri á rennisléttum lokkum.

„Þetta er afslappað og skemmtilegt,“ segir hann og bætir við: „Getur tekið þetta upp í gosbrunn, lítið tagl eða eitthvað. Það er ekki búið að taka það af þér.“

Svavar er ánægður með vinsældir síða bobbans og stemninguna sem honum fylgir. „Það er mjög skemmtilegt að vera hárgreiðslumaður í dag, maður er ekki bara að særa hárið,“ segir hann hress að lokum.

gydaloa@frettabladid.is



**ÁNÆGÐUR MEÐ STÍLINN** Svavar Örn hárgreiðslumeistari er hrifinn af klippingunni sem hann segir afslappaða og skemmtilega.

MYND/ÍRISANNSIGURÐARDÓTTIR

**Það er mjög skemmtilegt að vera hárgreiðslumaður í dag, maður er ekki bara að særa hárið.**



**KLASSÍSKUR BOBBI** Kryddpían fyrrverandi Victoria Beckham með stuttan bobba með styttum árið 2007.

## SÍÐI BOBBINN VINSÆLL VESTANHAFS

**Klippingin er vinsæl meðal stjarnanna vestanhafs. Meðal þeirra sem skarta klippingunni eru Kim Kardashian West, Emma Stone, Naomi Watts og Alexa Chung. Möguleikarnir og útfærslurnar eru margar.**

Hin breska **Alexa Chung** er alltaf með puttann á púlsinum og er hér með síðan bobba og hárið greitt á bak við eyrun.

Leikkonan **Naomi Watts** með síðan bobba með liðum og bylgjum á Óskarsverðlaununum, hressandi og frísklegt lúkk.

Hér skartar **Kim Kardashian West** umræddri klippingu. Hér er hún með síðan, sléttan bobba og ber hann vel.

**Emma Stone** er alltaf smart og með síðan bobba, sem er þó í styttri kantinum og afslappaða og náttúrulega liði í hárinu.



Grillið
Á HÓTEL SÖGU

ANTON & BERGUR





# 2 gull á Grillið

***Grillið sló í gegn um helgina***

***Atli Már, kom sá og sigraði og er matreiðslumaður ársins 2015***

***Vinningskokteill Food and fun 2015 er hannaður af Andreu Benediktsdóttur***

***Til hamingju með þennan flotta árangur***

***Við tökum vel á móti þér á Grillinu***

*– alltaf á toppnum*




***www.grillid.is***

FRÉTTABLAÐIÐ
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR
RITSTJÓRN 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is PRENTUN Ísafoldarprentsmiðja
9 771670 387005
Póstdreifing
DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 800 1177

Opið allan sólarhringinn í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Flóra á HönnunarMars

**Hildur Yeoman** fatahönnuður sýnir nýju línuna sína, „Flóra“, þann 12. mars á HönnunarMars. Hún segir galdra og sterkar kvenfyrirmyndir vera helsta innblástur línunnar. Í fyrra komust færri að en vildu þegar Hildur sýndi línuna sína Yulia sem var innblásin af ævi ömmu Hildar. Í ár verður sýningin í Vörðuskóla á Skólavörðuholti. Í anddyrinu má finna tignarlegar tröppur sem munu leika stórt hlutverk í sýningunni. **- hkh**



### Á þorrablóti í Seattle-borg

Tónlistarmaðurinn **Haffi Haff** tróð upp á þorrablóti Íslendingafélagsins í Seattle-borg í Bandaríkjunum um helgina. Haffi ólst einmitt upp þar í borg og stundaði veiðar ásamt föður sínum við strendur Alaska. Góður rómur var gerður að frammistöðu Haffa á blótinu en meðal gesta á hátíðinni var fyrrverandi NBA-leikmaðurinn Pétur Guðmundsson. Pétur, sem lék meðal annars með Los Angeles Lakers, er búsettur borginni Lake Stevens, en hún er í tæplega sextíu kílómetra fjarlægð frá Seattle. Á þorrablótinu gæddu gestir sér á alvöru íslenskum þorramat auk þess sem haldið var happdrætti þar sem ferð til Íslands var fyrsti vinningur. **- kak**



## Mest lesið vísir

1 Skutu heimilislausan mann til bana
2 Samvinnan skilaði sínu: Eins árs barn hætt komið
3 Brelfie nýjasta æðið á Facebook
4 Þrjú og hálft ár í fangelsi fyrir að nauðga fjórtán ára stúlku
5 Smíði draumalestar Elon Musk hafin
6 Ók á tólf ára dreng í Hlíðunum og stakk af




